

SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR 1998

**SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR
UM STARFSEMINA SÍÐASTA STARFSÁR.**

LÖGÐ FRAM Á 14. ÞINGI RSÍ 22. – 23. APRÍL 1999.

Efnisyfirlit

Miðstjórn og sambandsstjórn	3	
Starfsnefndir RSÍ	4	
Látir félagar	7	
Starfsemin	9	
Skrifstofan	10	
Félagafjöldi	11	
Fréttir úr starfinu	11	
Viðhorfskönnun	11	
Fundir	13	
Skipulagsmál	13	
FÍS gengur í RSÍ	14	
FÍR og RFÍ sameinast	15	
Aðalfundir RFN og FÍR	16	
Félög rafvirkja gefa kennslutæki	17	
RSÍ blaðið og heimasíðan	17	
Íslensku tölvuverðlaunin	18	
Alþýðutrygging	18	
Golfmót RSÍ	19	
Fjölskylduhátíðin 1998	19	
Háaleitisbraut seld	19	
Þjálfun trúnaðarmanna	21	
Atvinnuástandið	22	
Breytingar í orkugeiranum	23	
Ákvæðisvinnan	25	
Kjarasamningar	25	
Fjölskyldulíf - Atvinnulíf	27	
Næstu kjarasamningar	30	
Tecnopromdeilan	33	
Fræðslustarfið	36	
Aðför að Tækniskólanum	37	
Rafiðnaðarnemar	38	
Orlofshúsin		35
Yfirlit um rekstur	39	
Apavatn	41	
Erlend samskipti	43	
Samtök símamanna ganga í samb. rafiðnaðarmanna	43	
Lífeyrissjóðurinn Lífið	49	
Styrktarsjóður	50	
Niðurlag	51	

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands og trúnaðarmenn þess, kjörtímabilið 1996-1999 kjörnir á 13. þingi sambandsins 1996.

Formaður:	Guðmundur Gunnarsson	FÍR	Framkv.stjórn RSÍ
Varaformaður:	Þórir Hermannsson	FRV	“
Ritari:	Helgi Jónsson	RFN	“
Gjaldkeri:	Rúnar Bachmann	FÍR	“

Meðstjórnendur:

Kristján Valtýsson	RFS
Haukur Ágústsson	FRV
Frosti Frostason	FÍR
Páll Valdimarsson	RFÍ
Smári Jónasson	FÍR
Haraldur Jónsson	FÍR
Sigurjón Jóhannesson	FSVK
Valgeir Jónasson	FRV
Þorsteinn Þorsteinsson	FRS
Karvel Ögmundsson	FTR
Aðalfundur FNÍR	FNÍR

Varamenn í miðstjórn:

Björn Ágúst Sigurjónsson	FÍR	Reykjavík
Ómar Baldursson	FRS	Suðurland
Oddur Sigurðsson	FRV	Reykjavík
Brynjar Hermannsson	RFN	Norðurl. eystra
Haflíði S. Sívertsen	FTR	Reykjavík
Helgi Þorvaldsson	RFÍ	Reykjavík
Ísleifur Tómasson	FÍR	Reykjavík
Þröstur Árnason	FSVK	Reykjavík
Arnoddur Jónsson	RFS	Suðurnes
Davíð E. Sigmundsson	FRV	Reykjavík
Aðalfundur FNÍR	FNÍR	Reykjavík

Sambandsstjórn:

Bjarni Árnason	FÍR	Vesturland
Sigurður Óskarsson	RFN	Norðurl. eystra
Magni B. Sveinsson	FÍR	Austurland
Sigþór Óskarsson	RFS	Suðurnes
Arngrímur Magnússon	FÍR	Vestmannaeyjar
Einar Sigurgeirsson	FÍR	Reykjavík
Óli Þór Jónsson	FÍR	Vestfirðir
Þór Ottesen	FÍR	Reykjavík
Þórarinn Ólafsson	FRV	Suðurlandi
Helgi R. Gunnarson	FRV	Reykjavík
Guðmundur Æ. Guðmundsson	FÍR	Reykjavík
Elmer H. Elmers	RFÍ	Reykjavík

Varamenn í sambandsstjórn:

Bjarni Sigfússon	FÍR	Reykjavík
Jónas Þ. Sigurgeirsson	FÍR	Norðurl. vestra

Kristinn Hermannsson	FRS	Suðurland
Sigurður Hallvarðsson	FÍR	Reykjavík
Halldór Hansson	FÍR	Reykjavík
Sveinn Jónsson	RFN	Norðurl. eystra
Þórður Bachmann	FÍR	Vesturland
Valtýr Guðbrandsson	RFS	Suðurnes
Anna Kristveig Arnardóttir	FRV	Norðurl. eystra
Jón Þór Kristmannsson	FÍR	Reykjavík
Eyjólfur Óskarsson	RFÍ	Reykjavík
Sigurður Karlsson	FÍR	Austurland

Skoðunarmenn RSÍ

	Sigurður Steinarsson	FÍR
	H. Erlingur Tómasson	FRV
Til vara:	Elmer H. Elmers	RFÍ

Í stjórn Lífeyrissjóðsins Lífiðnar:

Aðalmaður:	Þórir Hermannsson	FRV
Til vara:	Oddur Sigurðsson	FRV
Aðalmaður:	Haraldur Jónsson	FÍR
Til vara	Guðmundur Gunnarsson	FÍR

Skoðunarmenn Lífeyrissjóðs rafiðnaðarmanna:

	Sigurður Steinarsson	FÍR
Til vara:	Sveinn Jónsson	RFN

Aðrar starfsnefndir RSÍ, stjórnir aðildarféлага og fulltrúar sambandsins í nefndum :

Starfsnefndir miðstjórnar

Formenn kjörstjórna vegna stjórnarkosninga aðildarféлага : Bjarni Sigfússon og Leó Ingólfsson, aðildarfélag tilnefna auk þeirra tvo menn í kjörstjórnir.

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga : Bjarni Sigfússon, Elín Fríða Sigurðardóttir og Sigurður Geirsson.

Launanefnd RSÍ : Þórir Hermannsson, Rúnar Bachmann og Haraldur Jónsson.

Laga- og skipulagsnefnd RSÍ : Rúnar Bachmann, Guðmundur Gunnarsson og Helgi R. Gunnarsson
Reglugerðir Styrktar- og lífeyrissjóðs : Þórir Hermannsson, Haraldur Jónsson, Helgi R. Gunnarsson.

Orlofsnefnd RSÍ : Björn Ágúst Sigurjónsson, Jón Þór Kristmannsson og Runólfur Þorláksson

Stjórn Furulundar : Björn Ágúst Sigurjónsson. Stjórn Einarstaða : Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Ölfusborga : Þór Ottesen. Stjórn Vatnsfjarðar : Haraldur Jónsson

Atvinnuleysisbótanefnd : Helgi R. Gunnarsson, Elín Fríða Sigurðardóttir og Sigurður Hallvarðsson

Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs : Sigurður Hallvarðsson, Bjarni Sigfússon og Helgi R. Gunnarsson

Ákvæðisvinnunefnd rafiðna : Guðmundur Gunnarsson og Þorvarður Hjaltason

Golfmótanefnd : Stefán Ó. Guðmundsson, Björn S. Björnsson, Garðar Árnason og Víðir Tómasson

Stjórn Eignarhaldsfélags Alþýðubankans : Rúnar Bachmann

Stjórnir aðildarféлага

Stjórn Félags íslenzkra rafvirkja : Haraldur Jónsson form., Guðmundur Gunnarsson varaform., Þór Ottesen ritari, Björn Ágúst Sigurjónsson galdkeri, Jón Þór Kristmannsson, Ísleifur Tómasson, Stefán Sveinsson meðstjórnendur.

Stjórn Félags rafeindavirkja : Þórir Hermannsson form., Haukur Ágústsson varaform., Davíð E. Sigurðsson ritari, Björgvin Sveinsson gjaldkeri, Andri Jóhannesson, Oddur Sigurðsson, Þórir

Steingrímsson meðstjórnendur.

Stjórn Rafvirkjafélags Norðurlands : Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Ingvi Þór Björnsson ritari, Þröstur Vatnsdal Axelsson gjaldkeri Vigfús Ingi Hauksson meðstjórnandi.

Stjórn Rafveituvirkjafélags Íslands : Páll Valdimarsson form., Eyjólfur Óskarsson varaform., Elmer H. Elmers ritari, Brynjar Svansson gjaldkeri, Helgi Þorvaldsson, Heimir Ólason, Guðjón I. Jónsson meðstjórnendur.

Stjórn Félags Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi : Ómar Baldursson form., Halldór Gunnarsson varaform., Kristinn Hermannsson ritari, Birkir Pálsson gjaldkeri, Guðjón Guðmundsson meðstj., Guðmundur Lýðsson og Magnús Gíslason varastj.

Stjórn Rafiðnaðarfélagss Suðurnesja : Arnoddur Jónsson form., Ragnar Guðbjartsson varaform., Valtýr Guðbrandsson ritari, Sigþór Óskarsson gjaldkeri, Helgi Hilmarsson meðstjórnandi.

Stjórn Félags sýningarmanna við kvikmyndahús : Pétur Pétursson form., Kristinn Eymundsson ritari, Þröstur Árnason gjaldkeri, Gísli Karlsson og Einar Kristinsson meðstjórnendur.

Stjórn Tæknifólks í rafiðnaði : Hafliði Sívertsen form., Jón Þór Víglundsson varaform., Guðni Ingi Johnsen ritari, Magnús Egilsson gjaldkeri, Anna Melsted meðstjórnandi

Stjórn Félags símsmiða : Sigurgeir Ólafsson form., Guðjón Símonarson varaform., Davíð Arngrímsson, Sigurður L. Björgvinsson og Jón Örn Sigurðsson meðstjórnendur, Guðmundur Gíslason og Sveinn Björgvin Larsson varastjórnendur.

Stjórn Félags nema í rafiðnum : Borgþór Hjörvarsson form., Viðar M. Þorsteinsson varaform., Sigurður Gunnlaugsson ritari, Kristján Helgason gjaldkeri, Andri Örvar Baldvinsson, Ragnar Svanlaugsson, Stefán Þór Sigurðsson meðstjórnendur.

Mennta- og fræðslunefndir

Iðnráð Reykjavíkur Sigurður Hallvarðsson fyrir rafvirkja og Bjarni Sigfússon fyrir rafvélavirkja

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík : Björn Ágúst Sigurjónsson

1. maí nefnd í Reykjavík : Þór Ottesen, 1. maí nefnd á Akureyri : Helgi Jónsson

Sveinsprófsnefnd sterkstraum : Aage Steinsson, Einar Hallfreðsson, Guðmundur Þorgrímsson, Ívar Þorsteinsson, Ólafur Sigurðsson, Ómar Hannesson, Sigurður Sigurðsson, Valdimar Gestsson, til vara frá RSÍ v. rafvirkja, Jens Björgvin Helgason og Þorvarður Hjaltason

Sveinsprófsnefnd veikstraum : Gunnlaugur S. Gunnarsson, Jón Ingi Einarsson, Kristján Pétursson, Reynir Valdimarsson, Sigurður Harðarson, Þórunn S. Jónsdóttir.

Menntanefnd rafiðnaðarins (skólanefnd Rafiðnaðarskólans) :

Guðmundur Gunnarsson (RSÍ), Rúnar Bachmann (Eftirmenntun rafiðna), Haraldur Jónsson.

(formaður FÍR), Kristján Páll Þórhallsson (Eftirmenntun rafeindavirkja) eða Ásgeir Arnoldsson

(Eftirmenntun rafeindavirkja), Þórir Hermannsson. (formaður FRV), Páll Valdimarsson (formaður

RFÍ), Ólafur Hermannson (Eftirmenntun rafveituvirkja), Hafliði Sívertsen (form. FTR), Pétur

Pétursson (Form. FSK), Jón Örn Sigurðsson (Eftirmenntun símsmiða)

Eftirmenntunarnefnd rafiðna, Fagnefnd rafiðna : Guðmundur Gunnarsson og Rúnar Bachmann, til vara Ísleifur Tómasson, Ómar Hannesson og Ingólfur Árnason

Eftirmenntunarnefnd rafeindavirkja : Ásgeir Arnoldsson, Kristinn Páll Þórhallsson, Pétur E. Aðalsteinsson, Sveinn Jónsson

Fagnefnd Rafeindavirkja : Ásgeir Arnoldsson, Birgir Benediktsson, Gunnlaugur Gunnarsson, Kristinn Páll Þórhallsson, Pétur E. Aðalsteinsson, Sveinn Jónsson, Þórir Hermannsson

Eftirmenntunarnefnd rafveituvirkja, Fagnefnd rafveituvirkja : Brynjar Svansson, Guðmundur Valsson, Ólafur Hermannsson, Páll Valdimarsson, Þórður Guðmundsson

Eftirmenntunarnefnd símsmiða : Guðmundur Gíslason, Jón Örn Sigurðsson, Kristinn Einarsson, Páll Jónsson

Fagnefnd símsmiða : Guðjón Símonarson, Guðlaug Ólafsdóttir, Guðmundur Gíslason, Jón Örn Sigurðsson, Kristinn Einarsson, Páll Jónsson

Eftirmenntunarnefnd sýningarmanna, Fagnefnd sýningarmanna : Björn Sigurðsson, Pétur Pétursson, Sigurjón Jóhannesson, Þröstur Árnason

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans :Guðmundur Gunnarsson og Valgeir Jónasson
Framkvæmdastjórn Fræðslumiðstöðvar rafiðna :Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannesson
Skólanefnd VT-skólans : Guðmundur Gunnarsson, Jón Árni Rúnarsson
Starfsgreinaráð rafiðnaðarins : Guðmundur Valsson, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Hafliði Sívvertsen, Jón Árni Rúnarsson, Jón Örn Sigurðsson, Kristinn Einarsson, Ómar Hannesson, Páll Valdimarsson, Runólfur Þorláksson, Þorvaldur Árnason, Þórunn Stefanía Jónsdóttir, Þröstur Árnason.
Starfsmenntaráð. Félagsmála ráðuneyti : Guðmundur Gunnarsson
Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi. Menntamálaráðuneyti : Guðmundur Gunnarsson til vara Jón Árni Rúnarsson
Skólanefnd : Tækniskóla Íslands : Rúnar Bachmann
Skólanefnd : Iðnskólans í Reykjavík : Sigurður Geirsson
Rafstaðalfélagið : Sigurður Geirsson
Rafstaðalráð : Rúnar Bachmann til vara Guðmundur Gunnarsson
Stjórn Fjölmíðlasambandsins : Helgi R. Gunnarsson, Guðmundur Gunnarsson til vara.

Nefndir á vegum ASÍ

Miðstjórn ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, til vara Haraldur Jónsson
Sambandsstjórn ASÍ kjörnir á 13. þingi RSÍ : Kristján Valtýsson til vara Frosti Frostason
Sambandsstjórn ASÍ kjörnir á 38. þingi ASÍ: Þórir Hermannsson og til vara Páll Valdimarsson
Lífeyrisnefnd ASÍ : Þórir Hermannsson til vara Haraldur Jónsson
Atvinnumálanefnd ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, Helgi R. Gunnarsson til vara Helgi Jónsson
Skipulagsnefnd ASÍ : Helgi R. Gunnarsson til vara Guðmundur Gunnarsson
Vinnuverndarnefnd : Björn Ágúst Sigurjónsson til vara Þór Ottesen
Alþjóðanefnd ASÍ : Helgi R. Gunnarsson til vara Guðmundur Gunnarsson
Laganefnd ASÍ : Guðmundur Gunnarsson
Jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ : Jón Þór Kristmannsson til vara Hafliði Sívvertsen
Kynningar- og útbreiðslunefnd ASÍ : Stefán Ó. Gunnarsson til vara Þór Ottesen

Stjórn Landssambands lífeyrissjóða : Þórir Hermannsson formaður
Stjórn Vinnueftirlitsins : Stefán Ó. Guðmundsson
Stjórn Iðntæknistofnunar : Guðmundur Gunnarsson
Framleiðniefnd, Iðnaðarráðuneyti: Guðmundur Gunnarsson
Rannsóknarráð, Iðnaðarráðuneyti: Rúnar Bachmann
Kaupskrárnefnd, Keflavíkurflugvelli : Magnús Geirsson
Félagsdómur : Magnús Geirsson til vara Sigurbergur Hávarðarson

FRÁ SÍDASTA SAMBANDSSTJÓRNARFUNDI HAFA ÞESSIR FÉLAGAR LÁTIST:

Jón Þorkelsson

Fæddur 2/8 1922 dáinn 8/2 1998. Jón lærði rafvirkjun hjá Sigurði Bjarnasyni og lauk sveinsprófi árið 1952. Jón vann lengst af hjá Varnarliðinu, í um 40 ár. Þá var hann trúnaðarmaður rafvirkja hjá Sameinuðum verktökum. Jón var í rafveitunefnd Vatnsleysustrandarhrepps, og starfaði einnig að viðhaldi fyrir rafveituna þar.

Jónas Haraldsson

Fæddur 30/1 1916 dáinn 25/4 1998. Jónas lærði rafvirkjun hjá Jónasi Magnússyni í Reykjavík og lauk sveinsprófi 1948. Lengst af starfaði hann að iðn sinni hjá Jóhan Rönning h.f. og síðan hjá Ljósvirki h.f.

Birgir Óskarsson

Fæddur 19/7 1939 dáinn 19/6 1998. Birgir lauk námi í Loftskeytaskólanum og starfaði síðan sem loftskeytamaður á skipum SÍS. Hann vann m.a. hjá Flugradíóinu á Höfn, var á togaranum Ögri um 15 ára tíma. 1985 réði hann sig til Lóranstöðvarinnar á Gufuskálum en síðast starfaði hann hjá Ratsjárstofnun.

Ólafur Arnars

Fæddur 21/9 1946 dáinn 26/6 1998. Ólafur vann m.a. við Sigölduvirkjun og um tíma hjá Varnarliðinu. Lengst af starfaði hann sjálfstætt sem rafverktaki.

Sveinn Auðunn Jónsson

Fæddur 17/4 191957 dáinn 19/7 1998. Sveinn Auðunn lærði símvmirkjun hjá Landsíma Íslands og starfaði þar um árabil. Hann vann m.a. hjá Ístel, símvmirkjanum og Nýherja.

Ólafur Thoroddsen

Fæddur 29/7 1918 dáinn 5/8 1998. Ólafur lærði rafvirkjun. Meistari hans var Eiríkur Ormsson. Sveinsprófi lauk Ólafur 1947. Starfaði m.a. hjá Br. Ormsson h.f., hjá Júlíusi Björnssyni, Starfaði frá 1949 hjá Eimskip, sem rafvirki, ýmist til sjós eða lands, þar til hann lét af störfum 1988

Jón Kristinn Vilhjálmsson

Fæddur 18/4 1929 dáinn 10/8 1998. Jón Kristinn nam rafvirkjun við Iðnskólann á Akureyri. Meistari hans var Eyjólfur Þórarinnsson. Jón Kristinn lauk sveinsprófi 1953. Var um tíma ritari Rafvirkjafélags Akureyrar.

Ólafur Oddgeirsson

Fæddur 30/3 1929 dáinn 12/8 1998. Ólafur lærði rafvirkjun við Iðnskólann í Vestmannaeyjum. Meistari hans var Lárus Guðmundsson. Lauk sveinsprófi 1951. Meistarabréf 1956. Vann m.a. hjá Neista s.f. Kjarna s.f., Fiskiðjunni h.f. Vörumarkaðinum, Gunnari Ásgeirssyni og Prentsmiðjunni Odda h.f. Sat oft í prófnefndum og sem formaður prófnefnda.

Leifur Sigurðsson

Fæddur 22/7 1929 dáinn 19/8 1998. Leifur nam rafvirkjun og lauk sveinsprófi 1951. Var Þorlákur Jónsson meistari hans. Leifur vann lengst af hjá Hauki og Óla, eða í um 35 ár. Leifur starfaði sjálfstætt á árunum 1987-1991., en gerðist síðan rafvirkjameistari hjá Iðnskólanum í Reykjavík. Leifur sat lengi í trúnaðarmannaráði Félags íslenskra rafvirkja og hlaut gullmerki félagsins.

Guðmundur Jensson

Fæddur 3/7 1917 dáinn 30/8 1998. Guðmundur lauk sveinsprófi í rafvirkjun 1944. Meistari hans var Halldór Ólafsson. Guðmundur kenndi rafmagnsfræði við vélanámskeið Fiskifélags Íslands 1950-1960. Var stundakennari við Iðnskólann í Reykjavík 1960-1967, og yfirkennari rafiðna frá 1975. Guðmundur var í prófnefnd rafvélavirkja í um 12 ár.

Gísli Ágústsson

Fæddur 6/5 1926 dáinn 15/9 1998. Lauk sveinsprófi í rafvirkjun 1947. Meistari hans var Haraldur Eiríksson. Fékk löggildingu 1951. Gísli rak lengst af kælitækjapjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Þorsteinn Þorsteinsson

Fæddur 9/9 1944 dáinn 3/1 1999. Þorsteinn var mikill áhugamaður um félagsmál. Hann hefur verið í forystusveit rafiðnaðarmanna nánast frá því að hann tók sveinspróf í rafvirkjun 1966. Meistari hans var Skúli B. Ágústsson. Starfaði m.a. hjá Raflögnum s.f. Rafmagnsveitum ríkisins og Rafveitu Selfoss frá 1970. Hann var í stjórn Félags rafiðnaðarmanna á Suðurlandi frá stofnun 1970, ritari 1975 - 1982 og formaður frá 1982 til 1997 að einu ári undanskildu. Þorsteinn sat í miðstjórn Rafiðnaðarsambandsins frá 1983 til dauðadags. Auk þess hefur hann setið í mörgum nefndum fyrir verkalýðshreyfinguna og aðra m.a. var í stjórn Veitustofnana á Selfossi í mörg ár. Hann var í þeim hóp manna sem mótaði Rafiðnaðarsambandið frá stofnun. Þorsteinn sat mörg þing ASÍ og flest þing RSÍ.

Erling Adolf Ágústsson

Fæddur 9/8 1930 dáinn 8/1 1999. Nam rafvirkjun við Iðnskóla Vestmannaeyja og lauk sveinsprófi 1953 Meistari hans var Lárus Guðmundsson. Var einnig með sveinspróf í útvarpsvirkjun. Lærði hjá Hauki og Eggerti. Starfaði við viðgerðir á kæli- og heimilistækjum og einnig við verslunarstörf.

Jón Árnason

Fæddur 1/4/1953 dáinn 23/1 1999. Jón lauk símverkjánaði 1986. Varð símverkjameistari 1989. Var skipaður tæknifulltrúi hjá Landsímanum þar sem hann starfaði til æviloka.

Bjarni Júlíusson

Fæddur 30/4 1931 dáinn 18/2 1999. Bjarni nam rafvirkjun og lauk sveinsprófi 1957. Meistari hans var Jón J. Guðjónsson. Bjarni starfaði m.a. hjá Ljósblíki og Johan Rönning en starfaði síðan til æviloka hjá Landsvirkjun. Bjarni vann mikið að félagsmálum stéttarfélags síns. Var m.a. í stjórn Lífeyrissjóðs rafiðnaðarmanna 1975-1990. Sat í kjörnefndum og var endurskoðandi Félags íslenskra. rafvirkja í áratugi. Hann var lengi í trúnaðarmannaráði FÍR. Þá sat Bjarni flest þing Rafiðnaðarsambandsins, var varamaður í miðstjórn og einnig í sambandsstjórn. Bjarni var árum saman trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna hjá Landsvirkjun. Hann var hlaut gullmerki FÍR 1987.

Árni Sædal Geirsson Fæddur 22/3 1948 dáinn 11/4 1999. Árni lauk sveinsprófi sem símsmiður og starfaði um langt árabil hjá Landsímanum

Geir Ísleifur Geirsson Fæddur 20/5 1922, dáinn 19/4 1999. Geir lauk sveinsprófi í rafvirkjun 1948. Starfaði lengst af hjá Varnarliðinu.

Sigurgeir Svanur Eyvindsson Fæddur 28/5 1931, látinn 24/2 1999 Nam rafvirkjun og lauk sveinsprófi 1953. Meistari hans var Sigurður Bjarnason. Starfaði hjá Segli og Skeljungu.

STARFSEMIN.

Stjórnar- og félagsfundir

Miðstjórn heldur fundi a.m.k. einu sinni í mánuði að undanskildum sumarmánuðum, haldnir voru 9 fundir frá síðasta sambandsstjórnarfundum. Auk þess hélt framkvæmdastjórn nokkra fundi. Allir almennir félagsfundir eru nú orðið, utan aðalfunda aðildarféлага, undantekningalaust haldnir á vegum RSÍ. Kjarasamningar innan RSÍ eru sameiginlegir og eru afgreiddir í sameiginlegum atkvæðagreiðslum þvert á aðildarfélög innan RSÍ. Búin er til kjörskrá sem miðast við þá sem vinna á viðkomandi kjarasamning. Hver samningur er heildstæður og sjálfstæður samningur.

Þetta er sama skipulag og er viðhaft innan hinna rafiðnaðarsambandanna á norðurlöndunum. RSÍ er eina landsambandið hér á landi sem hefur þetta fyrirkomulag við afgreiðslu kjarasamninga, í öðrum landssamböndum er það hvert aðildarfélag sem afgreiðir hvern kjarasamning fyrir sig. Í flestum tilfellum er um að ræða einn aðalkjarasamning viðkomandi félags og síðan eru í einhverjum tilfellum samið um kálfa út frá honum. Rafiðnaðarsambandið var eina heildstæða starfsgreinasambandið hér á landi og hefur það fyrirkomulag marga augljósa kosti í för með sér, sérstaklega við skipulag starfsmenntunar í starfsgeiranum og eins nýtast eftirmenntunarnámskeið fyrir allar starfsgreinar í geiranum. Matvís hefur verið byggt upp með sama skipulagi og RSÍ.

Málafjöldi sem tekin er fyrir á miðstjórnarfundum hefur vaxið mikið á undanförunum árum, með auknum fjölda funda hafa þau vinnubrögð verið tekin upp að leggja fleiri mál og málefni sem snúa að daglegum rekstri fyrir stjórn og miðstjórn til afgreiðslu. Umfangsmiklum málaflokkum er vísað í starfsnefndir þ.e. orlofsnefnd, ritnefnd, laganefnd og úthlutunarnefnd styrktarsjóðs, auk annarra nefnda sem starfa í samráði við meistarafélagið. Þetta fyrirkomulag hefur leitt til meiri valddreifingar og virkara stjórnkerfis innan sambandsins.

Þátttaka rafiðnaðarmanna í sameiginlegri starfsemi verkalýðshreyfingarinnar er mikil, auk þess að við eigum fulltrúa í nokkrum nefndum hins opinbera og í sameiginlegum nefndum norræna rafiðnaðarmanna og norræna og evrópska byggingarsambandinu. Þetta kostar tíma og fjárútlát, en gefur okkur tækifæri til þess að hafa viðtækari áhrif á framvindu mála og aðstæður til þess að koma sjónarmiðum okkar mjög víða á framfæri.

Skrifstofan

Starfsemi skrifstofunnar verður sífellt margþættari m.a. sakir þess að lögð hefur verið á það áhersla undanfarið ár, að félagsmenn sjái sér hag í því að vera innan samtaka rafiðnaðarmanna frekar en litið sé á það sem skyldu. Mjög mikil fjölgun hefur verið á félagsmönnum undanfarið ár eftir nánast kyrrstöðu á meðan niðursveiflan ríkti á árunum 1991 – 1995. En við höfum við einnig orðið að vísa mörgum frá sem sótt hafa í RSÍ vegna skipulags ASÍ.

Nokkuð hefur borið á því að verktakar hafi sótt inn sambandið vegna hagstæðra námskeiðsgjalda og styrkja frá Styrktarsjóð, og viljað greiða afturvirkta félagsgjöld til þess að öðlast full réttindi strax. Þessir aðilar hafa svo gefið upp laun sem eru lægri en lægstu taxtar á vinnumarkaði. Nú hafa verið settar strangari reglur um inngöngu í sambandið. Það er leitt til þess að vita að til séu aðilar, sem hiklaust ætlast til þess að fá að njóta alls þess sem fullborgandi félagsmenn hafa skapað án þess að taka þátt í að greiða fyrir það.

Samskipti á vinnumarkaði hafa harðnað, vinnuveitendur hafa breytt túlkunum sem úðkast hafa áratugum saman. Sífellt fleiri fyrirtæki ráða sér starfsmannastjóra, það virðist svo að kennsla í kjarasamningum og samskiptum á vinnumarkaði innan viðskipta- og lögfræðideilda Háskólans sé verulega áfátt, en flestir starfsmannastjórar eru menntaðir þaðan. Þetta hefur orðið til þess að málarekstur sambandsins gagnvart atvinnurekendum hefur orðið umfangsmeiri og tímafrekari.

Sambandið hefur aðgang að lögmönnum ASÍ og eru þeir nýttir þegar upp koma deilur vegna túlkana á

kjarasamningum, en þegar upp koma deilur vegna launa eða innheimtu gjalda þá sjá lögmenn sambandsins, þ.e. Löggarður og Lára V. Júlíusdóttir, um þau mál. Rafiðnaðarsambandið hefur á undanförunum árum unnið markvisst að því að þjálfa upp trúnaðarmenn sambandsins og hefur verið varið til þess hundruðum þúsunda króna á ári.

Starfsmenn RSÍ

Guðmundur Gunnarsson form. kjarasamn. og samskipti út á við; ASÍ, nefndarstörf og norræn samskipti. Helgi R. Gunnarsson framkv.stj. dagleg stjórnun á skrifstofu, kjarasamningar og nefndarstörf. Sigurður Hallvarðsson gjaldkeri, atvinnuleysistr. og styrktarsj. útsendingar og umsjón kjörskráa. Þór Ottesen og Ísleifur Tómasson samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, viðhald orlofshúsa. Hulda Jakobsdóttir ritari, bókhald, útleiga orlofshúsa. Við inngöngu Félags símamanna var skrifstofu félagsins lokað og starfsmaður Halldóra Guðmundsdóttir fluttist tímabundið á skrifstofu RSÍ.

Starfsmaður Ákvæðisvinnustofu : Þór Ottesen

Starfsmenn innheimtudeildar : Elín Sigurðardóttir framkv.stj., bókhald, afgr. atv.leysisbóta. Anna María Hannesdóttir færsla innheimtukerfis Fjóra Þorvaldsdóttir færslur innheimtukerfis, bókhald aðildarfélag, umsjón orlofsumsókn. Sigrún Magnúsdóttir ritari. um áramótin var innheimtustofa Matvís sameinuð innheimtustofu rafiðnaðarmanna við það fluttist Ásta Kristjónsdóttir starfsmaður hennar til okkar.

Starfsmenn Lífiðnar : Friðjón Þórðarson framkv.stj., innheimtumál, ávöxtun verðbréfa, Bjarni Sigfússon innheimtumál, umsjón lífeyrissjóðs. Gunnar Árnason bókhald, uppfærslur verðbréfa, Unnur Magnúsdóttir bókhald lífeyrissj. Sigrún og Anna María eru í hálfu starfi

Fulltrúar á landsbyggðinni : Bjarni Árnason starfar nokkrar klst. á viku á skrifstofu á Akranesi og Helgi Jónsson ásamt stjórnarmönnum sínum í RFN sjá um skrifstofuna á Akureyri. Ómar Baldursson ásamt stjórnarmönnum sínum í FRS sjá um skrifstofuna á Selfossi og Arnoddur Jónsson um málefni sambandsins á Suðurnesjum, Sigurður Björnsson í Borgarnesi, Sigurður fluttist til Noregs á vordögum 1999 og þá tekur við Þórður Bachmann, Júlía Björk Þórðardóttir á Ísafirði, Ingimar Hólm Ellertsson og Frosti Frostason á Sauðárkrók, Vigfús Ingi Hauksson Siglufirði, Magni B. Sveinsson á Neskaupstað, Sigurður Karlsson á Höfn, Gunnar Jónsson Kirkjubæjarklaustri, og Arngrímur Magnússon í Vestmannaeyjum.

Starfsmenn Rafiðnaðarskólans : Sigurður Geirsson framkv.stj, Jón Árni Rúnarsson framkv.stj., Guðfinnur Traustason verkefnastj., Haukur Konráðsson verkefnastj., Þórdís Bergmundsdóttir skrifstofustj., Rannveig Friðriksdóttir ritari og skráning, Hafdís Reinaldsdóttir skráning og umsjón kaffist., Guðmunda Kristinsdóttir verkefnastj., Anna S. Ragnarsdóttir skrifst., Gunnlaugur S. Gunnarsson netumsjón, kennsla. Logi Halldórsson útbreiðsla, auglýs. Auk þess er skólinn með samninga við u.þ.b. 25 kennara, sem hver um sig sér um ákveðin námskeið.

Fræðslumiðstöð rafiðnaðarins : Ísleifur Árni Jakobsson.

Starfsmenn Viðskipta- og tölvuskólans : Jón Árni Rúnarsson skólastjóri Fjóra Hauksdóttir verkefnastj., Jón B. Georgsson verkefnastj., Erna Sigfúsdóttir verkefnastj., Jóhanna Gautsdóttir verkefnastj., Hróbjartur Árnason verkefnastj., Guðjón Stefánsson kennari, Ragnheiður Brynjólfsson kennari. Auk þess er skólinn með samninga við yfir 20 kennara.

FÉLAGAFJÖLDI.

Í aðildarfélagum sambandsins voru 1997 og 98 :

<i>FÉLAG</i>	<i>Alls 1997</i>	<i>Par af konur 1997</i>	<i>Skattsk · Alls 1997</i>	<i>Alls 1998</i>	<i>Par af konur 1998</i>	<i>Skattsk · alls 1998</i>
Félag íslenskra rafvirkja	1054	7	924	1096	5	959
Félag rafeindavirkja	580	13	521	618	14	545
Rafiðnaðarfélag Norðurlands	116	0	106	130	0	115
Félag rafiðnaðarmanna Suðurl.	78	0	69	79	0	67
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	62	0	53	70	0	63
Rafveituvirkjafélag Íslands	142	0	118	139	0	123
Félag tæknifólks í rafiðnaði	148	20	121	197	23	149
Fél. Sýningarm. v/ kvikm.hús	22	1	20	24	1	20
Félag símsmiða	168	5	165	197	5	169
Félag nema í rafiðnum	246	4	161	332	2	249
Samtals	2.616	50	2.258	2865	50	2459

Undanfarin ár hefur félagsmönnum okkar farið fjölgandi eftir kyrrstöðu í nokkur ár þar á undan. Sú fjölgun er að hluta til kominn vegna inngöngu símsmiða í RSÍ. En vegna gífurlegs uppgangs í byggingariðnaði þá er mikil fjölgun meðal rafvirkja. Þar eru að koma fram rafvirkjar sem hurfu til annarra starfa á meðan niðursveiflan var 1991 – 1994. Einnig hefur töluvert borið á því að tölvuðir og tölvurekstrarumsjónarmenn sækji inn í sambandið. Margt af því fólki er með sveinspróf í rafiðnaðargrein eða þá einhvern hluta af rafiðnaðarnámi. Ef spár okkar rætast þá eru líkur á að félagsmönnum okkar fjölgi um 7 – 10% á ári fram yfir aldamót. Starfsmenn hafa orðið varir við að margir af þeim sem starfað sem undirverktakar, eða eru einstæðir verktakar sækji fast inn í sambandið.

FRÉTTIR ÚR STARFINU

Viðhorfskönnun meðal félagsmanna RSÍ.

Úrtakið

Lokaverkefni eins hóps í Markaðs- og sölunámi í VT-skólanum var könnun á viðhorfum félagsmanna til Rafiðnaðarsambandsins. Í hópnum voru Arnheiður E. Sigurðardóttir, Anna Vala Arnardóttir, Dóra K. Sigurðardóttir, Elín Erna Ólafsdóttir og Steinunn G. Markúsdóttir. Hér á eftir er farið yfir helstu atriði sem fram komu í greinargerð hópsins. Gerð var símakönnun í handahófsúrtaki úr félagskránni. Úrtaksramminn var 2551 nöfn, þá höfðu verið teknir úr félagskránni þeir sem nýlega höfðu gengið í sambandið. Spurningarnar voru þannig að einstaklingar sem nýlega eru gengnir í sambandið gátu ekki svarað þeim. Aldursdreifingin í úrtakinu endurspeglar vel aldur félagsmanna RSÍ. Minnsti hópurinn eru þeir sem eru yfir 50 ára eða 20%. Afgangurinn skiptist í þrjá nokkuð jafnstóra hópa 40 - 50 ára, 30 - 40 ára og yngri en 30 ára.

Spurningarnar

Markmiðið var að ná til yfir 180 einstaklinga svo niðurstaðan yrði vel marktæk, fjöldi þeirra sem svöruðu voru 196. Könnunin var gerð 24. og 25. marz kl. 17.00 – 21.30 bæði kvöldin. Það kom hópnum á óvart hversu viljugir þátttakendur voru til að svara og hversu vel þeir voru að sér um málefni sambandsins og tóku því fegins hendi að fá tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Spurningarnar voru 25 auk 16 undirliða, þær eru á heimasíðunni. Flestar spurningarnar vörðuðu

skrifstofu RSÍ, forystu RSÍ, kjaramál, áherslur í næstu kjarasamningum, launamál, fjölda yfirvinnustunda og félagsleg réttindi. Einnig voru spurningar sem vörðudu atvinnuöryggi og lífeyrisréttindi.

Viðhorf gagnvart skrifstofunni

Á óvart kom hversu margir höfðu samband við skrifstofu sambandsins eða 88,3%, sem hlýtur að teljast gífurlega hátt hlutfall hjá stéttarfélagi. Þeir voru beðnir að gefa þjónustunni einkunn frá 0 - 5. Tæplega helmingur gaf þjónustunni einkunnina 5 og 30% gaf henni einkunnina 4. Þjónustan fékk því mjög góða einkunn eða 4,17.

Viðhorf gagnvart orlofshúsunum

Meirihluti svarenda höfðu nýtt sér orlofshúsin eða 61,9%, þeir gáfu þeim mjög góða einkunn. 91,7% svarenda gáfu þeim einkunnina 4 og 5. Nokkrar athugasemdir komu fram, þá helst að menn vildu hafa meiri fjölbreytni í stærð húsa og á boðstólunum væru minni og ódýrari hús. Fram kom ákveðinn vilji að heitir pottar væru við öll húsin, taka ætti elstu húsin í gegn. Yfirleitt voru menn ánægðir með úthlutunartímann eða 76,4%, hinir skiptust í jafna hópa sem vildu flýta úthlutun og seinka henni.

Upplýsingar um starfsemina

Félagsmenn töldu RSÍ upplýsa þá vel um starfsemina eða 87,2%. Þeir nefndu fréttablað RSÍ sem kæmi reglulega út og gáfu því háa einkunn. Einnig kom fram að heimasíða RSÍ sé mjög góð og öflug.

Viðhorf gagnvart Rafiðnaðarskólanum

Spurt var um Rafiðnaðarskólann. Yfirgnæfandi meirihluti sagðist einhvern tíma hafa sótt námskeið. En þar sem svarmöguleiki var einangraður við síðustu tvö ár, fékkst ekki eins há tala og annars hefði orðið. 34,9% höfðu sótt námskeið síðustu tvö ár og af þeim 65,7% voru mjög ánægðir og 29,9% voru frekar ánægðir. Þeir töldu erfitt að fá námskeiðin metin til launa, en þau skiluðu betra atvinnuöryggi og menn væru betur í stakk búnir til þess að skipta um störf. Einungis 41% sögðu vinnuveitanda sinn hvetja þá til þess að sækja námskeið. Þó nokkrir sögðu vinnuveitanda draga úr þeim að sækja námskeið t.d. með því að heimila þeim ekki að sækja námskeið í vinnutíma.

Viðhorf gagnvart kjarabaráttunni

Áberandi var hversu margir fylgdust vel með kjarabaráttu RSÍ. Einungis 9,2% sögðust ekki fylgjast með. Forysta RSÍ fékk góða einkunn eða 4,02 af 5 mögulegum fyrir störf sín, m.a. kom fram að menn væru ánægðir að vera í RSÍ það væri eina stéttarfélagið sem reyndi að gera eitthvað í málunum. Félagsmenn voru ekki alveg eins ánægðir með forystuna þegar þeir voru spurðir um árangur í síðustu kjarasamningum, þar fékk hún meðaleinkunnina 3,48. Yfirvinna félagsmanna var frá 0 tímum á mánuði yfir í 200 tíma og launin voru í samræmi við það sem birst hefur í launakönnunum okkar.

60,9% voru á því að nota ætti verkföll í kjarabaráttunni, en tóku þó fram að það ætti einungis að nota þau sem neyðarúrræði. 33,9% vildu alls ekki verkföll. Yfirgnæfandi meirihluti töldu að taka ætti tillit til stöðugleika í þjóðfélaginu þegar verið væri að semja um launahækkunar.

61,3% töldu að RSÍ ætti að standa eitt að sinni kjarabaráttu, en þó nokkrir tóku fram að það ætti þó að meta hverju sinni.

Félagsmenn voru spurðir hvort þeir væru tilbúnir að láta einhver kjaraatriði af hendi gegn hækkun á daglaunum. 39,7% sögðust vera tilbúnir að auka sveigjanleika vinnutíma, 17,9% vildu stytta uppsagnarfrest og 6,1% vildu stytta veikindarétt. En 36,3% vildu ekki láta neitt af réttindum af hendi. Þegar menn voru beðnir að staðsetja 3 atriði á skalanum 1 – 5 sem þeir vildu leggja mesta áherslu á í komandi kjarasamningum. Menn leggja að jöfnu lækkun skatta og hækkun launa, hvort tveggja fékk einkunnina 4,45, stytting dagvinnutíma fékk 3,66.

Menn voru beðnir að staðsetja á skalanum 1 – 5 eftirfarandi atriði, atvinnuöryggi, launakjör, lífeyrisréttindi og félagsleg réttindi. Atvinnuöryggið fékk hæstu einkunn eða 4,64. Þá launakjörin 4,43, lífeyrisréttindin og félagsleg réttindin 4,06. Af félagslegum réttindum voru menn beðnir að staðsetja styrktarsjóðinn, orlofshúsin og fagtengdu námskeiðin. Styrktarsjóðurinn fékk 4,25, þá fagtengdu námskeiðin 4,24 og orlofshúsin 3,81.

Tengsl spurninga

Kannað var hvernig laun dreifðust á aldurshópa. 92% þeirra sem eru undir 30 ár og 81% þeirra sem eru yfir 50 ára hafa minna en 150 þús. kr. í daglaun á mánuði á meðan 46% þeirra sem voru á aldrinum 30 - 49 ára höfðu daglaun sem voru yfir 150 þús. kr.

Ef skoðuð voru heildarlaun þá kom í ljós að 95% þeirra sem voru undir 30 ára og 90% þeirra sem eru eldri en 50 ára voru með undir 250 þús. kr. í heildarlaun á mánuði, á meðan það voru 66% þeirra sem voru á aldrinum 30 - 39 og svo þeir sem eru á milli 40 - 49 ára eru tekjuhæstir því tæpur helmingur eða 49% þeirra er með lægri heildarlaun en 250 þús á mánn.

Þegar skoðuð voru tengsl milli námskeiðssóknar og launa kom í ljós að þar eru mikil tengsl á milli. Það mætti orða á þann veg að þeir sem sækja fagtengd námskeið eru með há laun og tryggja stöðu sína með því að viðhalda þekkingu sinni. 71% þeirra sem ekki höfðu farið á námskeið síðustu tvö ár voru með 150 þús. kr. að lægri laun á mánuði. Aldurshópurinn 40 - 49 er sá hópur sem er með hæstu launin og hann er einnig sá hópur sem sækir flest námskeiðin eða 49% þeirra hafa sótt fagtengd námskeið síðustu tvö ár.

Áhugasamir félagsmenn

Meðan farið var yfir spurningalistann notuðu félagsmenn tækifærið óspart til þess að ræða önnur atriði en þeir voru spurðir um og tók hópurinn sem vann könnunina fram að gaman hefði verið að heyra hversu vel þeir voru inn í hlutunum og höfði margt til málanna að leggja. Fram komu margar ábendingar, áberandi var að margir töldu veikindaréttinn stórlega misnotaðan, það bæri á því að menn bættu þessum dögum við orlofið sitt.

Fundir um land allt.

Skipulag Rafiðnaðarsambandsins leiðir til þess að allir kjarasamningar eru gerðir í nafni sambandsins, ekki einstakra félaga. Einnig eru allir sjóðir sameiginlegir og allur félagslegur rekstur fer fram á vegum sambandsins. Þetta hefur leitt til þess að félagsfundir utan aðalfunda eru undantekningalítið haldnir á vegum RSÍ ekki einstakra aðildarfélaga.

Undanfarin ár hafa verið haldnir fundir á Akranesi, Borgarnesi, Ísafirði, Blönduós, Sauðárkrók, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum, Fáskrúðsfirði, Höfn, Vestmannaeyjum, Selfoss, Keflavík og í Reykjavík auk fjölmargra vinnustaðafunda. Þessir fundir hafa mælst mjög vel fyrir og fundarsókn hefur undantekningalítið verið góð. Á fundina hafa mætt stjórnarmenn úr aðildarfélögum RSÍ og starfsmenn. Samningar hafa verið kynntir og skýrðir, farið hefur verið yfir helstu atriði í rekstri sambandsins, starfsemi sjóða og réttindi félagsmanna í þeim. Framkvæmdir í orlofsmálum og úthlutunarreglur verið kynntar, auk þess sem fjallað hefur verið um málefni fræðslu- og eftirmenntunarnefndanna og Rafiðnaðarskólans. Auk þess hefur á fundum undanfarið verið farið yfir nýtt ákvæðisvinnuforrit og félagsmönnum afhent það sér að kostnaðarlausu.

Skipulagsmál RSÍ

Á síðasta þingi RSÍ var ákveðið að nota þetta kjörtímabil til þess að kanna hvort áhugi væri á því innan sambandsins að gera svipaðar breytingar á skipulagi og gerðar hafa verið í hinum norrænu rafiðnaðarsamböndunum. Þau hafa sum lagt niður þing sín eða minnkað umfang þeirra umtalsvert. Á fundum í miðstjórn og í stjórnnum og trúnaðarráðum aðildarfélaganna og svo á félagsfundum kom fram að enginn áhugi er á því að leggja þing okkar niður. En félagsmenn virðast vera sammála um að þau megi stytta og jafnvel lengja bilið milli þeirra í 4 ár. Áhugi hefur komið fram að í stað þess verði trúnaðarráðstefnurnar fastsettar í lögum RSÍ á hverju hausti. Þar telja félagsmenn að þau fræðsluerindi geti verið sem hafa verið á þingum, það stytta þingtímann.

Skipta má lögum og reglugerðum, þannig að reglugerðum megi breyta á sambandsstjórnarfundum, en aðrar lagabreytingar geti einungis farið fram á þingum. Þar fari fram einnig allar kosningar. Í þessari umræðu er gert ráð fyrir að afgreiða reikninga á sambandsstjórnarfundum í stað þess að vera afgreiða þá 3 ár aftur í tímann á þingum.

Með breytingum á lögum um lífeyrissjóði er búið að flytja alla umræðu, afgreiðslu reikninga og laga og

reglugerða lífeyrissjóðsins á ársfund hans sem fer fram í maí á hverju ári. Það fækkar þeim málum sem þingin þurfi að afgreiða. Þessi stefnumörkun var aðalmál á sambandsstjórnarfundi RSÍ á Akureyri 8. – 9. maí í fyrra og var samþykkt þar. Skipulags- og laganevnd hefur unnið að þessum málum og verða lagðar fyrir 14. þing RSÍ frumvörp varðandi laga- og reglugerðabreytingar

Afmæli Félags rafeindavirkja.

Félag rafeindavirkja átti 70 ára afmæli á árinu og hélt upp á það með útgáfu á glæsilegu afmælisriti og stórglæsilegri og áhugaverðri sýningu í gamla húsi langbylgjustöðvar útvarpsins á Vatnsenda. Það var samdóma álit manna að sú sýning yrði að fá að standa áfram. Í ræðum sem voru fluttar kom m.a. fram að samtök íslenskra rafiðnaðarmanna eru líklega ein best skipulögðu samtök launamanna hér á landi og reyndar á norðurlöndunum, sé vitnað til ummæla forystumanna norrænu rafiðnaðarsambandanna. Ástæða þessarar stöðu okkar er sú að við höfum borið gæfu til þess að eiga framsýna og dugmikla forystumenn, sem hafa haft víðsýni til þess að taka upp skipulag, sem hefur reynst okkur ákaflega vel.

Rafiðnaðarmenn hafa borið gæfu til þess að geta staðið saman að menntamálum. Rafiðnaðarmenn meistara og stjórnendur rafiðnaðarfyrirtækja hafa gert sér grein fyrir því að enginn stenst samkeppni án þess að eiga á að skipa góðu og vel þjálfuðu keppnisliði. Fyrirtæki sem ekki sinna starfsmenntun tapa, fyrirtæki sem borga lág laun helst ekki á góðu starfsfólki og þau ná ekki verkefnum.

Einn helstu grundvöllur framþróunar er þekking á því sem liðið er. Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands ákvað að styrkja ritun sögu útvarpsvirkja, skriftvélavirkja og símavirkja, sem síðar sameinuðust undir merki rafeindavirkja með því að veita Félagi rafeindavirkja 200.000 kr. styrk í þetta verkefni.

Þing Félags íslenskra símamanna samþykkir inngöngu í RSÍ

Félag íslenskra símamanna hélt þing sitt 28. nóvember síðastliðinn. Á þinginu voru lagðar fram þær lagabreytingar sem þarf að gera til þess að samræma lög félagsins lögum RSÍ og þá um leið lögum ASÍ félaganna. Einnig voru lagðar fram breytingar á reglugerðum verkfalls-, eftirmenntunar-, orlofs- og sjúkrasjóða félagsins svo sameina megi þá sjóðum innan RSÍ. Þessi vinna fór af stað síðastliðinn vetur eftir fundahöld í félaginu, þar sem samþykkt hafði verið að hefja undirbúning þess að hægt væri að leggja fram þessi gögn á þinginu. Eins og áður hefur komið fram þá var umsókn FÍS tekin til umfjöllunar á síðasta sambandsstjórnarfundi RSÍ á Akureyri í maí síðastliðnum. Þar var hún samhljóða samþykkt. Næsta skref í ferlinu var aukabing FÍS í september, þar sem samþykkt var að leggja af stað í breytingar á lögum og reglugerðum sem lögð yrðu fyrir þingið.

Algjör samstaða var á þinginu. Í umræðum kom m.a. fram að þar sem Landsímminn væri orðinn að hlutafélagi á almennan vinnumarkaði, væri nauðsynlegt fyrir félagið að aðlaga sig þessari þróun, ætti það að geta tekist á við gerð kjarasamninga í nýju umhverfi. Síðan fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla í FÍS um úrsögn úr BSRB og inngöngu í RSÍ. Tillaga þingsins var samþykkt með margföldum yfirgnæfandi fjölda atkvæða með 11 mótatkvæðum. Inngöngu félagsins þarf síðan að staðfesta á næsta þingi RSÍ.

Ósmekklegr afskipti VR af málefnum rafiðnaðarmanna

Sú þróun hefur átt sér stað í kjölfar einkavæðingar símans á öllum norðurlandanna að samtök símanna hafa gengið í rafiðnaðarsamböndin. Forysta VR hefur sett fram athugasemdir við að félagsmenn FÍS skyldu taka þá ákvörðun í allsherjaratkvæðagreiðslu að ganga úr BSRB yfir í RSÍ og hefur skipulagsnefnd ASÍ að þeirra beiðni skoðað málið. Komst hún að þeirri niðurstöðu að þetta sé í samræmi við starfsgreinaskipulag ASÍ, samruni starfsgreinafélaga í landsamband rafiðnaðarmanna. Forystumenn RSÍ hafa lýst því yfir þeir muni á engan hátt leggja stein í götu þeirra sem vilja vista sig í öðrum stéttarfélögum og hafa lýst sig reiðubúna að mæta á fundi með skipulagsnefnd ASÍ, en VR hefur ætíð komið sér undan að mæta. Forystu VR hefur vikið sér undan að svara þeim rökum sem RSÍ, FÍS og skipulagsnefnd ASÍ hafa sett fram um þetta mál. Í VR-blaðinu í febrúar var birt einungis hluti þess sem fram hefur komið um málið og því lýst svo yfir á yfirlætisfullan hátt, að það sem RSÍ hafa sett fram um málið sé í engu samræmi við raunveruleikann!!

Forystumenn VR eru að reyna að víkja sér undan því að svara fyrir hvernig þeir klúðruðu að gera

kjarasamning við Landsímamann í síðustu samningum. Hvers vegna fjölmargir félagsmenn í VR ættu að vera í öðrum stéttarfélögum ef félagið ætlaði að starfa samkvæmt starfsgreinaskipulagi ASÍ. Þeir hafa ekki svarað Flugfreyjufélaginu þegar það hefur sett fram athugasemdir við hvers vegna VR vistaði flugfreyjur hjá Atlanta gegn vilja þeirra og með því eyðilagð kjarabaráttu þeirra. Flugfreyjur hjá Atlanta þær sitja síðan undir hótunum um uppsagnir frá vinnuveitanda sínum um ef þær voga sér að minnast á að þær vilji vera í VR. Þetta er reyndar það sama og margir rafiðnaðarmenn þurfa að búa við þegar þeir vilja flytja sig úr VR yfir í RSÍ, þá sitja þeir undir hótunum vinnuveitanda síns. Segja má að með þessari afstöðu sinni standi forysta VR í vegi fyrir eðlilegri kjarabaráttu og launaþróun hér á landi. Ekkert ASÍ-félaga hefur farið þess á leit við forystu VR, að hún geri það sama og hún er að fara að reka fólk yfir í önnur félög. Það viðhorf forystu VR að telja sig geta ráðskast með launamenn að þeim forspurðum, samrýmist á ekki nútíma verkalyðshreyfingu. Forysta VR virðist ætla sér að sigla inn í 21. öldina á 19. aldar skipulagi.

RSÍ hefur á undaförnum árum oft átt mjög gott samstarf við VR. Leitt er að horfa upp á að einstrengisleg afstaða forystu félagsins setur það í hættu. Reyndar er forysta VR ekki einungis að eyðileggja það ágæta samstarf, ekki er hægt að skilja þetta hátterni á annan veg en svo það markmið forystu VR að stefna tilvist ASÍ í hættu. Að vissu marki stöndum við í forystu RSÍ í þakkarskuld við forystu VR, því hún hefur með afstöðu sinni þjappað rafiðnaðarmönnum vel saman og sannfært þá enn frekar um hversu gott sé að vera í virku starfsgreinasambandi. Þetta hlutskipti velja þeir sér sjálfir og óstuddir, frekar en að láta forystu í risafélagi óskilgreinds samansafns starfsgreina segja sér fyrir verkum. Ágætt væri ef VR fylgdi okkur í ASÍ, þá værum við enn sterkari.

Því miður hefur þetta mál orðið til þess að sumir af forystumönnum RSÍ hafa orðið að sitja undir margskonar dylgjum og ásökunum. Við erum ásakaðir um að "Nappa félagsmönnum frá öðrum félögum" o.fl. í þeim dúr. Viðhorf þeirra sem setja fram svona viðhorf, eru í raun að lýsa fyrirliðningu sinni á launamönnum. Í augum þessarar aðila virðast launamenn vera einhverjir viljalausir hlutir, sem forystan geti ráðskast með, "kjötskrokkar sem streyma fram eftir færifandi sem forystan flokki að eigin geðþótta". Það er í engu tekið tillit til þess, að þeir sem hafa gengið til liðs við RSÍ eru í sjálfstæðu félagi sem er skipað rafiðnaðarmönnum í yfirgnæfandi tilfellum og þeir hafa sjálfir af eigin frumkvæði tekið þessa ákvörðun og samþykkt af því sjálfu á fundum og síðan í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Fyrsti aðalfundurinn innan RSÍ á þessu ári.

Rafvirkjafélag Norðurlands hélt aðalfund sinn föstudaginn 19. mars. Á fundinum gengu rafveituvirkjar búsettir á félagsvæðinu í félagið. Einnig hafa rafvirkjar sem starfa hjá Akureyrarbæ, Rafveitu Akureyrar og Fjórðungssjúkrahúsins á Akureyri gengið í félagið úr starfsmannafélaginu, sem er innan BSRB. Vinnuveitendur þeirra hafa neitað að setta sig við þetta og halda þeim gegn vilja þeirra í STAK.

Um þetta gætu orðið átök í komandi kjarasamningum. Sú staða er víða um landið að rafiðnaðarmönnum er haldið gegn vilja þeirra innan bæjarstarfsmannafélaganna. Nokkrar umræður voru um lífeyrisjóðsaðild rafiðnaðarmanna, sem starfa hjá fyrirtækjum innan Vinnuálagasambands samvinnufélaga. Þeir eru þvingaðir til að greiða í Samvinnulífeyrisjóðinn, sem býður upp á mun lakari lífeyri en Lífið.

Á fundinum var samþykkt að skora á RSÍ að fjölga íbúðum í Reykjavík og einnig þyrfti að halda einni íbúðanna utan langtímaleigu, þannig að hægt væri að fá hana með stuttum fyrirvara þegar um væri að ræða ferðir vegna veikinda og slysa félagsmanna og fjölskyldna þeirra.

Félag íslenskra rafvirkja og Rafveituvirkjafélagið sameinast

Í haust var samþykkt í stjórn Rafveituvirkjafélags Íslands að kanna hvort það kæmi til greina að félagið sameinaðist Félagi íslenskra rafvirkja. Rafveituvirkjar eru búnir að ganga í gegnum þann aðlögunartíma nýrrar iðngreinar og menntamálin kominn í fastar skorður. Mjög margir rafvirkjar eru með starfsréttindi rafveituvirkja og eru í félögum rafvirkja innan RSÍ. Niðurstöður þessara viðræðna urðu að ákveðið var að ganga til sameiningar. Stjórn FÍR taldi ekki vera nein vankvæði á því og gert

væri ráð fyrir því í lögum félagsins að í því væru rafvirkjar, rafvélavirkja og rafveituvirkjar. Það væru þegar í félaginu fjölmargir rafveituvirkjar. Í viðræðunum kom það fram að Rafveituvirkjafélagið væri landsfélag og í því væri félagar sem samkvæmt skipulagi RSÍ ættu að vera í Rafvirkjafélagi Norðurlands og Félagi rafiðnaðarmanna á Suðurlandi. Haldnir voru fundir með forystumönnum allra þessara félaga og náðist samkomulag sem allir voru sáttir við. Að því loknu var ákveðið að láta fara fram allsherjarkosningu í Rafveituvirkjafélaginu um hvort félagið sameinaðist félögum rafvirkja.

Niðurstaðan í kosningunni var að 79 kusu eða 63,2% af þeim sem voru á kjörskrá. 53 sögðu já eða 67,09%. 26 sögðu nei eða 32,91%. Samkvæmt lögum félagsins þurftu 2/3 af þeim sem kusu þurftu að segja já. Kosningin er því lögleg og mun félagið verða lagt niður á aðalfundi þess 10 apríl. Samkvæmt uppstillingu á lista stjórnar og trúnaðarráðs FÍR munu trúnaðarmenn Rafveituvirkja hjá Landsvirkjun og RARIK koma inn í trúnaðarráð FÍR og einnig mun það miðstjórnarsæti í RSÍ, sem Rafveituvirkjafélagið hefur haft flytjast til FÍR og mun það verða skipað rafveituvirkja

Í þessu sambandi má minnast á að tvö önnur félög innan RSÍ, Félag sýningarmanna og Félag tæknifólks hafa verið í nánu samstarfi um menntamál, þar hefur heyrst að sameining gæti verið hugsanlegur möguleiki í framtíðinni.

Síðasti aðalfundur RFÍ.

Þann 10 apríl var haldinn síðasti aðalfundur RSÍ. Á fundinn mættu fjölmargir félagsmenn. Afgreiddir voru reikningar félagsins og samþykkt að leggja félagið niður í samræmi við niðurstöðu allsherjarkosningar. Á eftir bauð Orkuveita Reykjavíkur til skoðunarferðar um Elliðarástöð, sem nú er stopp vegna þess að aðveiturör sprakk í vetur. Nokkrar deilur eru um hvort gera eigi við rörið og koma stöðinni í gagnid á ný eða brjóta niður stíflur og fjarlægja. Forsvarsmenn Orkuveitunnar vilja gera við rörið því þeir segja að stöðin sé eins og hún er nú dautt minjasafn, hún væri lifandi ef hún starfaði. Þeir benda á að í raun hafi tilvist stöðvarinnar haft góð áhrif á Elliðaárdalinn. Hvergi hafi jafnmikið verið lagt til rannsókna og laxeldis og verndar vatnasvæðis. Það séu aðrir þættir sem hafi haft neikvæð áhrif á ána, afrennsli af bílastæðum og götum og gífurleg vatnstaka Vatnsveitu Reykjavíkur í uppvatnasvæði Elliðaána. Stíflunnar og vatnsmiðlun bjargi í raun ánni.

Á eftir var boðið í skoðunarferð í Rafheima, sem er glæsilegt minjasafn Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þar er einnig búið að koma upp mjög skemmtilegri kennslumiðstöð í grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar. Kennslumiðstöðin var byggð upp þegar niðurstaða könnunar sýndi að íslenskir nemendur stóðu sig illa í raungreinum. Í miðstöðina er boðið öllum nemendum 11. bekkjar grunnskólanna í Reykjavík.

Á eftir hélt stjórn RFÍ hóf sem var hvort tveggja í senn 25 ára afmælishóf félagsins og kveðjuhóf. Margar ræður voru fluttar, Magnús Geirsson var sérstaklega heiðraður fyrir þó forgöngu og aðstoð sem hann veitti fyrstu félagsmönnum RFÍ þegar þeir börðust fyrir stofnun félags Línúanna. Vinnuveitendur börðust gegn því og fengu óbeina aðstoð frá forystumönnum þeirra stéttarféлага sem þeir voru áður í. Þá þurftu þeir að fara 4 vikna verkfall til þess að fá tilvist félagsins viðurkennda og inngöngu þess í Rafiðnaðarsambandið. Meðal gesta í hófinu kom fram að þar væri margt sem líkist vinnubrögðum forystu VR í dag. Einnig var fjallað um baráttu þeirra fyrir bættri menntun og viðurkenningu á starfsgrein sinni, sem lauk fyrir nokkrum árum með viðurkenningu Rafveituvirkjunar. Þar nutu Línúmenn mikillar aðstoðar forystu RSÍ og Rafiðnaðarskólans og félagasamtaka rafvirkja. Félagsmenn RFÍ hafa nú flestir gengið í FÍR, nokkrir hafa gengið í RFN og FRS.

Aðalfundur FÍR

Þann 10. apríl var haldin aðalfundur FÍR. Á fundinum voru venjuleg aðalfundarstörf. Afkoma félagsins var mjög góð og rekstrarafgangur 4,4 millj. kr. Gerð var lagabreyting þar sem trúnaðarmannaráð var stækkað um 2. Það er vegna þess að félagsmönnum hefur fjölgað úr 950 í um 1300 á skömmum tíma. Þar af eru um 100 rafveituvirkjar sem ganga í félagið við að RFÍ er lagt niður. Nokkrar breytingar urðu á stjórn, fyrrverandi formaður og núverandi varaformaður Guðmundur Gunnarsson og ritari Þór Ottesen gengu úr stjórn að eigin ósk. Þeir töldu eðlilegra þar sem þeir væru starfsmenn RSÍ, að félagsmenn sem væru út á mörkinni fengu tækifæri til stjórnarsetu. Stefán Sveinsson tók við

varaformannssætinu og Jón Þór Kristmannsson starfi ritara. Inn í stjórnina komu Sigurður Sigurðsson og Helgi Helgason.

Á fundinum var samþykkt að heimila stjórn félagsins að aðstoða Rafiðnaðarskólann við fjármögnun á kaupum á hermunum fyrir raforkudreyfikerfi. Þessir hermar eru ný hönnun hjá þýska fyrirtækinu Elve og koma á markað í haust. Þeir eru mjög dýrir eða líklega um 4 millj. kr. Þessir hermar falla inn í þann kennslubúnað sem félagið gaf skólanum í fyrra. Með þessum kennslutækjum getur Rafiðnaðarskólinn sett af stað nauðsynlega kennslu á nýrri braut í Rafveituvirkjun. Einnig var samþykkt að setja til hliðar 2,5 millj. kr. sem nýttar verða á 75 ára afmælisári félagsins.

FÍR ræður starfsmann

Kröftug starfsemi RSÍ hefur leitt til þess að gífurlegt álag er á starfsmenn sambandsins. FÍR á 75 ára afmæli árið 2001. Stjórn félagsins er með ýmskonar áform til þess að minnst þess atburðar, m.a. hefur á síðustu aðalfundum verið samþykkt að gefa út framhald Rafvirkjatalansins og einnig að bæta við sögu félagsins. Á grundvelli þessara atriða tók stjórn félagsins þá ákvörðun að ráða Ísleif Tómasson starfsmann í hálf t starf fram að afmælinu. Hann mun verða í hálfu starfi hjá RSÍ.

Félög rafvirkja gefa kennslutæki.

Félög rafvirkja innan Rafiðnaðarsambandsins gáfu Rafiðnaðarskólanum ný kennslutæki að andvirði 3 millj. kr. Tækin eru mjög fullkominn, í þeim er hægt að setja upp herma fyrir margskonar tæki, sem nemendur setja síðan upp stýringar og geta prófað þær. Einnig er hægt að setja upp þessum tækjum margskonar herma fyrir línur og liðavernd. Tækin hafa verið sett upp í skólanum. Einnig hafa sömu félög gefið skólanum vindingabekk fyrir námskeið í rafvélavirkjun. Verulegur skortur er á rafvélavirkjum og mjög fáir við það nám í verknámskólunum. Ætlunin er að setja upp framhaldsnám fyrir rafvirkja svo þeir geti lokið rafvélavirkjanámi í Rafiðnaðarskólanum.

Gullmerki FÍR afhent.

Laugardaginn 6. marz voru gullmerki Félags íslenskra rafvirkja afhent í ráðstefnusal VT-skólans. Í lögum félagsins stendur að afhenda skuli öllum þeim sem hafa verið í félaginu í 25 ár gullmerki félagsins. Þetta er gert annað hvert ár á formlegan hátt. Nú voru það 74 sem fengu merkið. Þessi hópur hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem segir okkur að þeim fer fækkandi sem hætta í sveinafélögunum og gerast verktakar.

Merkjasafn Svavars Guðbrandssonar

Félag íslenskra rafvirkja setti nýlega upp í Rafiðnaðarskólanum merkjasafn Svavars Guðbrandssonar. Svavar var áberandi í samtökum rafiðnaðarmanna. Áhugamaður um öll þjóðmál, skapmikill hugsjónamaður, sem fór mikinn í umræðum á fundum og á kaffistofum. Hann var í stjórn, trúnaðarráðum og mörgum nefndum í Félagi íslenskra rafvirkja um árabíl og var gjaldkeri félagsins 1980 - 87. Síðasta nefndin sem Svavar sat í fyrir félag sitt var ritnefnd sem gaf út Rafvirkjatal og sögu félagsins.

Svavar sat öll þing Rafiðnaðarsambands Íslands og var sambandsstjórnarmaður þar. Hann sat einnig mörg þinga ASÍ. Hann barðist fyrir útbreiðslu ákvæðisvinnunnar og mætti á alla fundi hjá samtökum rafiðnaðarmanna til þess að sína fram á hvaða launabætur lægu í taxtanum, án þess að kostnaður verkkaupa hækkaði með aukinni hagræðingu á vinnu. Hann kenndi á mörgum námskeiðum við Rafiðnaðarskólann notkun taxtans, áætlana- og tilboðsgerð. Svavar var mikill bókamaður, áhugamaður um ættfræði og grúskari. Hann safnaði m.a. öllum merkjum félaga rafiðnaðarmanna. Hér er samankomið eina heildstæða safn merkja FÍR. Stjórn FÍR fór þess á leit við Ragnhildi ekkju hans að fá safnið til þess að setja það upp við síðasta vinnustað hans.

RSÍ-blaðið og heimasíðan.

RSÍ blaðið er mikilvægur upplýsingamiðill fyrir félagsmenn sambandsins. Gefið er út eitt stórt blað á ári fyrir jól og auk þess koma út nokkur lítil fréttabréf. Þar eru tilkynningar um margskonar efni, helst vegna breytinga á launtöflum eða kjarasamningum. Notkun heimasíðunnar hefur aukist umtalsvert til þess að koma á framfæri upplýsingum til félagsmanna. Á heimasíðu er úrval greina úr blöðum,

launatöflur, upplýsingar um orlofshúsin o.fl. Þar tengdar saman heimasíður Rafiðnaðarsambands Íslands, Landsambands íslenskra rafverktaka, Rafiðnaðarskólans, Fræðslumiðstöðvar rafiðnaðarins og Ákvæðisvinnustofu rafiðna auk heimasíðna norrænu rafiðnaðarsambandanna. Heimasíða RSÍ hefur vakið athygli fyrir mikinn og góðan fréttáflutning, mjög mikið er um heimsóknir á síðuna.

Launakönnun

Haldið hefur verið áfram að vinna að launakönnunum. Þessar launakannanir hafa orðið til þess að þeir sem eru á hvað lélegustu kjörum meðal okkar manna, hafa getað sýnt vinnuveitendum sínum fram á hver séu meðallaunakjör og fengið oft á tíðum launahækkun út á það. Við höfum náð því að birta launakannanir okkar á heimasíðunni innan við tveim mánuðum frá því að ársfjórðungur er liðinn. Þar erum við um 3 - 4 ársfjórðungum á undan Kjararannsókn. Hagdeild ASÍ hefur kannað sérstaklega launakannanir RSÍ og hefur gefið þeim viðurkenningu. Þær sína nánast algjörlega það sama og Kjararannsókn sýnir en við erum töluvert mörgum mánuðum á undan þeim, stundum rúmu ári.

Íslensku tölvuverðlaunin

Íslensku tölvuverðlaunin voru veitt í fyrsta skipti í vetur. Verðlaunin verða veitt því fyrirtæki og þeim einstaklingi sem þykja hafa skarað fram úr í íslenska tölvuiðnaðinum og upplýsingasamfélaginu. Að verðlaununum standa Rafiðnaðarsamband Íslands, Landsamband íslenskra rafverktaka, Íslenska álfélagið, Tölvuheimar, Rafiðnaðarskólinn og Viðskipta- og tölvuskólinn.

Með hinni gríðarlegu öru tölvu- og netvæðingu landsins hafa Íslendingar tekið forskot á alþjóðasamfélaginu svo um munar og ljóst er að ef við náum að halda því, munum við storma inn í 21. öldina sem ein tæknivæddasta þjóð veraldar. Við höfum náð langt ef litið er til þess hve skammt er síðan atvinnulíf okkar var vanþróað og við vorum í hópi vanþróuðustu og fátækustu þjóða í álfunni. Samfara þessari þróun hefur tölvuiðnaðurinn hér á landi sprungið út á undanförunum árum og nú er svo komið að þjóðin hefur vaxandi útflutningstekjur af greininni, enda stuðningurinn í samfélaginu ríkur. Framámenn hafa þegar á heildina er litið verið samstiga um að gera veg greinarinnar sem mestan og skapa greininni heilbrigt umhverfi til frjálsrar samkeppni. Saga tölvutækni á Íslandi er að mestu leiti saga einstaklingsframtaks, djörfungar og dugs útsjónarsams fólks, sem á eigin spýtur hefur byggt upp fyrirtæki í tölvuiðnaði sem skapa þúsundum íslendinga atvinnu á einn eða annan hátt.

Heiðruð voru fyrirtæki og einstaklingar, sem skarað hafa fram úr í íslenska tölvuiðnaðinum og lagt stóran skerf til þess að efla þróun hans og framgang. Þróunin er ör og svo margt að gerast í íslenskum tölvuheimi. Fyrirtækin springa út og dafna svo hratt að það er stundum erfitt að fylgjast með. Í flokki fyrirtækja voru tilnefnd: Hugvit hf, Opin kerfi hf. og Nýherji hf og í flokki einstaklinga Friðrik Skúlason, Guðjón Már Guðjónsson og Oddur Benediktsson.

Verðlaunin fengu Opin kerfi og Friðrik Skúlason.

Eldri rafiðnaðarmenn.

Miðstjórn RSÍ og skólastjórn Rafiðnaðarskólans hafa oft rætt hvort ekki ætti að reyna að stuðla á einn eða annan veg að stofnun félagsskapar eldri rafiðnaðarmanna. Hér hefur ekki sérstaklega verið átt við fyrrverandi félagsmenn RSÍ, heldur alla rafiðnaðarmenn sem eru t.d. 65 ára og eldri. Við getum átt samleið í ýmsum málum og ekki síður við gætum auðveldlega stutt við svona félag á margan hátt. Í stjórnnum skólanna okkar hefur m.a. verið samþykkt að bjóða öllum rafiðnaðarmönnum á lífeyrisaldri ókeypis aðgang að öllum námskeiðum skólanna. Það mál væru best fyrir komið í höndunum á svona félagi.

Nýtt tryggingarfélag, Alþýðutrygging, stofnað

Norrænu verkalyðsfélögin eru með sameiginlegar tryggingar fyrir félagsmenn sína. Þessar tryggingar eru mjög hagkvæmar, kostnaður félagsmanna er u.þ.b. 1/3 af því sem þeir þyrftu annars að greiða fyrir þær á almennum markaði.

Hagkvæmnin næst upp með því að :

?? strax í upphæfi eru stórir hópar tryggðir og hverfur kostnaður við auglýsingar og sölu.

?? rétt áhættudreyfing næst strax með fjöldanum, venjulega er hún mjög óhagkvæm fyrstu árin.

?? hvert stéttarfélag greiðir einu sinni á ári öll iðgjöld, þannig að ekki þarf að senda út giróseðla og

innheimta.

- ?? Verkalýðshreyfingin á sjálf tryggingarpakkann og hann er sniðin að þeim tryggingum sem eru í kjarasamningum og þeirri tryggingu sem verkalýðsfélögin skap félagsmönnum sínum. Þetta veldur minni áhættukostnaði hjá tryggingartakanum.
- ?? Tryggingargjald er innheimt með félagsgjaldi og tekur félagið að hluta til þátt í því

Ef félagsmaður hafnar þátttöku í stéttarfélaginu á fær hann giróseðil frá tryggingarfélaginu fyrir tryggingunni. Sú innheimta er eins og fram hefur komið 2/3 hærrí eða m.ö.o. hærrí en tryggingin og félagsgjaldið til samans.. Vitanlega getur einstaklingurinn kveðið að vera hvorki í stéttarfélagi eða tryggður.

Miðstjórn RSÍ hefur lengi barist fyrir þessu máli og bent á að þetta sé eitt af þeim atriðum sem íslensk verkalýðshreyfing verði að taka upp sem allra fyrst og sé grundvöllur þess að hún komist inn í nýja öld. Vinnuveitendur muni koma því í gegn með aðstoð stjórnmalamanna að þeim beri ekki skylda til þess að innheimta félagsgjöld fyrir stéttarfélögin. Í næstu kjarasamningum verða séreignardeildir ásamt umræðu um sjúkrasjóði og tryggingar starfsmanna mjög áberandi og miklar líkur á að framkomi kröfur frá VSÍ að hluti af sjúkrasjóðsgjaldinu fari í tryggingar starfsmanna. RSÍ hefur beitt sér fyrir því að ASÍ kynni sér hvernig þessum málum er fyrirkomið á hinum norðurlandanna og kynni þessi mál hér á landi.

Á síðasta sambandsstjórnarfundum ASÍ 22. og 23. nóvember síðastliðinn lagði form. RSÍ fram tillögu um að stofnað yrði nýtt tryggingarfélag Alþýðutryggingar. Hann sagði að nú væri búin að vera að störfum nefnd vegna þessa máls á vegum verkalýðshreyfingarinnar í tvö ár. Málinu hefði allstaðar verið tekið jákvætt og væru menn sammála um ágæti þess. En því miður virtist það vera svo að sum félög væru ekki tilbúin að taka ákvarðanir og létu málið reka áfram, þannig að nefndin virtist stundum vera á byrjunarreit. Búið væri að vinna alla helstu undirbúningsvinnu þannig að nú væri rétt að láta reyna á málið með því að ganga til stofnunar tryggingarfélags og ráða starfsmann svo hraða mætti framgangi málsins. Ákveðið var að halda fund formanna landsambanda og stærstu félaganna VR og Dagsbrúnar/Framsóknar.

Stofnfundur Alþýðutryggingar var haldinn þann 18. desember. Í stjórn voru kosnir Björn Grétar Sveinsson, Grétar Þorsteinsson, Guðmundur Gunnarsson, Guðmundur Hilmarsson og Gylfi Ambjörnsson. Hlutfé var 12 milljónir og var ákveðið að stjórn mætti auka það í 20 milljónir. Um 40 stéttarfélög, landsambönd og lífeyrissjóðir voru stofnendur. Guðmundur Hilmarsson var ráðinn framkvæmdastjóri félagsins frá 1. apríl og Halldór Björnsson frá Dagsbrún kom í stað hans í stjórn.

Tryggingarflokkar sem rætt hefur verið um að kanna eru

- ?? Heimilistryggingar
- ?? Líftrygging frá 16 - 67 ára sem gildir fyrir félagsmenn ASÍ, maka eða sambýliefólk
- ?? Sjúkdóms- og slysatrygging barna frá 0 - 18 ára aldurs
- ?? Sjúkdóms- og slysatrygging v/maka frá 20 - 67 ára aldurs
- ?? Sjúkdóms- og slysatrygging frá 16 - 67 ára aldurs.

Golfmót RSÍ.

Golfmót RSÍ, SPENNUGOLF, eru orðin að árlegum viðburði í félagsstarfinu. Þann 13. júní síðastliðinn var mótið haldið á Strandarvelli við Hellu. Á mótið mættu tæplega 60 rafíðnaðarmenn og háðu skemmtilega og drengilega keppni. Í golfklúbb RSÍ eru nú yfir 60 félagar. Ýmis fyrirtæki sem eru velunnarar sambandsins, hafa gefið verðlaun til mótsins. Til þess að sjá um næsta mót voru kosnir Björn S. Björnsson, Garðar Árnason og Víðir Tómasson.

Fjölskylduhátíð á Þórisstöðum.

Undanfarin þrjú sumur hefur RSÍ staðið fyrir Jónsmessufjölskylduhátíðin á Þórisstöðum í Svínadal. Þar hefur starfsmannafélag Járblendifélagsins komið sér upp glæsilegri aðstöðu. RSÍ hefur leigt allt svæðið eina helgi og boðið félagsmönnum að nýta það sér að kostnaðarlausu. Þessa hátíð hafa að jafnaði sótt um 400 manns. Dagskráin er með nokkuð ákveðnu sniði. Flestir koma á svæðið á föstudagskvöld en á laugardag eru margskonar íþróttakeppnir og svo um kvöldið er dansleikur fyrir

börn og verðlaun afhent. Þessu lýkur svo með varðeld. Þá er gert nokkuð hlé og svo hefst dansleikur um miðnætti þar sem dansað er fram eftir nóttu. Í sumar er ætlunin að halda hátíðina á orlofssvæði símamanna við Apavatn.

Húsnæðið að Háaleitisbraut selt og nýtt keypt

Föstudaginn 30. marz var tekin fyrsta skóflustunga að nýju húsi RSÍ, Matvís og Lífiðnar. Byggingarverktakinn á að skila húsinu tilbúnu undir tréverk í lok þessa árs og varð því að byrja sem allra fyrst. Ætlunin var að taka skóflustunguna á þingi okkar en byggingarverktakinn vildi ekki bíða svo lengi. Því hefur verið unnið mjög hratt að frágangi teikninga og skipulagi hússins, svo það væri hægt að fá graftarleyfi hjá byggingarfulltrúa sem fyrst. Í byrjun febrúar voru undirritaðir samningar milli Ármannsfells annars vegar og Rafiðnaðarsambandsins, Matvís og Lífiðnar hinsvegar, um kaup á húsunum nr. 29 og 31 við Stórhöfða, fyrir innan Íslandsbankahúsið beint á móti athafnasvæði Landsímans, sem kallað er Jörfi. Húsin standa á gullfallegum stað á sjávarbakka sunnan við Grafarvoginn með ákaflega fallegu útsýni yfir flóann. Húsin verða afhent í lok þessa árs og er ætlunin að flytja þangað eftir rúmt ár.

Heildarstærð húsa er 4.060 ferm. Gólfplötur hvors hús er 450 ferm. Húsin eru 4 hæðir, en gólfplötur efstu hæðar er 230 ferm. Húsin kosta 78.525 kr. pr. ferm., áætlað er að það muni kosta frágengið um 110 þús. kr. pr. ferm. Frá götu séð eru húsin þrjár hæðir en ef ekið er niður fyrir þau þá eru þau 4 hæðir. Milli húsa er tengibygging á tveim hæðum með 150 ferm. gólfleti. Fyrir innan húsin er tæplega 600 ferm. innri kjallari, sem er undir bílastæðum götumegin við húsin.

Ætlunin er að aðilar komi sér fyrir í öðru húsinu. Reiknað er með að á jarðhæð verði fundarsalur, eldhús, tölvu- og tækjaherbergi, minni fundarherbergi og skrifstofur. Á götuhæð verður Lífiðn ásamt Innheimtustofunni. Á þriðju og fjórðu hæð munu Matvís og RSÍ vera með skrifstofur og fundarherbergi. Í rýminu sem er undir bílastæðunum fyrir ofan húsið verður orlofsútgerð RSÍ og Matvís ásamt geymslum Lífiðnar. Við erum að fjölga tjaldvögnum og Matvís er að kaupa sér vagna. Við ætlum að sjá sjálfir um vagnana í framtíðinni. Hingað til hefur VR séð um afhendingu og umsjón vagnanna yfir sumarið. Lífiðn þarf mikið geymslurými, vegna þess að í nýjum lögum er lífeyrissjóðum uppálagt að geyma alla pappíra um alla eilífið. Rafiðnaðarsambandið mun ásamt Matvís kaupa hitt húsið ásamt tengibyggingunni. Þar er verið að hugsa til framtíðar. Það hús verður leigt út næstu árin. Eign RSÍ í nr. 31 þar sem aðilar munu flytja skrifstofur sínar í verða verður þá um 1.140 ferm., Matvís 480 ferm. og Lífiðn 562 ferm. Í hinu húsinu nr. 29 og tengibyggingunni mun RSÍ eiga 75% og Matvís 25%.

Ýmislegt varð til þess að dráttur varð á því að við næðum lendingu í húsa kaupamálum okkar. Þegar við seldum Landsvirkjun stóð hugur okkar, til þess að kaupa Sóknarhúsið í Skipholti. Við keyptum jarðhæðina af Framsókn, en Sókn vildi ekki ræða við okkur fyrir en að loknum viðræðum um sameiningu við Dagsbrún. Að þeim loknum settu þær um 30% yfirverð á sinn húshluta. Reyndar var þá komið í ljós að við þyrftum að leggja í a.m.k um 50 millj. kr. viðgerðir og breytingar á húsinu. Það að viðbættu söluverðinu, gerði það að verkum að miðstjórnarmenn voru því algjörlega andvígir að frekari viðræður færu fram um kaup á Sóknarhúsinu. Við seldum því aftur þann hluta sem við höfðum keypt.

Við fréttum að Trésmiðafélagið vildi sleppa lóð sem höfðu fengið úthlutað við Efstaleitið ef þeir fengu lóð við Suðurlandsbraut, sem kostaði breytingu á skipulagi. Þetta var lóð sem við sóttum um 1996 en umsókn okkar var hafnað á grundvelli þess að lóðin væri ekki ætluð undir samskonar starfsemi og værum rækjum. Eftir nær 2ja mánaða bið þá vorum við upplýstir um að ósk trésmiðanna um breytingar á skipulagi við Suðurlandsbrautina hefði verið hafnað. Þá var okkur boðin lóðin við hliðina sem SÁÁ hafði fengið úthlutað en ætlaði ekki að nýta. SÁÁ gat ekki framselt lóðina til okkar en þeir buðu okkur 1.600 ferm. hús á lóðinni á 150 þús. kr. ferm., sem yrði afhent í marz á næsta ári. Í samningi okkar við Landsvirkjun er gert ráð fyrir að við afhendum 1. október næstk., einnig er í honum ákvæði um að við getum leigt húsið í einhvern tíma ef við gætum ekki rýmt það. Í undirbúningi eru viðræður um framlengingu á leigu eitthvað fram yfir aldamótin.

ÞJÁLFUN TRÚNAÐARMANNA

Trúnaðarmannakerfið endurspeglar fulltrúalýðræði stéttarfélaganna. Því miður hafa mörg þeirra ekki sinnt því að skipa trúnaðarmenn og þaðan af síður að þjálfa þá upp. Þetta hefur komið berlega í ljós þegar farið var í auknum mæli að ræða um fyrirtækjasamninga. RSÍ hefur undirbúið sig til þess að taka þátt í þessari þróun með því að auka þjálfun trúnaðarmanna sambandsins.

Árið 1993 var byrjað á markvissu starfi við að skipa trúnaðarmenn á þeim vinnustöðum sem ekki höfðu þegar skipað þá. Samfara því var unnið að því að þjálfa þá upp. Síðan þá höfum við varið um milljón kr. á ári í þjálfun trúnaðarmanna okkar. Þetta hefur skilað sér í því að við eigum nú liðlega 100 manna forystusveit, sem getur tekið virkan þátt í gerð kjarasamninga og túlkun þeirra. Það hefur vakið athygli við gerð kjarasamninga, að RSÍ er ætíð með 1 - 2 af starfsmönnum sambandsins í samninganefndum auk 4 - 6 trúnaðarmanna af viðkomandi kjarasamningi. Hjá flestum öðrum stéttarfélagunum eru það einungis starfsmenn viðkomandi stéttarfélags sem sjá um gerð kjarasamninga.

Undanfarin haust höfum við haldið trúnaðarmannaráðstefnur í Ölfusborgum. Upphaf þeirra var að kallaðir voru saman trúnaðarmenn FÍR og farið yfir helstu atriði er snúa að starfi þeirra. Ári síðar kallaði miðstjórn RSÍ alla trúnaðarmenn sambandsins saman og voru undirbúnir síðustu kjarasamningar. Þetta þótti takast svo vel að trúnaðarmenn sóttu það mjög ákveðið að þetta yrði að árlegum viðburði og hefur verið ákveðið að leggja það til á næsta sambandsstjórnarfundi að gert verði ráð fyrir trúnaðarmannaráðstefnum á hverju hausti.

Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ 1998 var 25. - 26 september voru trúnaðarmenn okkar kallaðir saman á haustfund í Ölfusborgum. Dagskráin hófst á föstudagskvöld á því að Snorri Konráðsson fór yfir kennsluefnið trúnaðarmaðurinn sem leiðtogi. Á laugardagsmorgun fór Gylfi Dalhmann yfir starfsmannastefnu fyrirtækja og þá tók Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur ASÍ við og fjallaði um framleiðni. Í lokin fóru starfsmenn RSÍ yfir innri málefni RSÍ eins og ákvæðisvinna, orlofsmál og Lífið og Starfsmenn Rafiðnaðarskólans fóru yfir námskrár, sveinspróf, nýr verknámsskóli rafiðna.. A sunnudagsmorgun var fjallað um kjarasamningana og samning sem ASÍ og VSÍ hafa gert um nýjar hvíldartímareglur. Þær hafa valdið miklum vandræðum á vinnustöðum okkar manna í orkugeiranum og er nú unnið að því að endurnýja ýmiskonar atriði sem félagsmenn höfðu.

Í síðustu kjarasamningum var lögð sérstök áhersla á gerð vinnustaðasamninga þannig að fræðsla trúnaðarmanna hefur fengið aukið vægi. Trúnaðarmönnum á vinnustöðum skal gefinn kostur á að sækja viðurkennd námskeið sem miða að því að gera þá hæfari í starfi og halda á meðan dagvinnutekjum í takmarkaðan tíma. Eftir síðustu kjarasamninga eiga trúnaðarmenn í fyrirtækjum þar sem starfa 15 manns eða fleiri rétt á að halda dagvinnutekjum í alltaf að tvær vikur á fyrsta ári.

Rafiðnaðarsambandið hefur haft samstarf við MFA um námskeið eða fyrirlestra og trúnaðarmenn okkar hafa farið á Félagsmálaskólann. Í vetur hefur MFA boðið upp á umtalsverðan fjölda af námskeiðum sem ýmist standa yfir heila eða hálfu daga. Þar hefur verið fjallað um margskonar efni sem snerta störf trúnaðarmanna og starfsmanna stéttarféлага. Farið er yfir leikreglur og samskipti á vinnumarkaði, það er kjarasamninga, samningaferlið og samningatækni. Einnig er fjallað um vinnurétt, vinnuvernd og öryggismál, mannleg samskipti og vellíðan á vinnustað. Reynsla félaga okkar á hinum norðurlandanna er mjög góð af vinnustaðasamningum, en þeir hafa lagt á það áherslu að það sé lykilatriði að þjálfa trúnaðarmenn vel upp. Það er öllum ljóst að það er brýn þörf á vel þjálfuðum trúnaðarmönnum á vinnustöðunum, sérstaklega þegar við erum í auknum mæli farin að gera vinnustaðasamninga.

Sigur í trúnaðarmannsmálinu.

Þann 22. des. féll dómur í því máli sem ASÍ fyrir hönd RSÍ höfðaði í Félagsdómi gegn VSÍ fyrir hönd JÁ verktaka. Þess var krafist að trúnaðarmaður RSÍ væri viðurkenndur sem fullgildur trúnaðarmaður

og uppsögn hans dregin til baka. VSÍ og JÁ verktakar héldu því fram að trúnaðarmaðurinn hefði ekki verið valinn á réttan hátt, ekki hefði farið fram kosning. VSÍ hélt því fram að þar sem trúnaðarmaðurinn væri ekki með sveinspróf í rafiðnaðargrein gæti hann ekki verið félagsmaður í RSÍ og þar af leiðandi ekki trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna. Fram kom í málflutningi VSÍ að trúnaðarmanninum hefði verið sagt upp á grundvelli þess að hann hefði ekki til að bera faglega færni RSÍ sýndi fram á að val á trúnaðarmanni hefði farið fram með eðlilegum hætti og síðan kosning. Einnig var sýnt fram á að þó svo trúnaðarmaðurinn hefði ekki sveinspróf þá væri hann búinn að læra og væri í starfsþjálfun og hefði til þess fullgild réttindi til þess að starfa á starfsviði rafvirkjunar undir stjórn rafvirkja. Fjöldi rafiðnaðarmanna væru í Rafiðnaðarsambandinu án þess að hafa sveinspróf, lög sambandsins gerði ráð fyrir því, ásamt því að þeir sem væru í starfsþjálfun gætu verið í sveinafélögunum um ákveðinn tíma frá því að starfsþjálfun væri lokið þar til viðkomandi færi í sveinspróf, eins væri í þessu tilfalli. Á þeim grundvelli væri hann fullgildur félagsmaður RSÍ.

Þegar trúnaðarmaðurinn var færður úr verkinu við línuna til baka til Árvirkjans setti RSÍ strax fram þá kröfu að ekki mætti lækka hann í heildarlaunum fyrr en að undanegnum uppsagnarfresti, samkvæmt ákvæðum um starfskjör. Hann hefði verið ráðinn í verkið og þar væri í gildi samningur um ákveðin fjölda yfirvinnutíma á viku. Væri hann færður í starf þar sem heildarlaun væru mun lægri bæri Árvirkjanum samt sem áður skylda að greiða óbreytt laun sem svaraði til uppsagnarfresti starfskjara. Á það féllst Árvirkinn þó með fyrirvara um niðurstöðu í væntanlegum dómi.

Á mörgum vinnustaða rafiðnaðarmanna væri saman félagsmenn margra aðildarfélaganna RSÍ, en það væri viðtekin venja að velja einn úr hópnunum til þess að vera trúnaðarmaður. Á það var bent af hálfu RSÍ fyrir dómnum, að hæfni eða geta manna til þess að gegna trúnaðarstörfum fyrir launamenn væri í engu samhengi við það hvort viðkomandi væri með sveinspróf. Ef dómurinn færi að kröfum VSÍ þá væri í raun verið að dæma umtalsverðan fjölda trúnaðarmanna launamanna vanhæfan.

Félagisdómur féllst ekki á sjónarmið VSÍ. Rétt hafi verið staðið í öllu hjá RSÍ hvað varðar val hans og hann væri fullgildur trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna við línuna. En þar sem trúnaðarmaðurinn væri með ráðningarsamning við Árvirkjann, sem hefði lánað hann til JÁ verktaka í þetta verk, þá gildi starfsvernd hans ekki gagnvart JÁ verktökum, heldur einungis gagnvart uppsögn hjá Árvirkjanum. Það var því einnig rétt hjá RSÍ að Árvirkjanum bar að greiða trúnaðarmanninum full laun þar til uppsögn starfskjara tók gildi.

ATVINNUÁSTANDIÐ

Atvinnuástand hefur verið mjög gott og allir rafiðnaðarmenn hafa vinnu og eftirsókn er eftir vönum mönnum. Farið er að bera á skorti á rafvélavirkjum, en mjög fáir hafa útskrifast undanfarin ár. Félagsgjöld eru ekki tekin af atvinnulausum rafiðnaðarmönnum, þrátt fyrir það halda þeir öllum réttindum sínum innan sambandsins. Undanfarið hafa margir rafiðnaðarmenn farið til starfa á hinum norðurlandanna, mest til Noregs.

Atvinnulausum rafiðnaðarmönnum hefur verið boðið upp á að nota orlofshúsin án greiðslu, þeir geta sótt námskeið Rafiðnaðarskólans án greiðslu, auk þeirra námskeiða sem MFA og Tómskundaskólinn bjóða upp á. Hið opinbera hefur í vaxandi mæli komið sér undan kostnaði og vísað verkefnum vegna atvinnulausra yfir á verkalýðsfélögin. Þetta er í sjálfu sér afkárleg þversögn því áberandi aðilar í stjórnkerfinu halda því fram með áberandi hætti að verkalýðsfélögin séu óþörf með öllu. Sú breyting hefur orðið að búið er að sameina úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta. Þetta verður því miður til þess að samband skrifstofunnar.

Gífurlegar breytingar í orkugeiranum

Upp úr 1990 var farið að einkavæða raforkufyrirtækin og dreifikerfin. Margaret Thatcher reið á vaðið í Englandi og síðan hafa mörg lönd siglt í kjölfarið. Í fréttabréfi frá Evrópuráðinu nú nýverið kemur

fram að síðan þá hafi störfum hjá þessum fyrirtækjum fækkað um 250 þús. Því er spáð að á næstu fimm árum muni fjórða til fimmta hvert starf hjá þessum fyrirtækjum hverfa til viðbótar. Settar hafa verið fram kröfur um að Evrópuráðið geri ráðstafanir til þess að tryggja atvinnuástand þeirra sem um ræðir. Ákveðið hefur verið að gera 11. maí að sérstökum baráttudegi vegna þessa. Þann 19. febrúar síðastliðinn var formlega opnað fyrir þessa þróun á innra markaðinum innan Evrópubandalagsins. Umræður um einkavæðingu í orkuframleiðslunni og dreifikerfunum Einkavæðing ríkisfyrirtækja á Norðurlöndum hófst 1986. Það virðist vera tekið öðruvísi á einkavæðingunni í Noregi (Statkraft) og Svíþjóð (Vattenfall, Sydkraft) en annarsstaðar. Þar hafa ríkisfyrirtækin tekið forystu og kaupa upp bæjarveiturnar og minni orkufyrirtæki. Þessi fyrirtæki eru einnig áberandi í því að kaupa upp orkufyrirtæki í öðrum löndum. Norðmenn hafa verið mjög harðir við að kaupa upp hluti í orkufyrirtækjum í öðrum löndum þeir hafa aftur á móti komið í veg fyrir að erlend fyrirtæki geti fjárfest í norskum orkufyrirtækjum.

Hagsmunir fjárfesta

Það er augljóst að fjármagnsfyrirtækin sem eru að kaupa orkufyrirtækin vilja fá fjármuni sína tilbaka með sem mestri ávöxtun. Þannig að þau freistast til þess að skera niður kostnað og hækka orkuverð. Það er þekkt í Bretlandi að fjármögnunarfyrirtæki nánast stöðvuðu allt viðhald kerfanna og drógu allt fjármagn út úr orkufyrirtækjunum og vatnsveitunum sem þau höfðu keypt. Þegar sá tími var liðinn og við blasti að ekki var hægt að komast hjá því að setja fjármagn í endurnýjun lagna þá seldu þau öll hlutabréf sín. Íbúarnir sátu eftir með ónýt kerfi og verða hugsanlega að stofna fyrirtæki til þess að kaupa vatnsveiturnar aftur.

Danir hafa sett lög til þess að vernda neytendur orkuveitna og eru orkufyrirtækjunum gert skylt að skila orku til neytenda.

Þessu hefur stundum verið lýst á þann veg að kaupendur orku séu að kaupa eigin fyrirtæki aftur með hækkuðu orkuverði. Þessi fyrirtæki urðu til vegna orkukaupa bæjarbúa og sveitarfélögin eigi ekkert með að vera að selja þessi fyrirtæki.

Breyting á starfsmannastefnu

Talið er að einkavæðingin muni leiða til mun harðari krafna til stjórnenda fyrirtækjanna. Það getur verið okkur til hagsbóta. Norræna verkalýðshreyfingin hefur ekki beitt sér gegn einkavæðingunni og hefir í sumum löndum meira að segja tekið þátt í henni eins í Noregi. Þar hafði verkalýðshreyfingin áhrif á gang mála sérstaklega hvað varðar starfsmannastefnu. Síðustu 6 ár hefur gífurlegur fjöldi bæjarveitna og veitna sem fylkin áttu verið seldar eða verið sameinuð. Statkraft hefur verið mjög áberandi við þessi kaup, sama er að segja um þrjú fyrirtæki í Svíþjóð. Þetta væri sambærileg við það að Landsvirkjun og RARIK keyptu upp öll orkufyrirtæki á Íslandi. Einkavæðingin og það að dreifikerfið er í dag rekið sérstaklega hefur leitt til þess að orkufyrirtækin eyða í dag umtalsverum fjármunum í auglýsingar til þess að ná til sín viðskiptavinum.

Norðurlöndin hafa minnkað orkunotkun sína frá því í orkukreppunni. T.d. hafa svíar minnkað orkunotkun um helming á hvern íbúa undanfarin áratug. Einkavæðing í orkugeiranum hefur leitt til þess að langtímaskipulagning hefur horfið. Starfsmannaþróun hefur einnig minnkað. Orkufyrirtækin hafa stundum hætt að nota þá orkugjafa sem áður voru notaðir og farið að nota í staðinn ódýrari innflutta orkugjafa, þetta er í sumum tilfellum ákaflega þjóðhagslega óhagkvæmt.

Fækkun starfsmanna

Nútíma samskiptatækni hefur skapað möguleika til þess að fækka starfsmönnum, sumsstaðar verulega. Hjá Vattenfall í Svíþjóð starfa í dag um 2,5 starfsmaður á hverja 1.000 viðskiptavini, en þeir stefna að það verði 1 starfsmaður á hverja 1.000 viðskiptavini á næstu árum. Víða hefur starfsmannafjöldi verið 3 – 5 á hverja 1.000 viðskiptavini.

Veruleg fækkun hefur orðið á starfsmönnum. Þeir sem voru í vinnu 1993 og voru orðnir 60 ára geta hætt. Þeir sem eru með 13 þús. Skr. í mán. laun fá 80% af launum þangað til þeir ná eftirlaunaaldri og þeir sem eru með yfir 17 þús. Skr. mán. laun fá 70% af launum. Margir starfsmanna hafa verið umskólaðir. Nú starfa fleiri markaðsfræðingar og hagfræðingar í þessum fyrirtækjum. Í Noregi hefur einkavæðingin leitt til 9% fækkunar á starfsmönnum, meiri fækkun varð í Danmörku. Mikil

kapalvæðing í dreifikerfinu hefur leitt til verulegrar fækkunar í línuflokkum. Einnig er aukin fjöldi verkefna boðin út. Það þarf ekki endilega þýða fækkun starfa í rafíðnaðarsamböndunum heldur flutning verkefna frá orkufyrirtækjunum til rafíðnaðarfyrirtækja á almennum markaði.

Það er talið að fyrirtækin hygji frekar stórum viðskiptavinum á kostnað hinna smærri þ.e. heimilunum. Einkavæðingin útilokar að stjórnvöld geti selt orku á mjög lágu verði til fyrirtækja sem þau vilja styðja. Reyndar eru nú þegar kominn lög frá EU sem banna stjórnvöldum að gera þetta, þannig að tímar mjög lágs orkuverðs eru að baki.

Ein starfstétt hefur hagnast á einkavæðingunni. Hið opinbera hefur verið að fjölga embættismönnum til þess að fylgjast með orkufyrirtækjunum.

Umhverfissjónarmið ráða miklu

Umhverfissjónarmið hafa sett mark sitt í vaxandi mæli á öll viðhorf og ekki síst gagnvart orkufyrirtækjunum. Undanfarin ár hefur verið mikil umræða um að loka kjarnorkuverum og var t.d. búið að samþykkja lög í Svíþjóð að byrja á því á næsta ári og 2010 á að vera búið að loka öllum kjarnorkuverum. Það eru að renna tvær grímur á umhverfisverndarmenn vegna þessa, einhversstaðar frá verður orkan að koma.

Talin er veruleg hættu á að í stað kjarnorkunnar fari orkufyrirtækin að brenna olíu eða gasi til þess að framleiða orkuna. Það veldur mun meiri umhverfismengun sérstaklega gasbrennslan. Einnig er talið að Austantjalds orkufyrirtækin bjóði aukna framleiðslu með því að auka brennslu brúnkola og bjóði ódýra orku inn á raforkuferfi í Evrópu. Sænska þingið er í þessari viku að taka málið á dagskrá og ekki er talið ólíklegt að fyrri áætlunum verði breytt, a.m.k. verði lokadagsetningar felldar niður.

Unnið er að því að samtengja allar veitur hringinn í kringum Eystrasaltið. Búið að samtengja norrænu rafdreifikerfin og syncrónsera þau. Eystrasaltslöndin eru samtengd rússneska kerfinu. Þýskaland og Pólland eru samtengd. Til þess að hægt sé að samtengja þessi kerfi þarf að samræma reglugerðir og mælikerfi. Ein helsta ástæða fyrir því að mikill áhugi er á þessu hjá okkar fólki er að með þessu telja Norðurlöndin sig geta komið í veg fyrir brúnkolanotkun. Sem veldur mikilli súrri rigningu á Norðurlöndum eyðileggur skóga og vötn.

Bandarísk fyrirtæki hafa keypt sig inn í sum orkufyrirtæki í Austur-Evrópu. Þeir víla ekki fyrir sér að nota hvaða orkugjafa sem er, ef þeir eru hagkvæmir og hafa tekið m.a. upp notkun á brúnkolum sem eru mjög mengunarvaldandi.

Menntun starfsmanna

Sænskt, þýskt, spánskt og írskt orkufyrirtæki hafa sameinast um verkefni til þess að auka menntun og þekkingu starfsmanna í dreifikerfinu. Til þess að opna þeim leið frá þessum fyrirtækjum út í atvinnulífið. Þessi fyrirtæki hafa fengið til þess Leonardo styrk.

Norrænu rafíðnaðarsamböndin eru þekkt fyrir svokallaða lóðréttu kjarasamninga vegna þess að þau eru með mjög öfluga eftirmenntunarkerfi séu til innan þeirra raða starfsmenn á öllum stjórnstigum í fyrirtækjunum. Önnur stéttarfélag hafa ekki viljað fara út í öflugan eftirmenntun vegna þess að með því séu þau að mennta eigin félagsmenn út úr sínum félögum. Þau eru með svokallaða lárétta kjarasamninga, þ.e. samninga sem miða ekki við miklar breytingar á stöðu starfsmanna. Rafíðnaðarsamböndin eru nær einu samböndin sem eru með innan sinna raða starfsmenn í öllum stjórnstigum og í mörgum tilfellum æstu stjórnendur fyrirtækja og geti því boðið upp á öflugan eftirmenntun.

ÁKVÆÐISVINNAN

Síðastliðin ár hefur verið unnið við að dreifa ákvæðisvinnugrundvellingum í aðgengilegu PC-forriti. Gegnið var frá ítarlegri handbók ásamt kynningarbæklingi um mun á ákvæðisvinnu og tímavinnu. Töluverður uppgangur hefur verið á notkun ákvæðisvinnugrundvallarins. Í gangi eru stór verk og mikil uppsveifla í byggingariðnaðinum. Nú hafa rafverktakar ekki þá afsökun lengur að þeir vilji ekki láta vinna í ákvæðisvinnu vegna þess að uppgjör verka sé svo dýr hjá ákvæðisvinnustofunni. Nú getur hver

sem er gengið frá sínum verkum. En komi upp deilur þá geta menn vísað þeim til ákvæðisvinnunefndar. Aukin notkun taxtans hefur haft góð áhrif á laun innan sambandsins því okkar menn hafa gjarnan miðað við hann við vinnu við nýlagnir.

KJARASAMNINGAR

Rafiðnaðarsambandið hafði um það frumkvæði að eftir fundi með félagsmönnum sínum við upphaf síðustu kjarasamninga að við vildum viðhalda stöðugleika og vera með raunsæjar kröfugerðir og byggja launahækkunar á kaupmáttarauka. Þær kröfur sem stéttarfélögin settu fram eru að mörgu leiti eins og norræn stéttarfélög hafa verið að semja um undanfarin misseri eða eru að búa sig undir að semja um næsta haust. Þar er allstaðar samið í 3 ár og miðað við að halda verðbólgu innan við 3 - 4% og ná kaupmætti sem mest upp meðal annars með því að stjórnvöld komi inn í myndina með skattalækkunum og öðrum aðgerðum sem stuðla að auknum kaupmætti.

RSÍ sýndi fram á að kröfugerð sambandsins raskaði ekki stöðugleika, verðbólga myndi verða 2 - 3,5% og kaupmáttur gæti vaxið um 3 - 5% á ári á næstu árum. Verkalýðshreyfingin náði markmiðum sínum og gerði tímamótasamninga með því að hækka lægstu laun verulega frá 43 þús í 70 þús. og náðum fram kröfum um aukinn kaupmátt. Það var umhugsunarefni hvernig fjölmiðlarnir fjölluðu um málín, málum var stillt upp þannig að verkalýðshreyfingin hefði tapað. Hvers vegna fóru fjölmiðlar ekki á stúfana og spurðu forystumenn VSÍ um hvernig þeir fóru nú að því í upphafi viðræðna að reikna út verðbólgu upp á 40 - 50%, en eftir gerð samninganna reiknuðu þeir út 2 - 3,5% verðbólgu út frá sömu forsendum!

Við erum að ná árangri

Við höfum fallist á að ekki séu í almennum kjarasamning skilgreindar og samningsbundnar starfsaldurshækkunar og/eða stjórnunarálögur. Þetta hefur skilað okkur hærri meðallaunum en hjá stéttarfélögum þar sem launataxtar eru njörvaðir niður með nákvæmum skilgreiningum. Kjarastefna Rafiðnaðarsambandsins hefur verið skilgreind þannig að það sé aukin framleiðni og verðmætara vinnuframlag sem byggist á aukinni þekkingu og hæfni starfsfólks sem leiði til hærri launa. RSÍ hefur unnið samkvæmt þessari kjarastefnu með öflugri menntastefnu og kröftugri uppbyggingu Rafiðnaðarskólans. Þessi stefna hefur oft sett sambandið í sérstöðu innan verkalýðshreyfingarinnar og hefur forysta sambandsins oft fengið kaldar kveðjur frá öðrum stéttarfélögum vegna þessarar afstöðu, þrátt fyrir það hefur henni verið fast fylgt eftir.

Þetta er í samræmi við þá skoðun sem margítrekað hefur komið fram á fundum innan sambandsins með félagsmönnum, að sambandið ætti að leggja áherslu á að hækka daglaun sérstaklega. Við höfum dregið umtalsvert á félag okkar á Norðurlöndunum hvað daglaun varðar. Ef launa- og kaupmáttarþróun verður svipuð út samningatímamann, eins og allra líkur benda til, þá nálgumst enn frekar það mark sem við settum okkur að daglaun hér verði svipuð í byrjun næstu aldar og þau eru að meðaltali hjá rafiðnaðarmönnum á hinum Norðurlandanna.

Ef við skoðum árangur okkar í launabaráttunni síðustu ár þá voru meðaldagvinnulaun innan RSÍ um 100 þús. kr. 1994 í 149 þús. kr. 1. sept. síðastl. Heildarlaun hafa á sama tíma farið frá 170 þús. kr. í 228 þús. kr. Meðaldaglaun hafa hækkað á þessum tíma um 49% og heildardaglaunin um 34%. Meðalvinnuvikan er svipuð þennan tíma. Það er í samræmi við stefnu okkar að leggja áherslu á að ná daglaunum eins mikið upp og hægt er. Lágmarkslaun rafiðnaðarmanna hafa á almennum markaði hækkað á sama tíma úr 64 þús. kr. í 96 þús. eða 49,4%. Lámarkslaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf hafa hækkað úr 64 þús. kr. í 107 þús. kr. eða 67,1%.

Á þessum tíma hefur verðbólga verið innan við 2% á ári og verðhjöðnun hefur verið á helstu nauðsynjarvörum, þannig að kaupmáttur hefur aukist umtalsvert. Sé kaupmáttarþróun launa RSÍ manna skoðuð og launavísitalan sett á 100 stig 1990 þá er hún orðin í lok 1998 126 stig, á móti því að á sama tíma hefur launavísitalan hjá öðrum launamönnum farið í 116 stig samkvæmt upplýsingum

Hagstofunnar.

Við gerð síðustu kjarasamninga, var í fyrsta skipti unnið undir nýjum lögum, sem sett höfðu verið í andstöðu við verkalýðshreyfinguna. Í kjaraviðræðunum settu flest stéttarfélögin fram kröfugerðir sínar 10 vikum áður en kjarasamninga runnu út, eins og til var ætlast í nýjum lögum. Ummæli VSÍ forystunnar þá, voru eins og venjulega við upphaf samningaviðræðna að stéttarfélögin væru að fara fram á 40 - 50% launahækkanir og óðaverðbólgu sem myndi skella á með tilheyrandi vaxtahækkunum. Fjölmíðlarnir tóku að venju undir málflutning VSÍ og stjórnvöld skorðu á verkalýðsforystuna að sýna ábyrgð. Verkalýðsforystan sýndi fram á að ekki væri verið að fara fram neitt óraunsaett, það væri hægt að hækka lægstu laun sérstaklega. Það hefði ekki för með sér nema um 1% launakostnaðarauka fyrir fyrirtækin þó lægstu launin væru hækkuð um 20 - 30%.

Samkomulag við meistara.

Á fundi rekstrarstjórna Landsambands íslenskra rafverktaka og RSÍ þann 15. desember varð samkomulag að auka við einn taxa í launakerfinu. Mikið launaskrið hefur verið undanfarin ár og í þeim launakönnunum sem RSÍ hefur gert, hefur komið í ljós að töluverður fjöldi okkar manna er kominn á launataxta sem er fyrir ofan launakerfi LÍR og RSÍ. Einnig varð samkomulag um að 5. taxti væri lágmarkstaxti fyrir rafiðnaðarmenn með sveinspróf. Lágmarkslaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf hafa þá hækkað á samningstímanum frá 70.038 kr. í 107.025 kr. eða 52,8%.

Einnig varð samkomulag um að setja á laggirnar nefnd sem myndi athuga rétt þeirra rafverktaka sem hafa verið í innan RSÍ og hafa þar fullt félagsleg réttindi, en gerast verktakar og fara yfir í LÍR. Samböndin reka saman Rafiðnaðarskólann með landsfrægum árangri og félagsmenn þeirra beggja eru þar með jafngild réttindi sama í hvoru sambandinu þeir eru. Innheimtustofa rafiðnaðarmanna innheimtir eftirmenntunargjald af öllum félagsmönnum beggja sambandanna. Nefndinni var falið það hlutverk hvort hægt væri að koma í veg fyrir að sá félagsmaður sem hefur full réttindi í styrktarsjóð RSÍ geti haldið þeim réttindum þó hann fari yfir í LÍR. Nefndin á að skila niðurstöðu um miðjan marz, svo tækifæri gefist að kynna og bera niðurstöður undir þing RSÍ 22. - 23. apríl. Einnig var nefndinni falið að fylgjast með launapróuninni á vinnumarkaði okkar og endurskoða taxtakervið með tilliti til þess.

Þann 16. marz var undirritað samkomulag milli Landssamband íslenskra rafverktaka og Rafiðnaðarsamband Íslands um að félagsmenn LÍR geti haldið réttindum sínum í Styrktarsjóð rafiðnaðarmanna séu eftirtalin skilyrði uppfyllt.

1. Félagsmaður LÍR sem vill vera aðili að Styrktarsjóð rafiðnaðarmanna greiðir sérstakt Styrktarsjóðsgjald merkt LÍR á skilagrein til Innheimtustofu rafiðnaðarmanna. Viðkomandi skal senda Innheimtustofu rafiðnaðarmanna eða LÍR skriflega beiðni þar um. Á beiðninni skal koma fram að viðkomandi vilji halda áfram að greiða í Styrktarsjóð rafiðnaðarmanna og hann samþykki að sjóðurinn sé alfarið undir stjórn RSÍ.
2. Þeir sem hafa verið fullgildir félagsmenn í RSÍ a.m.k. 5 ár áður en þeir verða félagsmenn í LÍR skulu njóta fullra réttinda í sjóðnum, enda séu greiðslur í sjóðinn samfelldar
3. Bótageiðslur skv. 10 gr. reglugerðar Styrktarsjóðsins fylgja ákvæðum 8. kafla kjarasamnings LÍR og RSÍ.
4. Félagi LÍR sem áður hefur verið félagi í RSÍ, en vill hefja aftur greiðslur í Styrktarsjóð eftir hlé, mun búa við hlutfallslega skerðingu á bótarétti úr sjóðnum, sem sjóðstjórn mun setja nánari reglur um.
5. Félagsmenn LÍR skulu greiða af launum, sem á hverjum tíma eru ekki lægri en meðaldaglaun innan RSÍ voru næstliðinn árshefning samkvæmt útreikningum hagdeildar RSÍ.
6. Styrktarsjóðsgjald merkt LÍR verður 2% af heildarlaunum. Það skiptist þannig að 50% af því rennur til styrktarsjóðs, 12% er þóknun til Innheimtustofu og til RSÍ vegna umsjónar- og úthlutunarvinnu, 38% rennur til LÍR sem Innheimtustofa mun skila reglulega á tilgreindan bankareikning LÍR.

Dreifing heildarlauna 1998

Meðalheildarlaun 4. ársfjórðungs 1998 249.300 kr.

Fjöldi félagsm. á hverju tekjubili á 4. ársfj. 1998

< 200.000	36,8%	Félagsmanna
200-250.000	24,2%	"
250-300.000	15,9%	"
300-350.000	9,2%	"
350-400.000	5,2%	"
400.000->	8,7%	"

Vinnustaðasamningar

Aðaláhersla samtaka atvinnurekenda við gerð síðustu kjarasamninga var fyrirtækjapáttur kjarasamning, eins og kemur fram í 16. gr. kjarasamnings RSÍ og LÍR/VSÍ. Samninganefndir RSÍ voru ekki mótfallnar gerð vinnustaðasamninga, enda hefur gerð þeirra verið tíðkuð um árabíl á vinnustöðum rafiðnaðarmanna. Þeir hafa stundum gert þessa samninga sjálfir og þá byggt á einhverjum af föstum kjarasamningum RSÍ eða fengið aðstoð sambandsins og gert þá heildstæðan kjarasamning. Þar hefur verið samið um fastan og sveigjanlegan vinnutíma, meðaltalslaun, bifreiðastyrki, útköll, bakvaktir og þannig mætti lengi telja. Skrifstofan hefur alltaf haft nokkur afskipti af þessum samningum þá með ráðgjöf eða útreikningum fyrir félagsmenn. En félagsmenn okkar eða trúnaðarmenn þeirra þeir hafa ætíð gengið endanlega frá þessum samningum með sinni undirskrift. Á síðasta ári gerði sambandið nokkra vinnustaðasamninga. Sumir þeirra byggðust á notkun ákvæðisvinnutaxtans eða bónuskerfi sem byggt var á honum.

Samtök atvinnurekenda hafa bent á umsamda taxa og halda því fram að þau hafi ekki heimild til þess að greiða hærrí kjör og hafa jafnframt verið að agnúast út í hjálp RSÍ við gerð vinnustaðasamninga. Það er einkennilegt ef samtök atvinnurekenda ætla að koma í veg fyrir eðlilega launaþróun og þróun launakjara í fyrirtækjum sem eru í samræmi við afkomu fyrirtækja og þróun launamarkaðar. Með því eru atvinnurekendur að ganga á bak orða sinna. Við féllumst á að láta markaðinn ráða um launaþróun og féllum af þeim orsökum frá kröfum okkar um skilgreinda launataxta og verulega fjölgun þeirra. Inntak síðustu kjarasamninga var gerð vinnustaðasamninga, þar áttu launamenn að geta sótt launahækkanir sem væru í samræmi við getu hvers fyrirtækis fyrir sig. Það kom okkur því í opna skjöldu þegar VSÍ fór að hafa afskipti af því að við værum að vinna að gerð nýrra launataxta vegna þessara kjarasamninga.

Hvíldartímalöggjöf

Í síðustu kjarasamningum var sett inn í kjarasamninga ný hvíldartímalöggjöf. Síðan þá hafa veið miklar deilur um hverjar greiðslur vinnuveitenda eigi að vera fari hvíldartími niður fyrir lögbundið lágmark. Við tókum upp viðræður við Landsvirkjun og RARIK um þessi mál. Þar náðust bráðabirgðasamningar. VSÍ var í fyrstu mjög mótfallið þessum samningaviðræðum en virðist hafa áttað sig á sérstöðu rafiðnaðarmanna hvað þetta varðar. RSÍ sendi frá sér tilkynningu um að sambandið myndi senda frá sér tilskipun um að allir rafiðnaðarmenn ættu að nýta allan hvíldartíma, sama á hverju gengi. Orkudreyfifyrirtækin stóðu við gerða samninga og hafa tilkynnt VSÍ að þau væru tilbúin til þess að ganga til viðræðna við okkur.

Launamenn hafa kvartað undan því að hönnuðir verka setji tímamörk, sem ekki standist án þess að unnið sé dag og nótt. Þetta eru óábyrg vinnubrögð og ganga þvert á margsannað álit um að vinnubrögðum og vinnuhraða hraki umtalsvert fari vinnutími yfir ákveðin mörk í langan tíma í kjarasamningum er þess sérstaklega getið að ekki sé heimilt að skerða 8 tíma óskipta hvíld nema í sérstökum neyðartilfellum og um endurgreiðslu þurfi að semja sérstaklega fresti starfsmaður töku hvíldar. Vegna hvíldartíma. Force majeure ákvæði. Hugmynd til viðbótar við gildandi ákvæði kjarasamninga. Eftir þessari hugmynd er unnið í dag meðal margra fyrirtækja í rafiðnaði Fáí starfsmaður ekki a.m.k 8 klst hvíld á sólarhringnum frá 8:00 að morgni til 8:00 næsta morguns skal

hann ávallt fá greidda 1 klst í yfirv. fyrir hverja klst sem hvíldin fer undir 8 klst. eða þann tíma sem hann vinnur umfram 16 klst. Þetta ákvæði er óháð hvíldartímauppbót kjarasamnings. Ákvæði þetta er vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem geta skapast hjá veitufyrirtækjum við björgun verðmæta, en hvíldartímatilskipun Evrópusambandsins og samkomulag ASÍ og VSÍ heimilar ekki vinnu umfram 16 klst á sólarhring.

Samkomulag Landssíma Íslands við starfsmenn.

Stjórn Landssímans lagði fram tilboð til allra starfsmanna um breytingar um síðustu áramót. Samkomulagið barst á skrifstofu RSÍ með stuttum fyrirvara og hafði þá enga umfjöllum fengið í samninganefnd eða stjórn RSÍ eða meðal trúnaðarmanna rafiðnaðarmanna hjá Landsímanum. Tilboð voru lögð fram til hópa launamanna sem eru í Verkamannasambandinu, Félagi íslenskra símanna og Rafiðnaðarsambandi Íslands. Lagt var til að felldur yrði niður kaffítími að morgni, en í stað þess verð greidd yfirvinna. Þetta er heimilt í gildandi kjarasamning. Vinnuveitandi getur að höfðu samráði og samþykki launamanns breytt neysluhléum þá gegn því að greiða fyrir það í yfirvinnu. Fyrirtækið bauðst til þess að hækka laun starfsmanna um 2% 1. janúar og greiða einnig eingreiðslu að upphæð kr. 75.000. Afkoma fyrirtækisins er mjög góð, og fyrirtækið er í samkeppni við önnur fyrirtæki um starfsmenn þannig að þetta er eðlilegt, einnig má benda á að mörg fyrirtæki sem sýnt hafa góða afkomu hafa verið að gera þetta undanfarið.

Gagnvart rafiðnaðarmönnum var farið fram á þeir fari af vikugreiðslum launa yfir á mánaðargreiðslur. Vikugreiðslufyrirkomulagið var tekið upp gagnvart rafiðnaðarmönnum þegar þeir fóru úr BSRB yfir í RSÍ. Það er viðurkennt að ef starfsmenn flytja sig frá vikugreiðslum yfir á mánaðarlaun, þá hlýst af því verulegt hagræði fyrir fyrirtækið. Önnur fyrirtæki hafa greitt starfsmönnum sínum eingreiðslu ef þeir fallist á þetta, má þar m.a. benda á Rafmagnsveitu Reykjavíkur síðastliðið sumar. Rafiðnaðarmenn hjá Landsímanum hafa ítrekað bent á að þeir telji ekki réttlátt að þeir séu að leggja þetta inn í púkkið án þess að fá greitt fyrir það sérstaklega.

Hjá félagsmönnum Félags ísl. símamanna er farið fram á önnur atriði eins og t.d. hvað varðar vaktir og lífeyrisjódsmál. RSÍ taldi að það sé ólöglegt og mjög óeðlilegt að leggja þrjú mismunandi samkomulög fyrir hópa sem eru hver í sínum samtökum og starfa á sitt hvorum kjarasamning og tengja síðan saman atkvæðagreiðslurnar. Ekki væri ólíklegt að eitthvað samkomulaganna sé álitlegra einhverjum hópanna en hinum. Það hlýtur að vera óheppilegt að etja saman hópunum með þessum hætti, þ.e. að ef einn hópurinn fellir samkomulagið þá er hann um leið að hafa eitthvað af öðrum hóp sem er búinn að samþykkja samkomulagið.

Rafiðnaðarsamband Íslands taldi að þetta óvenjuleg leið og vafasöm. Hið minnsta væri að þetta væri lagt fyrir hvern hóp án samtenginga atkvæðagreiðslna. RSÍ bendir einnig á að starfsmenn eru dreifðir um allt land, þeir eru ekki einungis hér í Reykjavík, þannig að kynning fer fyrir ofangarð og neðan hjá mörgum, auk þess að allsherjaratkvæðagreiðsla á þrem dögum milli jóla og nýárs er erfið í framkvæmd ef hún á að standast það að vera talinn leynileg. Það er mat RSÍ að það hefði verið eðlilegra að hafa meira samráð við trúnaðarmenn og samninganefndir hópanna, auk þess að bera plögginn undir stéttarfélögin. Niðurstaðan þessa máls varð sú að Landsíminn féllst á rök RSÍ og dró tilbaka skilyrði um að launagreiðslur rafiðnaðarmanna yrðu færðar frá vikugreiðslum yfir í mánaðargreiðslur. Þannig var samkomulagið samþykkt.

Fjölskyldulíf - Atvinnulíf.

Mjög vaxandi umræða fer fram um (skort á) þátttöku karlmanna í fjölskyldulífi. Á þessari umræða hefur í vaxandi mæli gætt innan karlasamfélagsins í RSÍ, þá ekki síst þegar komandi kjarasamningar eru ræddir. Á stærsta vinnustað rafiðnaðarmanna hér á landi Landsímanum starfar Erna Arnardóttir jafnréttisfulltrúi. RSÍ styrkti hana til þess að komast á ráðstefnuna "Fjölskyldulíf-atvinnulíf" sem var haldin hjá Nordens Folkliga Akademi í Gautaborg 8-9 mars 1999. Markmið ráðstefnunnar var að fjalla um samþættingu starfs og fjölskylduábyrgðar, hlut fyrirtækja og stofnana og sveitarfélaga í því að auðvelda einstaklingum þá lífsins list að finna jafnvægi milli starfs og einkalífs.

Dagskrá ráðstefnunnar samanstóð af fræðilegum fyrirlestrum þeirra sem rannsakað hafa fjölskylduvæna vinnustaði í Danmörku og Svíþjóð, fyrirlestrum frá starfsmönnum sveitarfélaga sem hafa haft verkefnisstjórn sérstakra verkefna sem lúta að því að innleiðslu fjölskylduvæna starfsmannastefnu í bland við reynslusögu eins fyrirtækis af því hvernig jafnréttis- og fjölskyldustefnan er gerð virk.

Hér er stutt ágríp af innihaldi áhugaverðustu fyrirlestranna sem fluttir voru.

1) “Hvað eru fjölskylduvænir vinnustaðir?”

Helle Holt cand. adm.pol. hjá Félagvísindastofnun Kaupmannahafnar greindi frá niðurstöðum rannsóknar á fjölskylduvænum vinnustöðum sem hún og Ivan Thaulows hafa unnið, og svaraði ofnagreiðri spurningu mjög skorinort: “Það er ekki til ein skilgreining á því hvað er fjölskylduvænn vinnustaður. Það fer fyrst og fremst eftir vinnustaðnum og því hvaða stöðu á vinnumarkaðinum fólk hefur. Klassískur launþegi óskar sér meiri sveigjanleika og fjölskylduvænna umhverfis en hann hefur, og lausnir þar snúast um skipulagningu vinnu og tíma. Meira menntað fólk, sérfræðingar og stjórnendur óska fremur eftir því að geta minnkað “smit” milli álags í starfi og fjölskyldulífs og lausnirnar þar snúast um að aðstoða við að skilja á milli.”

2) “Striking the Balance”

Sheila West, verkefnisstjóri Evrópustyrksverkefnis borgarhlutans Kingston í London, greindi frá verkefni sem er í gangi í Kingston upon Thames. Það lýtur að því að gera lítil og meðalstór fyrirtæki fjölskylduvæn. Verkefnið tekur mið af félagslegum veruleika (ss. kynskiptingu vinnumarkaðar, efnahagslegu mikilvægi fyrirtækja, stærð þeirra o.s.frv.) og þörfum fyrirtækja fyrir aukna samkeppnishæfni og sveigjanleika. Verkefnið nær til 50 smárra og meðalstórra fyrirtækja með allt að 200 starfsmenn.

Helstu niðurstöður verkefnisins voru eftirfarandi:

- ?? Fjölskylduvæn starfsmannastefna getur verið leið til að auka samkeppnishæfni og framleiðni innan fyrirtækja, svo alltaf ætti að leggja áherslu á hag fyrirtækja af slíkum sveigjanleika.
- ?? Það að tala um samþættingu starfs- og fjölskylduábyrgðar eða setja málið á dagskrá innan fyrirtækis er frumforsenda þess að vel takist til.
- ?? Samþættings starfs- og fjölskylduábyrgðar er ekki sérstakt kvennamál – því þær lausnir sem koma upp úr hattinum í hverju fyrirtæki, hverri deild fyrir sig gagnast bæði konum og körlum.
- ?? Lítil og meðalstór fyrirtæki (allt að 200 starfsmenn) þurfa oft utanaðkomandi aðstoð við að innleiða sveigjanleika og ný viðhorf.
- ?? Engin ein og endanleg lausn er til varðandi samþættingu starfs- og fjölskylduábyrgðar. Sérstakrar nálgunar er þörf á hverjum stað og fer niðurstaðan eftir tegund, starfsemi og stærð fyrirtækja.

3) “Að búa til fjölskylduvænan vinnustaði - spurning um menntun”

Anders Ahlin, markaðsstjóri hjá Telia Nara AB í Svíþjóð sagði frá viðleitni síns fyrirtækis í að gera vinnustaðina fjölskylduvæna.

Anders lýsti uppbyggingu Telia Nara AB, en fyrirtækið er skipulagt í nokkurs konar sjálfsstýrðum einingum (sellum) sem eru sjálfráðar og samábyrgar fyrir þjónustu og tæknivinnu á ákveðnum landssvæðum. Hver eining innan fyrirtækisins t.d. Telja í Gautaborg útfærir sjálf fjölskylduvænleikann. Hann er að mati Agnders Alin fólgin í skipulagningu vinnunnar, veitingu feðra-fæðinga-og foreldraorlofa, fjarvinnu (“tele-working”), stuðningi við starfsmenn sem koma aftur til starfa eftir fæðingaorlof, hlutastörfum og deilistörfum sem í boði eru. Allar úrfærslur hjá Telia eiga sér þó skírskotun til sameiginlegrar jafnréttisstefnu fyrirtækisins og framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum sem “sellurnar” sjálfar útfæra í dúr við þá möguleika sem hver starfseining telur sig hafa. Enn og aftur sérsmíðaðar vinnustaðabundnar lausnir sem virðast nokkuð persónubundnar hjá Telia. Í raun eru Telia-lausnirnar líka ólíkar eftir því hver á í hlut, en útgangspunkturinn er allar þessi: “Hvað get ég gert að teknu tilliti til markmiða fyrirtækisins” Reynsla Telia Nara sýnir að stjórnendur og sérfræðingar eiga erfiðara með að nýta sér sveigjanleikann, en þeir sem sinna störfum sem aðrir geta gengið í.

4) “Feðravænir vinnustaðir”

Phillip Whang, prófessor í þróunarsálarfærði við Gautaborgarháskóla greindi frá niðurstöðu rannsóknar

sem gerð var hjá 250 stærstu fyrirtækjum í Svíþjóð á því hvaða stuðning þau gætu/gætu ekki veitt feðrum í starfi.

Skóðuð voru eftirtalin atriði;

- ?? stefna fyrirtækja, en flest þeirra töldu mikilvægt að léttu karlkyns starfsmönnum sínum samræmingu starfs og fjölskylduábyrgðar.
- ?? sérstök verkefni sem lúta að innleiðslu fjölskylduvænleika, en aðeins um 4% fyrirtækjanna höfðu sérstakt verkefni þar af lútandi.
- ?? sveigjanleiki fyrirtækis, en þau töldu sig yfirleitt sveigjanlegri en starfsmenn upplifðu.
- ?? stuðningur sem einstaklingar geta vænst, en $\frac{3}{4}$ hluti fyrirtækjanna taldi það ekki vandamál af sinni hálfu að starfsmenn tækju feðraorlof og ynnu enga yfirvinnu vegna tillits til fjölskyldu.

Phillip Whang greindi innri menningu fyrirtækjanna og flokkaði í tvo megin flokka.

? ? Mannauðs-drifin fyrirtæki

? ? Afkomu-drifin fyrirtæki.

Niðurstaða: Í mannauðsdrifnu fyrirtækjunum tóku feður oftast feðraorlof, voru oftast heima hjá veikum börnum og í fyrirtækjum þar sem konur voru í meirihluta starfsmanna tóku karlar oftast bæði feðraorlof og veikindadaga vegna barna. Innri menning fyrirtækis hafði hins vegar ekki endanlegt forspárgildi fyrir fjölskylduvænleika.

Í samtölum við starfsmannastjóra fyrirtækjanna greindi hann fjórar ólíkar víddir afstöðu fyrirtækja til fjölskylduvænleika:

? ? Fyrirtæki sem af hugmyndafræðilegum forsendum eru hlynnt

? ? Fyrirtæki sem af jákvæð ef þau sjálf hagnast eitthvað á því

? ? Hlutlausu fyrirtækin, sem segjast jákvæð en setja svo skilyrði fyrir sveigjanleikanum og fjölskylduvænleikanum

? ? Fyrirtæki sem vilja gjarnan að fólk sinni fjölskyldum sínum, ef það gangi ekki út fyrir þarfir fyrirtækisins.

Rannsóknarniðurstaða hans er þessi;

? ? Ekkert einfalt svar er við þeirri spurningu hvort innri menning fyrirtækis hindrar eða styður karla sem vilja samþætta starf fjölskylduábyrgð.

? ? Svarið felst frekar í því hvaða fyrirtæki á í hlut, en fyrst og fremst í því hvaða einstaklingur á í hlut. Ef starfsmaðurinn sem í hlut átti (óskaði eftir að tillit væri tekið til fjölskylduábyrgðar hans) var mikilvægur fyrir fyrirtækið eða erfitt var að ráða jafnhæfan einstakling í hans starf, þá lét fyrirtækið sig “hafa það” að mæta óskunum. Ef um var að ræða einstakling sem fyrirtækinu var “sama um” gat spurningin um fjölskylduvænleika eða annan sveigjanleika, hjá sumum fyrirtækjum, snúist upp í spurninguna um tilflutning í starfi, uppsögn starfs eða launalækkun.

? ? Fjölskyldan og fyrirtæki geta verið “blóraböggjar” hvors annars á þann hátt að þau eru talin af bæði launþegum og vinnuveitendum skyggja hvort á annað.

? ? Fyrirtækin telja erfitt fyrir starfsmann í hárrí stjórnunarstöðu að sameina fjölskyldu atvinnulífi.

Fjölskyldan sé eitthvað sem menn velji sig frá þegar þeir taki að sér ábyrgðamikil störf.

? ? Fyrirtæki standa sjaldnast sjaldnast markvisst í veginum fyrir fólki sem óskar að eftir sveigjanleika af fjölskylduástandum en þau hvetja heldur ekki til slíks.

“Fjölskylduvænir vinnustaðir í raun”

Ulla Kock, jafnréttisráðgjafi Kaupmannahafnar greindi frá verkefni á vegum borgarinnar og þeirri aðferðarfræði sem notuð er og hefur það að markmiði að gera ólíka vinnustaði fjölskylduvæna.

Fjölskylduvænleiki er skilgreindur sem “manskjувænleiki” því í hugmyndafræðilegum bakgrunni verkefnisins er litið svo á að manskjan geti á ólíkum tímabilum í lífi sínu haft ólíkum hlutverkum að gegna innan fjölskyldna, t.d. verið smábarnaforeldrar en einnig börn aldraðra og hjálparþurfi foreldra.

Tekin eru fyrir fimm ólík fyrirtæki, þeim útveguð þau “verkfæri”, í formi ráðgjafar, þekkingar og hugmynda sem gera þeim kleift að verða fjölskylduvæn. Það eru hugmyndafræðilegar forsendur á bak við verkefnið, enda er það ennþá unnið á pólitíska sviðinu, og hefur tilvísun í jafnréttisstefnu Kaupmannahafnar.

Yfir verkefninu er verkefnisstjórn sem er skipuð jafnréttisráðgjafa Kaupmannahafnar, og utanaðkomandi ráðgjöfum í breytingastjórnun. Fyrirtækjunum og stjórnendum þess er gerð grein fyrir fordæmishlutverki sínu og um það er gerður skriflegur samningur, en auk þess fá stjórnendur fyrirtækjanna samhlíða sérstaka stjórnendabjálfun. Í hverju fyrirtæki eða stofnun er myndaður stýrihópur sem hefur það markmið að gera vinnustaðinn fjölskylduvænan. Stýrihópurinn kallar til þá aðila, m.a. fulltrúa stéttarféлага, þegar þurfa þykir. Sú þekking sem safnast í ferlinum, þær hugmyndir sem koma fram, reynslusögur af því hvað reynist vel og hvað illa, eru settar í þekkingagrunn sem er aðgengilegur öllum stofnunum og fyrirtækjum á vegum Kaupmannahafnar á intraneti borgarinnar. Verkefnið hófst í september 1998 og því lýkur lok ár 2000.

Þegar eru komnar niðurstöður greiningarvinnu þriggja vinnustaða og hugmyndir um breytingar og aukinn sveigjanleika. Lausnir sem nefndar voru voru m.a.

- ? ? Gera gildandi reglur, ákvæði kjarasamninga sýnileg og virk með því að skrifa þær niður og miðla upplýsingum til starfsmanna um þær og hvetja þá til að nýta sér það sem er
- ? ? Breyta vaktavinnu þannig að vinna 6 tíma vaktir í stað 8 tíma vakta
- ? ? Hefja vinnu fyrir á morgnanna og ljúka henni fyrir á daginn
- ? ? Veita handleiðslu og aðstoð til að ná tökum á stressi af völdum vinnu
- ? ? Stuðla gegn kulnum starfsmanna í starfi
- ? ? Gera sveigjanlegan vinnutíma sveigjanlegri
- ? ? Skapa möguleika á heimavinnu (Tele-working)

Verkefnið er einnig rannsóknarverkefni. Á tímabilinu verða gerðar spurningalistakannanir meðal starfsmanna og stjórnenda vinnustaðanna um árangur vinnunnar og reynt að tengja.

Verkefnið er athyglisverð tilraun sem nýtir hugmyndafræði nútíma mannauðsstjórnunar (“HR-management”) og gæðastjórnunar til að samþætta ólík sjónarmið fjölskyldna og vinnuveitanda í því skyni að má fram markmiðum um jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði, jafnframt því að gera vinnuafli og vinnumarkað sveigjanlegri að þörfum hvors annars.

Áhugavert verður að fylgjast með gangi þessa verkefnis og læra af þeirri reynslu og þekkingu sem þarna fæst. Þetta “módel” er auðvelt að heimfæra hjá Landssímanum, eða hverju öðru deildskiptu fyrirtæki, en að mati undirritaðrar þarf í allri slíkri vinnu að geta ávinnings fyrirtækisins af innleiðslunni, t.d. með því að mæla starfsánægju starfsmanna, meta gæði vinnu, skoða hvort slíkt muni leiða til fjölgunar eða aukningar veikindatílfella o.s.frv..

Niðurstaða

Umræðan um samþættingu starfs- og fjölskylduábyrgðar er rétt að hefjast hér á landi. Þó ber ekki svo að skilja að fyrirtæki hér á landi geti ekki verið fjölskylduvæn, mörg þeirra eru það eflaust í þeim skilningi að þau sjá í gegnum fingur sér við starfsfólk sitt ef þau þurfa. Lífseig er goðsögnin um að ef fyrirtæki mæti þörfum starfsmanna þá hljóti þau að “tapa” og starfsmenn að “vinna”. Mikilvægt er að eyða þeirri goðsögn með staðreyndum á borð við aukna starfsánægju, minni veikindi, færri fjarvistir, aukna samkeppnishæfni fyrirtækja vegna aukins sveigjanleika osfrv. Til að gera það mögulegt, verður að vera hægt að skoða íslenska vinnustaði fyrir og eftir innleiðslu fjölskyldu- og jafnréttisstefnu, og nota það sem dæmi um hið gagnstæða, þ.e. að bæði starfsmaðurinn og vinnustaðurinn hagnast á fyrirkomulaginu.

Fá íslensk fyrirtæki hafa mér vitanlega mótað sér stefnu sem lýtur að því að skapa starfsmönnum tækifæri á að samþætta starf- fjölskylduábyrgð hvað þá fylgt henni úr hlaði með markvissum aðgerðum. Þau fyrirtæki sem hafa fengið orð á sig fyrir að vera fjölskylduvæn, eru það meira í orði en á borði þegar grannt er skoðað. Mín reynsla af því að ýta á flot umræðu um sveigjanlegan eða sveigjanlegri vinnutíma er sú að fyrst eru skoðuð möguleg ljón í veginum ss. kjarasamningar, eftirlitshlutverk stjórnenda, viðverkerfi og stimpilklukkur sem ráði nú ekki við hluti eins og “tímabanka”, óreglulegan vinnutíma, árstíðabundnar sveiflur á vinnuálagi osfrv.

Þó má ekki vanmeta þátt innri menningar fyrirtækja og þau gildi og norm sem virðast ríkjandi á vinnumarkaðinum. Hér vísa ég til hugmynda á borð við;

- ? ? Vinnan skapar manninn

? ? Viðvera er dyggð

? ? Peningar eru mælikvarði á velgengni osfrv.

Vert er að huga að því hér á landi veður foreldraorlof væntanlega innleitt að kröfu EES eftir nokkra mánuði. Ef umræðan um samþættingu starfs og fjölskylduábyrgðar nær aldrei að komast almennilega á flug hér á landi, kann að fara þannig að þrátt fyrir lagalegan rétt til töku orlofsins, muni innri menning fyrirtækja, gildi og norm, virka sem mótvægi við aukinn sveigjanleika eða tillits til fjölskylduáðstæðna, og verða þess valdandi að foreldrar og þá sérstaklega feður veigra sér við að nýta feðraorlof og foreldraorlof. Því enn eru lífseigar hugmyndir á borð við fyrirvinnuhlutverk feðra og umönnunarhlutverk mæðra.

Umræðan um samþættingu starfs- og fjölskylduábyrgðar þarf að mati undirritaðrar að verða burðug í þjóðfélagsumræðunni, innan fyrirtækja, hjá stéttarfélagum og meðal starfsmanna. Án orðræðunnar er ekki víst að raunverulegir möguleikar fyrirtækja og starfsmanna þeirra verði nokkurn tíma skoðaðir, hvað þá að veruleika, fyrirtækjunum til hagsbóta en starfsmönnum til aukinna lífsgæða.

Næstu kjarasamningar

Í viðhorfskönnun sem RSÍ lét gera um miðjan marz þá kom greinilega fram að félagsmenn okkar vilja halda kjarasamningum innan stöðugleikamarka. Þeir leggja mesta áherslu á atvinnuöryggi og möguleikum til skapandi og sjálfstæðrar vinnu sem gefur möguleika á eftirmenntun. Í kjölfar rafeindatækniþýlingarinnar sem tók að verulegu marki að ryðja sér rúms 1970 fóru grunneiningar iðnaðarsamfélagsins að riðlast og hátæknisamfélagið tók að myndast. Vinnutími hefur orðið sveigjanlegri, sífellt fleiri vinna utan hefðbundins dagvinnutíma og vinnuvikan nær hjá auknum fjölda inn á helgar. Fyrirvinnur heimilisins í dag eru tvær og vinnutími þeirra fellur sjaldnar saman. Börnum fækkar, meðalaldur hækkar, einstaklingshyggja vex og stórsamfélagið og samneysla missir þýðingu fyrir einstaklinginn. Við erum á leið til baka til þess samfélags þar sem fjölskyldan og vinahópurinn skiptir mestu máli. Þetta kemur fram í könnunum sem gerðar hafa verið meðal ungs fólks á norðurlöndum undanfarið.

Sífelld færri launamenn starfa hjá sama fyrirtækinu allan sinn starfsaldur. Í dag verða flestir að reikna með að þurfa að skipta um starf minnst tvisvar á starfsævinni. Sérhæfing fyrirtækjanna vex, þau minnka og þeim fjölga. Kröfur til sérhæfingar og sveigjanleika starfsfólksins vaxa. Talið er að eftir 10 ár verði þau iðnaðarlönd sem ætla að hanga með í tækniþróuninni og standast samkeppnina, að sjá til þess að 1/3 hluti vinnuafslsins sé að staðaldri að sækja sér aukna þekkingu á endurmenntanámsskeiðum. Samkeppni fyrirtækja grundvallast á því að ná til sín besta starfsfólkinu. Þrátt fyrir að forystumen leiðandi fyrirtækja hafi áttað sig á þessu þá virðast margir af forystumönnum samtaka atvinnurekenda ekki vera með á nótnum og líta á það sem hlutverk sitt að standa í vegi fyrir að gert sé ráð fyrir þessu þegar gengið er frá kjarasamningum og þar með séu þeir að koma í veg fyrir aukin kostnað fyrirtækjanna.

Launþegar verða ólíkari og skiptast í smærri og sérhæfðari hópa sem hafa ólíka hagsmuni og áhugamál. Áður vorum við bundin við hefðbundin vinnutíma og vorum háð honum. Nú veljum veljum við vinnutíma sem hentar okkur með tilliti hvernig maki okkar vinnur og tómsundaiðju okkar. Bil þeirra sem eru í vinnu og fá starfsmenntun og þeirra lenda utan vinnumarkaðsins eykst. Flest heimili hafa gert langtímaáætlanir um fjárhag heimilisins og þær færðu um koll ef vextir hækkuðu mikið og kaupmáttur lækki. Félagsmenn okkar létu koma fram að þeir þekktu af reynslu að launahækkanir þurfa ekki að þýða að kaupmáttur vaxi.

Það eru að koma fram kynslóðir á vinnumarkaði sem hafa alist upp við að eiga sér margskonar afþreyingu og meta frítímamann mjög mikils. Þessar kynslóðir vilja ekki vinna lengur en 40 klst. á viku, kynslóð sem vill losna við alla yfirvinnu. Erlendis er styttri uppsagnarfrestur, styttri veikindaréttur, launalausir fyrstu veikindadagar, lægra yfirvinnuálag og þannig mætti lengi upp telja, þetta veldur því að daglaun eru hærri. Launafólk í þessum löndum er búið að selja hluta af þessum réttindum fyrir hærri

daglaun. Við verðum að taka þátt í því að tryggja atvinnu hér á landi og verðum að hlusta á þennan málf lutning, en við eigum að stjórna því sjálf hvernig vinnutími þróast hér á landi t.d. með auknum frítíma og lægri lífeyrisaldri. Það er ábyrgðarhluti að vera í forystu í kjarabaráttu og stundum erfitt að setta sig við að of miklar launahækkanir geta haft öfug áhrif og leitt til lélegra atvinnuástands.

DEILAN VIÐ TECHNOPROMEXPORT - FÉLAGSLEGT NIÐURBOÐ

Á síðasta ári var ákveðið að reisa nýja 400 þús. V. háspennulínu frá Búrfelli til Reykjavíkur. Þessi lína er 94 km löng. Í henni eru 253 möstur flest um 25 – 33 m. há, en þau hæstu eru 44 m. há þar sem breiðustu fljótin á Suðurlandi eru þveruð. Heildarkostnaðaráætlun var 2,4 milljarðar kr. Þar af 1,7 milljarðar kr vegna mastra og reisingar á þeim, útdrætti á línu og strengingar. 11 tilboð bárust í þann verkhluta.

Undirboð

Við opnun tilboða kom í ljós að rússneska fyrirtækið Technopromexport var lægst með 1,2 milljarða kr. Þar kom m.a. fram að áætlaður innlendir launakostnaður á Íslandi væri enginn. Hin fyrirtækin voru töluvert hærri en rússarnir m.a. sakir þess að þau kæmst ekki hjá öðru en að taka tillit til íslenskra kjarasamninga og aðbúnaðar. Margir voru ósáttir þegar samið var við Technopromexport. Strax og það fréttist var varað við því m.a. af Rafiðnaðarsambandinu, eftir að formaður Finniska Rafiðnaðarsambandsins Lauri Lyly hafði haft sambandi við okkur á stjórnarfundum í norræna rafiðnaðarsambandinu í Lillehammer 16.-17. feb. 1998. og lýst áhyggjum sínum og varað við rússneska fyrirtækinu. En Landsvirkjun sinnti ekki aðvörnum. Við gerð samnings við Technopromexport var vitað að þeir hefðu ekki tæknilega getu til þess að draga hina sérstæðu 400 þús. volta "Duplex" línu út á möstrin og strengja. Til greina komu tvö evrópsk fyrirtæki. Franskt fyrirtæki Transel og Skandinavískt fyrirtæki AS Linjebygg í Noregi í samstarfi við Transelectric AB í Svíþjóð og IVO Power Engineering OY í Finnlandi. Þessi fyrirtæki höfðu bæði boðið í verkið í samvinnu við íslensk fyrirtæki.

Fyrirtækið nýtur ekki trausts

Við frágang samninga við Technopromexport kom fram að þeir væru með samning við Transel um vírinn, útdrátt og strengingar. Transel gerði samninga við íslensk fyrirtæki um mönnum og aðbúnað og afgreiddi vírinn á hafnarbakka í Frakklandi og sendi strengingarvagnana þangað líka. Frakkarnir lögðu því mjög hart að Technopromexport að leggja fram tryggingar upp á 100 millj. kr. áður en lengra væri haldið. Fyrirtækið gat ekki lagt fram tryggingarnar og þá leituðu frakkarnir til virtasta banka Rússlands. Hann þvertók fyrir að eiga nokkur samskipti við Technopromexport. Þá vildi Technopromexport að Landsvirkjun gengi í ábyrgð. Landsvirkjun sagðist vera með samning við þá, það væri út í hött að þeir settu fram bankatryggingu gagnvart Technopromexport um að Technopromexport stæði við samning gagnvart Landsvirkjun. Þetta leiddi til þess að Landsvirkjun tók vírinn, útdrátt hans og strengingar út úr samning Technopromexport og gerði samning við norræn fyrirtæki AS Linjebygg í Noregi um að taka að sér þennan þátt í samstarfi við Transelectric AB í Svíþjóð og IVO Power Engineering OY í Finnlandi. Þessa vinnu átti að vinna í samvinnu við íslenska rafiðnaðarmenn sem voru í vinnu hjá Landsvirkjun.

Kjarasamningur gerður

Fljótlega eftir undirskrift samninga komu fulltrúar rússneska fyrirtækisins til RSÍ. Farið var yfir þann kjarasamning sem gildi um svona störf og hvernig íslensk iðnlöggjöf væri. Rússarnir vildu fá að koma með 96 starfsmenn sína til landsins en því var hafnað af hálfu RSÍ að skrifa upp á atvinnuleyfi fyrir þann fjölda. Þeim var gerð grein fyrir því að einungis myndi verða skrifað upp á atvinnuleyfi fyrir stjórnendur og eftirlitsmenn. Þeir sóttu þá um að RSÍ skrifaði upp á 11 stjórnendur og eftirlitsmenn og var það gert. Á sama tíma fá rússarnir Félag járníðnaðarmanna til þess að skrifa upp á atvinnuleyfi fyrir 18 stjórnendur og eftirlitsmenn. Þetta kom RSÍ á óvart, því vinna við raforkulínur hafði ætíð fallið undir starfssvið rafiðnaðarmanna. Rússneska fyrirtækið benti á að ætlunin væri að setja möstrin ekki saman á línustað, heldur yrði það gert í færibandavinnu fjarri línustaði. Á þessum forsendum var ekki

hægt að koma í veg fyrir að rússarnir fengu uppáskrift málmíðnaðarmannana. Félag járníðnaðarmanna skrifaði upp á 18 atvinnuleyfi til viðbótar fyrir rússneska málmíðnaðarmenn. Technopromexport tókst ekki að fá nema 10 íslenska rafiðnaðarmenn að línunni svo RSÍ skrifaði upp á 8 rússneska rafiðnaðarmenn, gegn því að fyrirtækið skrifaði upp á samning að vinna út við línu væri einungis unnin af rafiðnaðarmönnum.

Sérfræðingar ganga í öll störf

Hefja átti reisingu línunnar í lok maí en það var ekki fyrr en í lok júlí sem fyrsta sendingin kom af stálinu í línuna. Þá var verkið orðið það langt á eftir áætlun að Landsvirkjun var hrætt um að ekki næðist fyrir veturinn að ljúka reisingu línunnar, svo íslenskir hópar rafiðnaðarmanna voru settir í að reisa 21 mastur, jafnframt því sem rússarnir voru að reisa. Þetta varð að gera svo norrænu strengingarflokkarnir yrðu ekki verkefnalausir þegar þeir kæmu. Rússarnir reistu 1 mastur á dag á meðan íslendingarnir reistu 3 - 6. Rússarnir voru einungis með fasta lykla og mjög léleg verkfæri. Á meðan íslendingarnir voru með loftlykla og skröll.

Fljótlega kom í ljós að hinir svokölluðu rússnesku eftirlitsmenn og stjórnendur voru einungis venjulegir verkamenn og gengu í öll störf. Þessu var harðlega mótmælt og þess krafist að ráðuneytið afturkallaði atvinnuleyfin, þau hefðu verið undirrituð á röngum forsendum. Því var hafnað af ráðuneytinu. Þá fór RSÍ fram á að atvinnuleyfin yrðu leiðrétt á þann veg að þarna væru ekki stjórnendur og eftirlitsmenn eða iðnaðarmenn heldur verkamenn, því var einnig hafnað.

Mánaðarlaun 300\$ og deilur hefjast við embættismenn

Þegar starfsmenn stéttarfélaganna höfðu samband við rússnesku launamennina kom í ljós að þeir voru með 300 dollara á mánuði. Aðbúnaður þeirra var hrikalegur. Þeir voru í mjög lélegum vinnufötum, öryggisbúnaður var lítill og það litla sem þeir voru með var ónýtt. Þeir voru látnir gista 10 saman í 12 – 14 ferm. herbergjum. Mötuneyti þeirra var í bílskúr, þar var eitt klósett en engin hreinlætistaða. Þeir fengu 700 kr. á dag sem átti að duga fyrir fæði. Þeir höfðu engan aðgang að þvottavél og urðu að þvo öll föt í handlaug á klósetti eða í sturtu.

Nú var tekin sú ákvörðun úr því ráðuneytið var búið að hafna að afturkalla og leiðréttu atvinnuleyfin og settar fram kröfur um að aðbúnaður og laun rússanna yrðu í samræmi við íslenska kjarasamninga okkar. Ekki væri bæði haldið og sleppt af hálfu ráðuneytisins og Technopromexport í þessum efnum. Fyrirtækið var þvingað til þess að lagfæra aðbúnað en launin voru ekki leiðrétt. Ráðuneytið reyndi ítrekað að breiða yfir mistök sín. Það kallaði inn upplýsingar um launakjör og án nánari athugunar lýsti því yfir að launamál væru með eðlilegum hætti. Við fórum með rússneska túlka út að línu og ræddum við rússnesku línumennina. Þar kom í ljós að þessir pappírar voru ekki réttir. Fyrirtækið hafði ekki borgað rétt laun heldur einungis sent heimatilbúna pappíra í ráðuneytið um að það hefði gert það.

Eftir mánaðarþref var ljóst að grípa yrði til aðgerða til þess að þvinga fyrirtækið til þess að leiðréttu launin og einnig þyrfti að þvinga íslensk stjórnvöld til þess að fara eftir íslenskum lögum um lágmarkskjör. RSÍ hélt fund með norrænu rafiðnaðarmönnum sem voru við línuútdráttinn. Þeir voru um 30 frá norðurlöndum og um 30 íslendingar. Þar var samþykkt að ef laun við byggingu línunnar væru ekki í samræmi við kjarasamning þá yrði öll vinna við línuna stöðvuð. Allir íslendingarnir lögðu niður vinnu og norrænu rafiðnaðarmennirnir ætluðu einnig að stöðva eftir 4 daga ef ekki væri búið að semja. Eftir 3ja daga vinnustöðvun gafst Technopromexport upp og skrifaði undir samning um að það myndi leiðréttu launin. Vinna rússana var að stöðvast vegna þess að íslendingarnir blokkeruðu alla flutninga frá samsetningarstað mastranna. Þegar Technopromexport átti að greiða út launin var enn notuð sama aðferð, pappírar voru útbúnir á skrifstofum og þeir sendir í ráðuneytið og það lýsti því yfir að allt væri með eðlilegum hætti. En á ný fórum við út að línu og töluðum við rússnesku línumennina með aðstoð túlks. Það kom í ljós að rússnesku línumennirnir voru ráðnir hjá einhverju fyrirtæki sem hefur staðsetningu á Kýpur. Það gerði samning við þá um að þeir ætti að vinna í 6 daga í viku 10 tíma á dag og fá fyrir það 1000 dollara á mánuði. Síðan áttu þeir að fá 3,85 dollara fyrir alla yfirvinnutíma.

Sigur í sjónmáli

Eftir fyrsta slaginn þá reyndi Technopromexport að leiðrétta sín mál gangvart starfsmönnum sínum, með því að standa við þennan samning. Það kom í ljós að mismunin á 300 og 1000 höfðu yfirmennirnir ætlað að stinga í eigin vasa og réttlætt það með því að þeir hefðu orðið að kaupa hlífðarfatnað á línnumennina og fækka í 2 í hverju herbergi auk þess að hækka verulega matarútgjöld. Yfirmennirnir urðu stjórnvítlausir þegar þeir áttuðu sig á því að starfsmenn stéttarfélaganna hefðu komust að því sanna í málinu og hótuðu rússnesku línnumönnum öllu illu m.a. að þeir yrði reknir úr rússneskum stéttarfélögum og séð yrði til þess að þeir fengu aldrei vinnu aftur. Rússnesku línnumennirnir sögðu að það skipti engu máli þeir hefðu verið atvinnulausir þegar þeir komu til Íslands og færu beint í atvinnuleysi aftur. Sumir höfðu haft vinnu hjá kjarnorkuveri, en höfðu ekki fengið útborgað í þrjú ár.

Því var umsvifalaust hótáð af RSÍ að öll vinna við línuna yrði stöðvuð aftur, ef ekki væri staðið við samninginn og farið eftir íslenskum kjarasamningum. Rússnesku línnumennirnir ættu að fá um 3.600 dollara á mánuði, frítt upphald og ferðir auk alls hlífðar- og öryggisfatnaðar. Það var svo 9. október sem fyrirtækið gafst endanlega upp. Þá var RSÍ búið að koma málum þannig fyrir að sambandið var búið að þvinga Landsvirkjun til þess að axla ábyrgð á öllum launakjörum við línuna. RSÍ hafði hótáð að fara í mál við Landsvirkjun og láta kyrrsetja öll laun við línuna í landinu. Sambandið ætlaði að leggja fram 200 millj. IKr tryggingu í réttinum.

Fullkominn sigur vannst í málinu, en nokkrar eftirstöðvar eru. Þær snúa að embættismannakerfinu sem hefur reynst stéttarfélagunum ákaflega erfitt og reyndar andsnúið. Það hefur ætíð tekið málstað Technopromexport og haldið stéttarfélagunum allan tímann í þeirri stöðu að þurfa að afsanna allt sem fyrirtækið hefur lagt fram, þrátt fyrir að fyrirtækið hafi ítrekað verið staðið að því að leggja fram röng gögn. Málið hefur vakið gífurlega athygli og er það mál manna að það hafi verið embættismannakerfinu þörf lexía. Það vakti athygli að starfsmenn samtaka atvinnurekenda tóku enga afstöðu í málinu. Margir forsvarsmenn íslenskra fyrirtækja lýstu aftur á móti að málið væri mjög þarft því þeir hefði nákvæmlega enga möguleika á að bjóða gegn fyrirtæki sem sem kæmist upp með sambærilega aðstöðu og Technopromexport biði sínu starfsfólki, hvað þá að hægt væri að keppa við fyrirtæki sem greiddu 300 dollara laun á mánuði fyrir 6 daga vinnuviku og 10 tíma á dag.

FRÆÐSLUSTARFID

Starfsmenn fræðslustofnana rafiðnaðarmanna munu leggja fram á þinginu sérstaka skýrslu um reksturinn.

Frá iðnaðarsamfélaginu yfir í hátæknisamfélagið

Það er liðin tíð að allir séu með sömu menntun innan sömu starfsgreinar og auðvelt sé að skipta um starfsfólk og ráða nýtt. T.d. má fullyrða að umtalsverður meirihluti rafiðnaðarmanna sem búinn er að vera á vinnumarkaði í 10 ár eða lengur hafi hver um sig fengið sérstaka starfsþjálfun og sérsniðna endurmenntun. Helmingur félagsmanna Rafiðnaðarsambandsins sækir að meðaltali eitt fagtennt endurmenntunarnámskeið á ári. Flest fyrirtækjanna sem starfa í rafiðnaðargeiranum verða að endurmennta alla starfsmenn sína á 3 - 4 ára fresti ef þau ætla að standast samkeppnina og ná til sín nýjum verkefnum. Fram hafa komið óskir um að Rafiðnaðarskólinn bjóði upp á markvisst framhaldsnám á ákveðnum brautum sem ljúki með réttindaprófi. Þannig mætti t.d. leysa vandamál sem væru innan rafiðnaðargeirna sem ekki væri hægt að reka í verkmenntaskólakerfinu sakir fárra nema eins og t.d. Rafvélavirkjun, Iðnaðarrafvirkjun, Rafveituvirkjun o.fl.

Ný öld er að renna í hlaðið og við höfum mörg hver ekki undirbúið móttöku hennar. Rafiðnaðarmenn hafa ætíð skipt sér mikið af starfsmenntamálum og hafa verið í forystu um skipulag í þessum málaflokki. Menntamál hafa ætíð verið beintengd við þá stefnu sem við höfum í kjarabaráttunni. Atvinnurekendur í rafiðnaðargeiranum hafa ætíð haft meiri skilning á þessu starfi en aðrir atvinnurekendur. Okkur hefur gengið mun betur en öðrum starfsgeirum að semja um margskonar

atriði, sem auðvelda okkar fólki að sækja sér aukna menntun. Má þar nefna eftirmenntunarsjóðina og það ákvæði í kjarasamning okkar að rafiðnaðarmenn geta varið allt að 12 tímum á ári í eftirmenntunarnám.

Það er viðurkennd staðreynd að skortur á menntun leiðir til atvinnuleysis og lægri launa. Fólki sem hefur ekki aðlagð sig að sérhæfðum kröfum vinnumarkaðarins hefur átt í mun meiri erfiðleikum með að fá atvinnu en þeir sem það hafa gert. Launabil þessara hópa hefur aukist. Lenging skólagöngu eykur hins vegar ekki möguleika á atvinnu, nema það viðbótarnám sé í tengslum við þarfir vinnumarkaðsins um sérhæfni og þekkingu. Að Rafiðnaðarskólanum standa klasi fyrirtækja í rafiðnaðargeiranum. Þetta hefur aukið samkeppnishæfni og framleiðni fyrirtækja innan geirans og hefur stuðlað að aukinni verðmætasköpun. Þessi stefna hefur tryggt okkur betri stöðu á vinnumarkaðinum og skapað sóknarfæri í launabaráttunni.

Breytingar á stjórnkerfi fræðslukerfis rafiðnaðarmanna.

Frá upphafi hefur skólanefnd Rafiðnaðarskólans stjórnaði honum. Í nefndinni voru fulltrúar úr eftirmenntunarnefndum í rafiðnaðargreinum, formenn sambanda rafiðnaðarmanna og forsvarsmenn helstu fyrirtækja sem rafiðnaðarmenn vinna hjá. Fyrir þrem árum var nafni nefndarinnar breytt í Fræðsluráð rafiðnaðarins og það sett yfir allar fræðslustofnanir rafiðnaðarmanna. Hér er um að ræða Rafiðnaðarskólann, VT skólann, Margmiðlunar og fjarkennsluskólann, Fræðslumiðstöð rafiðnaðarins, Rafiðnaðarútgáfuna og Bókasafn rafiðnaðarmanna. Í ráðinu eru um 20 menn og hefur það komið saman einu sinni á mánuði á um klst. fund. Stundum reynst erfitt að ná því saman sakir fjölmennis. Í vetur var ákveðið að breyta stjórnkerfinu á þann veg að fræðsluráðið kæmi saman þrisvar á ári í stað einu sinni á mánuði og þeir fundir yrðu lengri, eða um 3 – 4 klst. Ákveðið hefur verið að setja fjögurra manna framkvæmdastjórn til þess að vinna með framkvæmdastjórum fræðslustofnana rafiðnaðarmanna. Á miðstjórnarfundi þann 9. apríl voru kosnir af hálfu RSÍ Guðmundur Gunnarsson fyrir sterkstraum, hann er formaður Fræðsluráðsins, og Valgeir Jónasson fyrir veikstraum.

Fyrir nokkrum árum var Fræðslumiðstöð rafiðnaðarins stofnuð. Hún gerði samning við menntamálaráðuneytið um nokkur verkefni eins og t.d. umsjón sveinsprófa og námssamninga og endurnýjun námskráa. Einnig sér hún um mat á námi erlendra rafiðnaðarmanna sem koma hingað til lands. Það hefur þótt óheppilegt að Fræðslumiðstöðin starfaði undir sömu stjórn og skólar samtaka rafiðnaðarmanna. Því var ákveðið fyrir nokkru að flytja Fræðslumiðstöð rafiðnaðarins úr Rafiðnaðarskólanum og setja henni sérstaka framkvæmdastjórn. Í hana hefur miðstjórn RSÍ kosið Ísleif Tómasson fyrir sterkstraum og Andra Jóhannsson fyrir veikstraum.

Aðför að Tækniskólanum.

Tækniskóli Ísland hefur á undanförunum misserum gengið í gegn um nokkrar þrengingar. Er þar aðallega um að ræða áhuga menntamálaráðuneytisins og aðila innan Háskóla Íslands á að hluta skólann í sundur og fela verkefni hans ýmsum aðilum annarstaðar í skólakerfinu.

Fyrsta atlagan var gerð með starfi "Nefndar um kennslu í verk- og tæknifræði á árinu 1997". Þar komu fram tillögur um að sameina hluta skólans Verkfræðideild HÍ, án þess að fjallað væri að nokkru marki um örlög annarra þátta í starfi hans. Í starfi nefndarinnar kom fram hjá fulltrúa HÍ alvarlegur skortur á skilningi á eðli og starfi TÍ, sem hefur að verulegu leiti einnig einkennt aðrar og síðari atlögur að skólanum. Í nefndinni varð á lokastigi alvarlegur klofningur og lauk hún aldrei störfum. Formaður nefndarinnar lagði þó fram drög að skýrslu og virtist vera áhugi hjá ráðuneytinu til að byggja framhald afskipta sinna á álit minnihlutans, þ.e. flysja skólann í sundur. Skólanefnd TÍ lét í ljós álit sitt á starfi nefndarinnar í desember 1997 og í kjölfar þess hljóðnaði um málið.

Önnur atлага var gerð að skólanum á síðari hluta ársins 1998. Í kjölfar setningar rammalöggjafar um háskóla í desember 1997, setti ráðuneytið á vordögum 1998, einn af starfsmönnum sínum og lögfræðing utan úr bæ til að endurskoða lög um TÍ og aðlaga þau að hinni nýju rammalöggjöf. Á liðnu sumri bárust fréttir af því að draugurinn væri upp vakinn og slíta ætti skólann í sundur á svipaðan hátt og í fyrra skiptið. Skólanefnd TÍ gafst eftir eftirgangsmuni tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við þessa vinnu með álitgerð sem send var ráðuneytinu í september. Í kjölfar þess

bárust fréttir um að líkur væru á friði. Innan skólans var settur aukinn kraftur í að endurnýja markmið og stefnu skólans.

Nú nýlega setti ráðuneytið einn deildarstjóra sinna og prófessor úr HÍ til að skoða fjármál TÍ. Skólinn fór u.þ.b. 30 miljónir framúr fjárlagaheimildum á árunum 1996 og 1997 og hlutverk þeirra er að leita lausna á því máli. Framúraksturinn var aðallega vegna kjarasamninga við kennara og vandans því að leita við Arnarhól. Rekstur skólans er í jafnvægi á árinu 1998 og líkur á að hægt sé að jafna hallan á næstu tveim árum að óbreyttu. Þeir félagar hafa hinsvegar farið um víðan völl í vinnu sinni og fyrr en varir hafið hugmyndasmíð um að tæta skólann í sundur.

Nú er rétt að fara nokkrum orðum um skólann, eðli hans og sérstöðu. Við skólann eru starfræktar eftirtaldar deildir.

- ?? Frumgreinadeild. Þar stundað aðallega iðnaðarmenn aðfararnám að tæknideild skólans.
- ?? Tæknideild. Í þessari deild er kennd iðnfræði og tæknifræði á sviðum bygginga- raf- og málmíðnaðar.
- ?? Röntgen- og meinatæknadeild. Þar er nemum á þessum sviðum kennt í samstarfi við sjúkrahúsin í Reykjavík.
- ?? Rekstrardeild. Þessi deild er fjölmennust og við hana er kennd rekstrarfræði, iðnrekstrarfræði og markaðsfræði.

Allar mynda deildir skólans sameiginlegt stoðkerfi, þannig að með þessum sameignlega, en e.t.v. í fljótu bragði ólíka rekstri tekst að halda uppi kennslu á viðráðanlegu verði fyrir samfélagið. Engin þessara deilda gæti staðið við óbreyttar aðstæður sem sjálfstæð rekstrareining nema e.t.v. rekstardeildin.

Sérstaða skólans felst þó aðalega í því að við hann stundar nám, fólk sem er eldra en nemendur annarra skóla á háskólastigi. Þetta atriði er mikilvægt þegar samtök eins og ASÍ móta afstöðu sína til skólans, því úr röðum verkafólks og iðnaðarmanna hafa flestir nemendur hans komið. Það er almennt viðurkennt staðreynd að skólinn hefur reynst þessu fólki einkar vistvænn og það er einnig viðurkennt að ólíklegt er að nemendur skólans hefðu í gegn um árin leitað í HÍ til að sækja sér þekkingu til að undirbyggja starfsframa sinn og aukna tekjumöguleika. Þjóðfélagið hefur einnig hagnast á að námi hefur lokið fólk, sem hafði aflað sér reynslu úti í atvinnulífinu fyrir háskólanám.

Önnur sérstaða skólans er að hann er eini skólinn á háskólastigi sem býður aðfararnám fyrir þá sem ekki hafa stútnetspróf eða telja sig af öðrum sökum þurfa á slíku námi að halda. Námið er samfelld og lánshæft og í nánnum tengslum við mögulegt framhaldsnám innan skólans. Fyrirkomulag námsins hentar því vel fyrir fjölskyldufólk. Með námi við þessa deild hefur iðnaðarmönnum verið gert kleift að ljúka námi í tæknifræði og tryggja sérstöðu tæknifræðinga sem praktískt menntaðra manna til mótvægis við akademískt menntaða verkfræðinga. Á fundi skólanefndar TÍ, þann 22. desember 1998 var rætt um síendurtekin útbrot óeirða um skólann og með hvaða hætti mætti skapa varanlegan frið. Þar var um það rætt að fulltrúar þeirra samtaka, sem aðild eiga að nefndinni ræddu við sitt fólk Samtök rafiðnaðarmanna hafa beitt sem fyrir því að samtök iðnaðarmanna og atvinnurekenda taki höndum saman um að yfirtaka rekstur Tækniskólans. Marga áfanga hans væri með hagkvæmum hætti samreka með áföngum í meistarskóla okkar og mörgu af því námi sem boðið er upp á í Rafiðnaðarskólanum.

Rafiðnaðarnemar.

Ósamningsbundnir nemar í verknámsskólum landsins skiptast þannig í ársbyrjun 1999

Grunndeildir rafiðna

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra Sauðárkróki	5
Fjölbrautaskóli Suðurlands Selfossi	12
Fjölbrautaskóli Suðurnesja Reykjanesbæ	12
Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi	22
Fjölbrautaskólinn Breiðholti,dagaskóli	
Fjölbrautaskólinn Breiðholti,kvöldskóli	

Framhaldsskóli Vestfjarða Ísafirði	
Iðnskólinn í Hafnarfirði	30
Iðnskólinn í Reykjavík	
Verkmenntaskóli Austurlands Neskaupstað	0
Verkmenntaskólinn á Akureyri	22

Framhaldsdeildir:

Rafvirkjun, rafvélavirkjun og rafveituvirkjun:

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra Sauðárkróki	Rafvirkjun	2
Fjölbrautaskóli Suðurlands Selfossi	Rafvirkjun	4
Fjölbrautaskóli Suðurnesja Reykjanesbæ	Rafvirkjun	5
Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi	Rafvirkjun	15
Fjölbrautaskólinn Breiðholti,dagskóli	Rafvirkjun	
Fjölbrautaskólinn Breiðholti,kvöldskóli	Rafvirkjun	
Framhaldsskóli Vestfjarða Ísafirði		
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafvirkjun	
Iðnskólinn í Reykjavík	rafvéla ­ kirkjun	
Iðnskólinn í Reykjavík	rafveituvirkjun	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Rafvirkjun	10

Rafeindavirkjun

Fjölbrautaskóli Vesturlands Akranesi	Rafeindavirkjun	7
Iðnskólinn í Hafnarfirði	Rafeindavirkjun	8
Iðnskólinn í Reykjavík	Rafeindavirkjun	
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Rafeindavirkjun	11

Sveinsprófin:

Sveinspróf í sterkstraum­fögum voru haldin í febrúar og júní.

Til prófs í júní mættu 47 próftakar þ.e. 45 í rafvirkjun, 1 í rafvélavirkjun og 1 í rafveituvirkjun. 23 stóðust prófið í rafvirkjun þ.e. 40% fall, rafvélavirkjun 100% fall og í rafveituvirkjun náði 1 þ.e. 0% fall.

Til prófs í febrúar mættu 55 í rafvirkjun 40 stóðust prófið í rafvirkjun þ.e. 27% fall,

Í veikstraumsgreinum voru haldin sveinspróf í rafeindavirkjun í júní 1998 og febrúar 1999.

Til prófs í júní mættu 44 15 stóðust prófið en 29 féllu eða 66%

Til prófs í febrúar mættu 32. 15 stóðust en 17 féllu í einum áfanga eða fleirum eða 53%

Sveinsprófsnefndir í rafiðnaði hafa aðstöðu í Rafiðnaðarskólanum og fara nú sveinsprófin að öllu leiti fram þar.

ORLOFSHÚSIN.

		<i>Heildar- tekjur</i>	<i>Heildar- gjöld</i>	<i>Tekjur pr.hús</i>	<i>Gjöld pr.hús</i>	<i>Leiga sem hlutfall af rekstrar- kostnaði 1998</i>	<i>Leiga sem hlutfall af rekstrar- kostnaði 1997</i>	<i>Leiga sem hlutfall af rekstrar- kostnaði 1996</i>	<i>Leiga sem hlutfall af rekstrar- kostnaði 1995</i>
<i>Reykjavík</i>	2	858.500	1.121.009	429.250	560.505	76,6%	124,5%	108,50%	148,40%
<i>Skorrad</i>	2	493.000	801.976	246.500	400.988	61,5%	55,4%	40,7%	76,7%
<i>Svignask</i>	2	753.600	977.568	376.800	488.784	77,1%	62,0%	71,9%	63,5%
<i>Vatnsfj</i>	1	142.500	643.793	142.500	643.793	22,1%	16,8%	30,1%	30,9%
<i>Varmahl</i>	1	258.900	807.592	258.900	807.592	32,1%	18,4%	0,0%	0,0%
<i>Akureyri</i>	3	1.192.400	971.471	397.467	323.824	122,7%	94,3%	88,1%	89,9%
<i>Einarsst</i>	3	314.500	1.030.718	104.833	343.573	30,5%	31,2%	38,6%	31,9%
<i>Klifabotn</i>	2	220.500	608.573	110.250	304.287	36,2%	44,1%	27,8%	72,9%
<i>Klaustur</i>	2	435.000	586.848	217.500	293.424	74,1%	83,5%	95,1%	103,8%
<i>Brekkusk</i>	4	1.490.600	2.017.953	372.650	504.488	73,9%	80,3%	122,2%	48,3%
<i>Hraunb</i>	1	326.800	354.310	326.800	354.310	92,2%	111,4%	101,8%	95,9%
<i>Snæfoksst</i>	2	755.700	545.350	377.850	272.675	138,6%	114,0%	78,0%	61,8%
<i>Ölfusb</i>	3	545.400	1.240.946	181.800	413.649	44,0%	32,1%	29,8%	28,1%
<i>Tjaldvagn</i>	4	267.000	890.783	66.750	222.696	30,0%	23,4%	35,6%	108,9%
Meðaltal	32	8.054.400	12.598.890	251.700	393.715	63,9%	60,5%	60,6%	62,2%

Orlofshúsin

Vetrarnotkun orlofshúsanna hefur vaxið verulega. Heitir pottar eru við 15 húsanna, þeir eru vinsælir hjá félagsmönnum og fellur vart helgi úr leigu allan ársins hring. Þetta kallar á verulega aukna vinnu í viðhaldi, úthlutun og öðru sem rekstri orlofshúsanna hefur fylgt. Á síðasta ári var tekið í notkun nýtt hús við Varmahlíð. Það hús hefur verið mjög vel heppnað og er gífurlega vinsælt

Þessi mikla nýting hefur þýtt umtalsverða aukningu á rekstrarkostnaði en á móti hafa komið auknar leigutekjur. Vetrarleiga hefur aukist verulega undanfarin ár. Sérstaklega er sótt í húsinn sem eru með heitum pottum. Einnig má segja að nær samfelld notkun sé á íbúðunum í Reykjavík. Nú er svo komið að vetrarleigutekjur okkar af sumum húsanna eru orðnar mun hærri en sumarleigan.

Stöðugt er verið að vinna að breytingum og endurnýjun á orlofshúsunum og búnaði þeirra. Bætt hefur verið við dúkkuhúsum (leikhús) við orlofshúsin. Þessi hús hafa verið gífurlega vinsæl bæði hjá börnunum í búleikjum o.þ.h. og ekki síður hjá foreldrum sem segja að dúkkuhúsin séu bestu barnapíur sem hægt sé að hugsa sér. Unnið hefur verið að endurnýjun á gólfefnum í húsunum og lökkun á veggjum. Bera þarf á húsinn og pallanna reglulega og einnig hefur verið skipt út nokkuð af húsgögnum.

Undanfarin vor hefur verið gróðursettur töluverður fjöldi trjáplanta. Það er ánægjulegt að sjá hversu vel hefur til tekist og má þar sérstaklega benda á lóðirnar okkar við Klaustur, þar hefur orðið bylting og svæðið orðið mun vistlegra.

Fyrri úthlutun orlofshúsa lokið

Nú um helgina var unnið úr fyrri úthlutun orlofshúsa. Skrifstofunni höfðu borist 507 umsóknir, sem er hlutfallslega svipað og undanfarin ár. En í fyrra bárust t.d. um 420 umsóknir, síðan þá hefur félagsmönnum fjölgað. 321 félagsmenn fengu það sem þeir sóttu um. Til úthlutunar voru um 490 vikur. Þannig að 169 eru lausar og munu þær fara inn í seinni úthlutun. Þeir sem ekki fengu nú það sem þeir sóttu um verður sent bréf þar sem þeim er kynnt hvaða vikur eru lausar og geta þeir endurnýjað umsóknir sínar. Þeir sem fengu úthlutað verða nú að staðfesta úthlutun sína fyrir seinni úthlutun, annars fara úthlutanir þeirra inn í hana.

Breytingar á starfi Orlofsnefndar

Undanfarin ár hefur orlofsnefnd verið með samning við VR um umsjón tjaldvagnaútgærdarinnar. Kostnaður vegna þessa samnings jókst svo gífurlega að í fyrra ákvað nefndin að leigja sjálf húsnæði undir vagnana og var einungis gerður samningur við VR um afhendingu vagnana yfir sumarið. Í sumar verður vögnunum fjölgað um tvo auk þess að Matvís hefur ákveðið að hefja rekstur tjaldvagna og mun gera það í samvinnu við RSÍ. Á grundvelli þessa var ljóst að mun hagstæðara var fyrir nefndina að sjá sjálfa um afhendingu og útleigu vagnanna, orlofsnefndin ákvað því að endurnýja ekki samninginn við VR. Verður ráðinn starfsmaður í sumar til þess að sjá um vagnana. Hann mun einnig sjá um tjaldsvæðið við Apavatn ásamt starfsmönnum RSÍ.

Frankvæmdir í undirbúningi hjá orlofsnefnd

Í viðhorfskönnunum sem gerð var meðal félagsmanna kom fram áhugi á að boðið væri upp á fleiri gerðir af orlofshúsum, þá minni hús og ódýrari. Þegar RSÍ festi sér land við Hæðargarðsvatn þótti rétt að líta til framtíðar og festa 3 lóðir. 2 hús voru byggð en þriðja lóðin hefur staðið ónotuð. Undanfarið ár hefur verið unnið að því að fá lóðaskipulagi breytt og fá heimild til þess að byggja 3 minni orlofshús á lóðinni. Nú hefur skipulagsnefnd samþykkt tillögur RSÍ. Smá skikar verða teknir úr hinum lóðunum og búnar til 3 lóðir úr ónotuðu lóðinni. Búið er að hanna 28 ferm. hús með svefnaðstöðu fyrir 4, með litlu eldhúshorni og borðkrók, baðherbergi með sturtu og svo lítilli stofu. Áætlun er um að bjóða út byggingu húsanna og láta vinna að undirbúningi lóða í haust. Sett verður niður ein rotþró fyrir húsinn og búnar til litlar grasflatir við þau.

Í vor kemur heitt vatn að Svignaskarði og þá losnar rafhitunarbúnaðurinn. Nokkrar vangaveltur eru uppi hvar eigi að nýta búnaðinn. Ein af ástæðunum fyrir því að við höfum ekki sett upp heita potta við Ölfusborgir er að ekki er nægjanlega mikið heitt vatn á svæðinu. Hugmyndir eru um að setja upp heita potta þar í haust og rafkynda þá þar til búið verði að lagfæra heita vatnið á svæðinu. Áhugi er á að setja upp heita potta við húsinn í Skorradal, en bent hefur verið á að erfitt sé að komast að þeim að vetri til og settar hafa verið fram hugmyndir um að selja þau hús og kaupa frekar fleiri hús í Svignaskarði. Einnig eru uppi hugmyndir um að setja upp heita potta við hús sambandsins í Lóninu. Þar hefur orðið skortur á vatni í þurrkum en þegar verkafélagsfélagið á Höfn setti upp hús sín í nágrenni við okkar þá voru gerðar ráðstafanir til úrbóta og nú er hægt að fá nægt vatn. Nokkuð hefur verið kvartað undan því að ekki sé nægjanlega mikill möguleiki til afþreyingar á þessu svæði.

Eins og kemur fram á öðrum stað í skýrslunni þá er búið að ákveða að selja hús sambandsins við Snæfoksstaði og jafnvel við Hraunborgir og reisa í stað þess fleiri hús við Apavatn. Eftir mjög vel heppnaðar viðgerðir á Hraunborgarhúsinu er talið víst að það hús verði ekki selt en búið er að selja annað húsið á Snæfoksstöðum og hafa nokkrir aðilar haft samband og vilja kaupa hitt húsið. Næsta vetur er því öruggt að byggð verða 2 - 3 ný hús við Apavatn.

Apavatn orlofssvæði Félags símamanna.

Svæðið er nokkuð stórt nes við Apavatn sem gengur suður í vatnið. Ekið er niður að því um 4 km. út frá Laugarvatnsveginum, skömmu áður en komið er að Laugarvatnsskólunum. Þegar að svæðinu er komið er þar stórt og mikið hlið byggt úr símastaurum. Frá hliðinu liggur mikil símalína í staurum með mörgum línunum í postulínfestingum niður með veginum inn á svæðið. Þessu er haldið vel við og setur mikinn svip á innkomuna á svæðið.

Svæðið.

Svæðið er ákaflega vel hirt á því er búið að rækta töluverðan trjágróður og búið að mynda mjög gott skjól utan um stóra flöt sem er á miðju svæðinu. Með trjágróðrinum eru myndaðir básar. Þar væri auðvelt að vera með nokkra tugi af tjöldum eða tjaldvögnum. Hringvegur er utan um trjágróðurinn sem umlykur þetta svæði. Milli vegarins og vatnsins er töluvert svæði þar sem er auðveldlega hægt að byggja mörg hús án þess að skerða flatir. Þá væri byggt meðfram vatni og girðingu að norðanverðu á svæðinu.

Minni húsinn.

Á svæðinu eru 4 hús, nákvæmlega eins og hús okkar á Einarstöðum. 50 ferm. með tveim herbergjum.

Hús sem Húsasmiðjan byggði á sínum tíma. Í hvoru herbergi eru nýleg hjónarúm og tvær kojur. Eldhúskrúkur tengdur borðstofuhorni og stofu. Þar fyrir framan er pallur sem snýr á móti suðri og á honum er heitur pottur. Í miðju hússins er baðherbergi með sturtu. Áður voru 3 svefnherbergi en nýlega er búið að stækka sameina tvo herbergi og setja ný hjónarúm í bæði herbergin.

Stóra húsið

Stórt hús er á svæðinu þar eru 4 herbergi með 4 rúmstæðum í kojum. Lítil íbúð ca 35 ferm. sem ætluð er fyrir umsjónarmanni. Þar er lítill eldhúskrúkur og stofuhorn og svefnaðstaða með hjónarúmi. Tvær snyrtiaðstöður eru með 3 klósettum hvor og í öllu húsinu er einungis ein sturta inn á karlklósetti. Í húsinu er setukrúkur og svo stór salur u.þ.b. 70 ferm. Þar er falletgur arinn og borð og stólar fyrir u.þ.b. 30 manns. Til hliðar við sal er opið inn í stórt eldhús með öllum tækjum. Þetta hús er einungis leigt út sem ein eining yfir vetur og sumar.

Stórt leiksvæði. Bátahús, flotbryggja og gufubað

Við stóra húsið er feiknarlega mikil túnflöt. Þar eru margskonar leiktæki og fyrir neðan hana er steinsteypt hús niður við vatnið. Þar sem er rúmgóð geymsla fyrir 4 báta, flotvesti og árar. Einnig er þar gufubað með sturtuklefa og fataherbergi. Fyrir utan þetta hús er flotbryggja. Ekki langt frá stóra húsinu er stór geymsla sem hefur verið byggð úr símastaurum, bjálkahús. Þar eru geymd margskonar tæki m.a. grill og fleira.

Nokkrar hugmyndir um nýtingu svæðisins við sameiningu.

Miðstjórn RSÍ hefur ákveðið að selja í hús okkar á Snæfoksstöðum byggja í stað þess í vetur ný hús á svæðinu af því væri sparnaður af hitaveitukostnaði og lóðaleigugjöldum. Þetta svæði rúmar auðveldlega hina árlegu fjölskylduhátíð RSÍ. Einnig rúmar það haustráðstefnur og sambandsstjórnarfundir RSÍ og vinnufundi aðildarfélaganna, þá með því að keyra hluta af mannskapnum upp í Brekkuskóg, 10 mín. akstur. Þegar er búið að selja annað húsið á Snæfoksstöðum og verður það afhent um miðjan ágúst.

Hraunborgir skemmast

Orlofshús RSÍ við Hraunborgir skemmdist um jólin þegar heitavatnsrör í blöndunartækjum í eldhúsi sprakk. Allt innanhúss soðnaði og eyðilagðist. Eftir mikið stapp við tryggingarfélagið var ákveðið að gera tilraun til þess að selja húsið í því ástandi sem það var í. Mjög lág tilboð bárust og var þá ákveðið að gera við húsið og stefna að því að ljúka því fyrir páska. Um helgina luku trésmiðir og píparar vinnu sinni og hafa starfsmenn RSÍ nú endurnýjað raflagnir og sett nýtt innbú í húsið og er það tilbúið til notkunar á ný. Húsið er glæsilegt og ljóst að hinir fjölmörgu félagsmenn okkar sem hafa tekið tryggð við þetta skemmtilega hús geta nú tekið gleði sína á ný.

Samningur við hótél

Gerður var samningur við Hótél Vík í Reykjavík. Þar stendur félagsmönnum til boða mjög hagstæð gisting. Tvennskonar herbergi eru á þessu hóteli. Þau stærri eru með eldunaraðstöðu og þar geta heilar fjölskyldur auðveldlega gist. Þau minni eru rúmgóð 2ja manna herbergi með baði og sjónvarpi. Hótelið er í Síðumúlanum ekki langt frá skólunum og skrifstofum sambandsins.

Sameiginleg aðstaða við Ölfusborgir

Ekki náðist samstaða um að byggja sameiginlega aðstöðu í Ölfusborgum. Eldri húsin voru fyrir löngu að falli kominn, missiginn og köld. Töluverð umræða hefur átt sér stað meðal eigenda svæðisins að byggja nýja miðstöð sem rúmaði góða fundar- og kennsluástöðu. Töluvert skiptar skoðanir eru meðal eigenda svæðisins um þetta mál. Nokkur félög með Félag járníðnaðarmanna í broddi fylkingar börðust gegn þessu og fengu meðal annars álit lögmannna um að þetta sé ólöglegt. Við tókum þá ákvörðun að vera með í þessu ef fram kæmu teikningar af húsi sem væru raunsæjar og stjórn svæðisins sýndi fram á að hægt væri að fjármagna byggingarnar á eðlilegan hátt. Rétt er að geta þess að RSÍ er líklega eina stéttarfélagið sem notar Ölfusborgir reglulega til fundarhalds, eins og t.d. trúnaðarráðstefnur okkar á haustin. Miðstjórn RSÍ er nú að vinna að undirbúningi að fjárfesta í heitum pottum við hús okkar.

Rafiðnaðarsambandið kaupir íbúð

Eftir að sú ákvörðun var tekin að selja íbúðir RSÍ í Asparfelli og kaupa íbúðir í stað þeirra í

Ljósheimum hefur notkun þeirra stórlega vaxið. Blokkin er öll nýyfirfarinn og glæsileg og staðsetning er mjög góð, 100 metrar yfir í fræðslustofnanir rafiðnaðarmanna og stutt í bæinn. Nú er svo komið að félagsmenn RSÍ sem búa utan Reykjavíkursvæðisins hafa undanfarið kvarta mikið yfir því hversu ásetnar íbúðirnar eru. Það þurfi að panta þær með mjög löngum fyrirvara.

Eitt þeirra markmiða sem sett voru efst þegar íbúðirnar voru keyptar, var að þær yrðu lánaðara án endurgjalds til þeirra félagsmanna sem þurfa að dvelja í Reykjavík vegna heilsufarsástæðna þeirra sjálfra eða fjölskyldna þeirra. Þær hafa svo verið nýttar til orlofsdvalar fyrir okkar fólk þegar þær hafa verið lausar.

Miðstjórn ákvað í vetur að kaupa þriðju íbúðina og hún yrði í sömu blokkinni og hinar. Verið er að ganga frá kaupsamning á 85 ferm. fjögurra herb. íbúð, sem breytt verður í 3ja herb. íbúð með tveim rúmgóðum herbergjum. Íbúðin verður afhent sambandinu í byrjun maí. Eins og áður þegar RSÍ hefur keyptar eignir, þá verðum við að lagfæra ýmislegt til þess að þær fullnægi okkar kröfum áður en íbúðin fer í leigu, en hún ætti ef ekkert sérstakt kemur upp á, að standa okkar fólk til boða í júní. Útlán þessarar íbúðar verður með þeim hætti að hún verður aldrei bókuð meir en 3 daga fram í tímann, utan þeirra tilfella að um sé að ræða tilfelli vegna heilsufarsástæðna. Félagsmenn geta sett sig á biðlista en fá ekki staðfestingu.

Núverandi eignir orlofssjóðs.

Í vetur var ákveðið að kaupa 2 nýja tjaldvagna og verða tveir staðsettir á Akureyri í sumar til reynslu. Í sumar verður gerð tilraun með að menn geta valið um hvort þeir sækja um tjaldvagn á Akureyri eða í Reykjavík. Einnig verður hluta vagnanna haldið utan úthlutunar þannig að hægt verður að leigutíminn þarf ekki endilega að vera vika. Í fyrra var gerð tilraun um breytt fyrirkomulag á umsóknum. Nokkur fjöldi félagsmanna hefur kvartað undan hversu seint hefur verið úthlutað. Margir þeirra þurfa að ákveða snemma veturs hvenær þeir ætla í orlof. Úthlutanir eru nú tvær og sú fyrri í byrjun apríl.

Í dag eigum við 35 hús og íbúðir auk 6 tjaldvagna. Sumarleigutíminn er 13 vikur, umsóknirnar sem bárust í fyrra voru um 420 vikur. Þeir sem sækja um fyrri hluta sumars fá undantekningarlítið það sem þeir sækja um, einnig þeir sem sækja um seinni hluta ágústs. Það eru umsóknir sem eru á tímabilinu frá miðjum júlí og fram í miðjan ágúst sem þurfa að hafa verulegan punktafjölda á bak við sig til þess að komast í gegnum um úthlutunarkerfið.

Umsóknarfjöldi og nýting okkar félagsmanna hefur verið mjög há, langt umfram það sem þekkest í öðrum stéttarfélögum. Því var spáð í vetur að umsóknarfjöldi myndi lækka umtalsvert. Atvinnuástand væri mun betra nú og gífurlegur fjöldi væri búinn að panta sér sólalandaferð. Reyndin er önnur engin fækkun virðist ætla að verða á umsóknum. Helgarnýting húsanna hefur aldrei verið betri og eru biðlistar í vinsælustu húsin á suður- og vesturlandi og standa þau fyllilega undir rekstrarkostnaði eins og kemur fram í meðfylgjandi töflu.

Orlofsaðstöðurnar sem við eigum eru : 3 íbúðir í Reykjavík, 2 hús í Skorradal, 2 hús í Svignaskarði, 1 hús í Vatnsfirði, 1 hús í Skagafirði, 3 íbúðir á Akureyri, 3 hús á Einarstöðum, 2 hús í Lóni, 2 hús á Kirkjubæjarklaustri, 4 hús í Brekkuskógi, 3 hús í Grímsnesi og 3 hús í Ölfusborgum.

Fellihýsi gengur ekki

Í fyrra var gerð tilraun með fellihýsi sem var með fortjaldi og öllum búnaði. Það kom í ljós að mjög margir lentu í vandræðum með að reisa hýsið og fortjaldið og ekki síður að ná því saman, einnig lentu sumir í vandræðum með að draga hýsið vegna þess að þeir voru á of litlum bílum. Þessi atriði og mikið viðhald á fellihýsinu leiddi til þess að hætt var við þennan rekstur og ákveðið að beina frekar kröftunum í að fjölga vögnum, setja í þá hitara og eldunargræjur.

Kröfur um nýja íbúð í Reykjavík

Fram hafa komið vaxandi kröfur um að fjölga íbúðum í Reykjavík og að halda einni íbúðanna utan langtímaleigu, þannig að hægt væri að fá hana með stuttum fyrirvara þegar um væri að ræða ferðir vegna veikinda og slysa félagsmanna og fjölskyldna þeirra.

ERLEND SAMSKIPTI

Norðurlönd eru sameiginlegur vinnumarkaður rafiðnaðarmanna. Töluverður fjöldi félagsmanna er þar í vinnu. Þeir njóta þar fullra réttinda í félögunum hvar sem þeir eru búsettir. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að samræma réttindi og kjarasamninga milli norðurlandanna. Það hefur færst í aukana að rafiðnaðarfyrirtæki taki að sér verkefni yfir landamæri víðsvegar um norðurlöndin auk þess sem þau hafa sótt verkefni í Þýskalandi og í Austur-Evrópulöndunum.

Sambönd rafiðnaðar- og símamanna sameinast í Noregi.

Dagana 27. – 30. nóvember voru sambönd rafvirkja og símanna í Noregi sameinuð. Í Norsk Elektriker og Kraftstationsforbund (NEKF) voru 28 þús. félagsmenn og í Tele- og Dataforbundet (TD) voru 14 þús félagsmenn. Nýja sambandið heitir El & IT forbundet (IT stendur fyrir Informations og Technologiforbundet, nafn nýja sambandsins mætti þýða sem Raf- og upplýsingatæknisambandið). Sambandið er ætlað fyrir alla launamenn í rafiðnaði, þ.e. raforkuframleiðslu og dreifingu, síma-, tölvu-, upplýsinga- og margmiðlunarveitum. Sama þróun á sér stað víða í kjölfar þess að opinberu símafyrirtækin hafa verið einkavædd.

Helsta ástæða sameiningar þessara sambanda er sú afleiðing einka- og tæknivæðingarinnar að félagsmenn þeirra eru að starfa á sama markaði. Opinberu fyrirtækin í rafiðnaðargeiranum hafa eftir einkavæðinguna haslað sér völl á rafverktakamarkaðinum af miklum krafti. Norski landsímminn, Telenor, hefur undanfarið keypt upp hvert rafverktakafyrirtækið af öðru og nú eru starfandi hjá Telenor um 5000 rafvirkjar. Fyrirtækið og dótturfyrirtæki þess taka að sér allar raf-, tölvu- og samskiptakerfislagningar í húsum, fyrirtækjum og yfir höfuð hvaða nafni rafkerfin nefnast. Sama er að segja um norsku rafveiturnar þær hafa skellt sér í samkeppnina á rafverktakamarkaðinum en ekki af sama krafti og símafyrirtækin. Hjá norsku rafveitunum eru í dag starfandi um 500 rafvirkjar í deildum sem keppa á rafverktakamarkaðinum. Sama þróun hefur átt sér stað hjá rafveitunum í Danmörku, en bandarískt fjármögnunarfyrirtæki keypti danska landsímamann fyrir nokkru og þeir hafa ekki skellt sér í samkeppnina á rafverktakamarkaðinum, (ennþá).

Þróun á vinnumarkaði

Á þingum beggja sambandanna sátu tæplega 500 fulltrúar. Fyrst voru þingin í sitt hvoru lagi en svo voru þau sameinuð á stofnþingi hins nýja sambands. Í ræðum Andresar Kristoferssen formanns NEKF og Tove Guldbrandsen formanns TD kom m.a. fram að tækniþróunin hafi þurrkað út landamærin sem voru á milli þessara sambanda. Tove sagði í setningarræðu sinni að um orkudreifikerfið og venjulegar raflagnir fari mikið af tölvu- og símasamskiptum. Í dag er útilokað að skilja á milli raflagna, tölvulagna, símakerfa og útvarps- og sjónvarpskerfa, þegar verið er að setja upp raf- og samskiptakerfi í íbúðar- og skrifstofuhúsum. Þróunin stefnir enn lengra á þessu sviði því þær raflangir sem eru að koma á markað eru forritanlegar og tölvustýrðar og þú getur hringt heim og komist í samband við raflögnina og sett af stað hvern hluta hennar sem þú villt. Hann sagði að staðan á vinnumarkaðinum væri orðin þannig að útilokað væri að komast hjá því að sameina þessi sambönd.

Miklar breytingar hjá alþjóðasamböndum

John Pedersen frá Alþjóðasambandi þeirra sem starfa í samskiptakerfum ávarpaði þingið. Hann fjallaði m.a. um að í kjölfar tölvu- og upplýsingabyltingarinnar hafi þeir sem þar starfa á þessu sviði annað hvort gengið í rafiðnaðarsamböndin sem einstaklingar eða samtök þeirra tekið upp viðræður við samtök rafiðnaðarmanna um sameiningu. Hann sagði að samband sitt væri byggt á gömlum grunni eða allt frá 1911 þegar símafyrirtækin voru að myndast, en margt hefði breyst og þróunin í dag væri mun hraðari en margir hefðu gert sér grein fyrir. Tækniþróunin og margmiðlun tengdi í dag saman sambönd, sem ekkert áttu sameiginlegt fyrir nokkrum árum. Nú væru nokkur alþjóðasambönd á þessum sviði í viðræðum um sameiningu. Hann sagðist vona að samtök rafiðnaðarmanna myndu ganga til liðs við hans alþjóðasamband. Samtök launamanna í grafíska iðnaðinum hafa sumstaðar í heiminum einnig tekið upp viðræður við rafiðnaðargeirann. Búið sé að einkavæða mjög ríkisfyrirtæki, sem hafi leitt til gjörbreyttrar stöðu starfsmanna. Hann spáði því að uppbygging og skipulag á samtökum launamanna ætti eftir að breytast mikið á komandi árum. Sumir forystumenn rótgróinna samtaka launamanna teldu sig geta staðið gegn þessari þróun eða reynt að leiða hana hjá sér. John tók það fram að samtök

launamanna yrðu að samsvara sig þeirri þróun sem ætti sér stað á vinnumarkaðinum og um leið að nýrri og breyttri þjóðfélagskipan. Annars væri hætt á að stéttarfélögin verði eins og náttroll sem launamenn muni fjarlægjast og síðan yfirgefa. Vinnumarkaðurinn verður sífellt hnattrænni sagði John, fjölþjóðafyrirtækjum fjölgi og ekki dugi lengur að gera kjarasamninga fyrir eitt land, allra síst fyrir þá sem starfi í rafíðnaðar-, síma, upplýsinga- og samskiptatækninni, sem séu oft sendir til starfa í mörgum löndum, en staðan sé oft þannig að þeir séu jafnvel að vinna á mörgum löndum samtímis og það skipti svo sem ekki miklu máli hvar þeir eigi heima.

ASÍ verður að taka þátt í þróuninni

Samböndin innan ASÍ eru skyldug til þess að samhæfa skipulag hreyfingarinnar við þau störf sem unnin eru á vinnumarkaðinum kom fram í ræðu Jans Kr. Balstads frá norska alþýðusambandinu þegar hann ávarpaði þingið. Þó svo að við höfum okkar skoðanir á einkavæðingunni, verðum við að setta okkur við að ákvarðanataka fer í vaxandi mæli fram á fjölþjóðlegum grunni. Verkalýðshreyfingunni ber skylda til þess, hvort sem henni líkar það eða ekki, að nýta alla þá möguleika sem hún hefur til þess að laða til sín launamenn og svo hægt sé að ná sem bestum árangri í hinni eilífu baráttu fyrir bættum kjörum og félagslegu öryggi einstaklingsins. Stjórnvöld hafi verið að þrengja að verkalýðshreyfingunni og muni örugglega gera það enn frekar. Samtök atvinnurekenda séu sífellt að verða betur skipulögð á alþjóðlegum vettvangi. Ef verkalýðshreyfingin ætlar að berjast áfram, verða menn þar á bæ að hafa burði til þess að takast á við að laga skipulagið að þeim breytingum sem tæknibyltingin og einkavæðingin hefur valdið á vinnumarkaði og þeirri þjóðfélagslegri byggingu sem við búum við í dag.

Aðdragandi sameiningar

NEKF og TD samþykktu það á síðustu þingum sínum fyrir tveimur árum að sameinast. Starfsvettvangur félagsmanna þessara sambanda hefur í vaxandi mæli skarast og sem hefur kallað á samræmingu kjarasamninga sambandanna. Margir vinnuhópar voru settir af stað að loknum þingunum svo sameiningin gæti gengi vel fyrir sig. Þetta var mikið verkefni og að mörgu að huga. Kjarasamningar eru mismunandi, TD hefur í sínum kjarasamningum betri ákvæði um félagsleg atriði og samningar þess eru byggðir á svokölluðum fastlaunakerfum á meðan NEKF hefur aftur á móti byggt sína samninga á ákvæðis- eða afkastahvetjandi launakerfum. Þetta hefur valdið miklum vandræðum m.a. eins og hefur komið fram þá eru í dag starfandi mikill fjöldi rafvirkja við raflagnavinnu hjá Telenor.

Í samtali RSÍ-blaðsins við formann Danska rafíðnaðarsambandsins kom fram að sama þróun ætti sér stað í Danmörku. Áætlað væri að samböndin sameinuðust formlega 1. júní á næsta ári. En hvað kjarasamninga varðaði þá væri þessu öfugt varið í Danmörku, Danska rafíðnaðarsambandið væri með mun betri samninga en danska símasambandið.

Skrifstofurnar NEKF og TD verða sameinaðar og flytja símamenn sínar til rafíðnaðarsambandsins. Félagsgjöld voru mismunandi, í báðum samböndunum er grunnfélagsgjaldið 1,2% af heildarlaunum, en til viðbótar greiddu félagsmenn NEKF mismunandi gjöld til deilda sinna þannig að félagsgjöldin þar eru frá 1,3% - 1,5%.

Tryggingar félagsmanna

Í félagsgjöldum sambandanna eru innifaldar tryggingar félagsmanna. Bæði samböndin eru með líf- og slysatryggingar fyrir félagsmenn, ásamt heimilstryggingum og ferðatryggingum. Þar til viðbótar eru samböndin með nokkrar mismunandi tryggingar og einnig eru þær mismunandi milli deilda í NEKF. Fyrir þingið var lagt til að kaupa heimilis- og húseigendatryggingu ásamt ferða- og frítímatryggingu. Þetta þýðir að félagsmenn eru tryggðir fyrir öllum helstu óhöppum, sem þeir sem einstaklingar eða fjölskyldur þeirra geta lent í. Einnig verður keypt líf- og slysatrygging fyrir félagsmenn þar sem makar og börn eru einnig tryggð. Þessar tryggingar fyrir alla félagsmenn kosta EL & IT 1.870 kr. pr. félagsmann á mánuði. Samsvarandi tryggingar myndu kosta einstaklinga mismunandi eftir kyni og hvar þeir búa í Noregi, sem dæmi þá var nefnt að fyrir 35 ára gamlan fjölskyldumann sem ætti heima í Osló myndu þessar tryggingar kosta 5.988 kr. á mán. og fyrir 45 ára konu með fjölskyldu sem ætti heima í Þrándheimi myndu þessar tryggingar kosta 8.712 kr. á mán. Mismunurinn á einstaklings- og hóptryggingu byggist á nokkrum atriðum eins og hefur komið áður fram í RSÍ blaðinu. Í fyrsta lagi kostar sala og auglýsingar á tryggingum tryggingarfélögin mikið, áhættudreyfing í stórum hópum verður strax rétt, innheimtukostnaður er einnig mikill.

Taugaveiklun í verkalyðshreyfingunni

Í ræðum á þinginu kom fram að þessi sameining hafi valdið nokkurri taugaveiklun hjá sumum forystumönnum stéttarsambanda innan ASÍ í Noregi. Það er mjög líkt því sem við í RSÍ höfum upplifað hér heima. Sumir af þingfulltrúum vildu frekar líkja þessu við afbrýðisemi. Full ástæða væri til þess að benda forystumönnum innan norska ASÍ á að töluverður hluti af þeim nýju störfum, sem hafi myndast vegna þróunar í tölvu- og upplýsingageiranum, hafi fallið utan kjarasamninga og mikið gert af einstaklingsbundnum samningum. Þessum starfsmönnum hafi verið haldið utan stéttarfélaga.

Verkalyðshreyfingin er veik á þessum svæðum og aðgerðir sumra forystumanna innan ASÍ í að koma í veg fyrir skipulagsbreytingar í rafiðnaðargeiranum, hafa í raun komið í veg fyrir að þessir launamenn vildu vera í verkalyðshreyfingunni. Þetta hafi valdið vaxandi vandræðum í samböndum rafiðnaðarmanna vegna þess að einstaklingsbundnir samningar drógu niður umsamin kjör. Ný tækni hefur verið að ryðja sér rúms á nýjum svæðum á vinnumarkaðinum og nú hafi stefnan verið sett á að byggja upp nýtt samband, sem taki mið af þeirri þróun sem er að eiga sér stað á vinnumarkaðinum. Skipulag EL & IT sambandsins taki mið af núverandi skipulagi á vinnumarkaðinum í dag, ekki hvernig það var þegar stéttarfélögin voru stofnuð í byrjun þeirrar aldar sem nú sé að kveðja. Ætlunin er að hafa litla yfirbyggingu og virkt samband þar með þátttöku félagsmanna í ákvarðanatöku.

Skyndilega í sambandi þar sem eru 5000 konur

Á þinginu var samþykkt ályktun um að allir eigi að hafa rétt til þess að sækja þá starfsmenntun sem þeir óska. Launamenn eigi að hafa rétt til þess að verja ákveðnum tíma á hverju ári til þess að bæta menntun sína. Framtíðarþjóðfélagið muni í vaxandi mæli grundvallast á þekkingu launamanna. Það á ekki að líðast að skammsýnir atvinnurekendur eða starfsmenn atvinnurekendasambanda komist upp með að taka sér þau völd að ákvarða einhliða hvort og hvaða eftirmenntun launamenn sækji. Einnig var ályktað um að endurnýjanlega orkugjafa. Fram komu áhyggjur yfir hvernig mæta eigi sívaxandi orkuþörf. Hvatt var til þess að unnið væri að endurbótum á vatnfallsorkuverum og bætt við fleirum, en þó í fullri sátt við náttúruverndarsjónarmið.

Í ræðum sumra félagsmanna rafiðnaðarsambandsins kom fram að það væri þeim nýlunda að vera skyndilega komnir í samband þar sem væri með yfir 5000 konur sem félagsmenn. Á göngunum heyrðust umræður um að sumar af tillögum konanna kæmu rafiðnaðarmönnum á óvart, þeir væru ekki vanir því að fjalla um svona mál á sínum þingum. Þar væru á ferðinni mál sem þeir töldu ekki falla undir fagpólítík en aftur á móti settu konurnar fram tillögur, sem útilokað væri að standa gegn eða fella. Jafnvel þó þú teldir að málið ætti ekkert heima á stéttarpólítísku þing.

Norræna sambandið.

Norrænu rafiðnaðarsamböndin standa að Nordisk El-Federation (NEF). Í samböndunum eru 150 þús. rafiðnaðarmenn. Þeim hefur fjölgað þó nokkuð vegna þess að Noregi og Íslandi hafa samtök starfsfólks símafyrirtækjanna gengið í rafiðnaðarsamböndin og í sumar mun það sama gerast í Danmörku. Í báðum tilfellum er um að ræða um 15 þús. manna samtök allra starfsmanna þessara fyrirtækja. Þetta þýðir verulega breytingu í þessum samböndum, þó ekki væri bara vegna þess að um 2 x 7.000 konur eru nú að koma inn þessi karlasamfélög okkar.

Það hefur ætíð verið mikið samstarf milli norrænu rafiðnaðarsambandanna, það skiptir ekki máli hvar á norðurlöndunum rafiðnaðarmenn starfa, þeir njóta fullra réttinda innan viðkomandi sambands, sama má segja um námskeiðahald, þannig er mikið samstarf á milli fræðslumiðstöðva sambandanna. Í vissu tilliti má segja að hvert hinna norrænu rafiðnaðarsambanda sé sjálfstætt starfandi deild innan NEF. Á þingum erlendis heyrst það oft að samtök norræna rafiðnaðarmanna séu best skipulögðu stéttarfélagasamtök í heiminum.

Norræna sambandið hefur unnið mikið starf við að hjálpa rafiðnaðarsamböndum Eystrasaltslandanna við uppbyggingu innra starfs. NEF hefur t.d. sent tölvur til þeirra þegar tölvubúnaður hefur verið endurnýjaður á skrifstofum norrænu rafiðnaðarsamtakanna. Einnig höfum við veitt rafiðnaðarsambandi Rússlands margháttada aðstoð. Formenn rafiðnaðarsambandanna skiptast á formennsku í NEF núverandi formaður er formaður danska sambandsins Erik Andersson.

Undanfarin ár hefur í vaxandi mæli þess gætt að fyrirtæki í byggingariðnaðinum vilji nota undirverktaka sem nýta sér starfsmenn frá Austur-Evrópulöndum. Þessum starfsmönnum eru greidd mun lægri laun en tíðkast í Vestur-Evrópu. Útborguð laun geta verið svipuð og lægstu taxtar en þessir starfsmenn eru ekki tryggðir og ekki eru greidd nein launatengd gjöld. Ekki eru greiddir skattar, ekki í lífeyrissjóði og þannig má lengi upp telja. Í Austur-Evrópulöndunum er umtalsvert atvinnuleysi og mikil samkeppni milli manna að komast í vinnu. Ef við berum þetta saman við íslenskar aðstæður þá gæti hér verið að ræða um laun til Austur-Evrópumanns um 600 kr. á tímann sem er um tvöfalt hærra en honum hugsanlega stæði til boða í heimalandi. Ef fyrirtækið ætlaði að nota íslenskan starfsmann þyrfti það að greiða a.m.k. 50% meiri kostnað vegna launatengdra gjalda. Oftast er hér um ræða stór verkefni sem greidd eru af skatttekjum viðkomandi lands.

Í Austur-Evrópulöndunum eru aftur á móti vandamálið að sömu fyrirtækin eru að ná til sín samningum í hinu miklu uppbyggingu sem á sér stað þar. Þau ná verkefnunum til sín vegna yfirburða í tæknilegri getu, sem þau bjóða síðan verkefni út til innlendra undirverktaka. Þeir taka þau að sér á lágmarksgjaldi í villtri samkeppni um verkefnin, en stóru erlendu fyrirtækin flytja svo allan hagnað í burtu og ekki er nokkur aðstaða til þess að innlend fyrirtæki geti byggt sig upp.

Þetta er ástand veldur því að laun í byggingariðnaði í báðum hlutum Evrópu hækka ekki, og er helsta ástæða vaxandi undiröldu óánægju og jafnvel væringa á milli þjóðarbrota. Þetta er ástæða þess að í kosningum undanfarið hefur fylgi stjórnmalaflokka sem byggja sín helstu stefnumál á því að víkja erlendu vinnuafli úr landinu burt, vaxið gífurlega.

Samtök stéttarfélaganna í Evrópu hafa haldið undanfarið nokkrar ráðstefnur til þess að fjalla um þetta og leitað leiða til þess að vinna gegn þessu. Vestrænu félögin hafa verið umtalsverðum fjárhæðum til þess að byggja upp trúnaðarmannafræðslu og menntun forystumanna stéttarfélaganna í Austur-Evrópu

Enska rafiðnaðarsambandið tekið upp samstarf við NEF. M.a. með sameiginlegum kjarasamningi á olíuborpöllum í Norðursjó. Félagsmenn enska rafiðnaðarsambandsins eru 800 þús. Félagsmenn okkar fá aðstoð frá enska sambandinu starfi þeir á Bretlandseyjum og svo öfugt. Einnig er samstarf á menntasviðinu og við gerð kjarasamninga. Í undirbúningi er að reyna að koma á ráðstefnu á næsta ári þar sem öll samtök rafiðnaðarmanna í Evrópu mæta. Þessi samtök eru í nokkrum mismunandi heildarsamböndum, við erum ásamt norrænu félögunum í evrópska byggingarsambandinu Önnur evrópsk rafiðnaðarsambönd eru í sambandi málmiðnaðarmanna og sum eru í orku- og efnavinnslusambandinu.

Norræna byggingar- og trúnaðarsambandið, NBTF.

Norrænu rafiðnaðarsamböndin eru aðilar að NBTF, sem er aðili að Evrópska byggingar- og trúnaðarsambandinu, EBTF, sem er aðili að Alþjóða byggingar- og trúnaðarsambandinu, IBTF. Árið 1995 tók formaður RSÍ sæti í stjórn í stjórn EBTF. Samband byggingarmanna og Rafiðnaðarsambandið skipta með sér að vera fulltrúar Íslands í þessum stjórnnum. Allur kostnaður af fundarsókn er greiddur af NBTF og EBTF. NBTF hefur undanfarin ár varið töluverðum tíma í að kanna hvernig best sé að bregðast við aukinni frjálshyggju og markvissum árásum stjórnvalda og samtaka atvinnurekenda á samtök launafólks. Samfara þessu hefur verið unnið að því að kanna á hvern hátt verði best barist gegn þessu við samningaborðið. EBTF hefur beitt sér af miklum krafti í Evrópusambandinu í Brussel og oft með góðum árangri. Reyndar er það því miður svo að margar af þeim reglugerðum sem búið er að staðfesta í Brussel og mörgum Evrópulöndunum um bættu stöðu launafólks hefur ekki verið staðfest hér á landi. Er nú svo komið að Ísland stendur verst að vígi gagnvart launafólki.

IBTF beitir sér mjög í uppbyggingu stéttarfélaganna í vanþróuðum löndum, sérstaklega í Afríku og Suður-Ameríku. Það er gert með margháttuðu starfi; þjálfun leiðtoga, skipulagningu aðgerða gegn yfirgangi og mannréttindabrotum alþjóðlegra auðhringa, ungliðþjálfun o.fl. Með því að byggja upp stéttarfélög í þróunarríkjunum er verið að renna stöðum undir framsókn þeirra í kjarabaráttu þannig að launamunur okkar og þeirra minnki. Með því er samkeppnisstaða okkar heimshluta bætt og komið í veg fyrir félagsleg niðurboð. IBTF hefur staðið fyrir sumarskólum ungliða í verkalýðshreyfingunni. Þar er

samkomin fjöldi evrópskra ungliða úr samtökum byggingar- og rafiðnaðarmanna, auk þess er fjöldi ungliða frá Afríku, Asíu og Suður-Ameríku boðið. Á næsta ári verður sumarskóli ungliða okkar í Finnlandi og eru tveim félagsmanna okkar boðin þátttaka.

Hagur RSÍ af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi

Við höfum meiri möguleika á að fá mál tengd okkur á dagskrá og góða möguleika á að hafa áhrif á þá þróun sem á sér stað innan þessara samtaka. Þegar við stofnuðum norræna rafiðnaðarsambandið fjarlægðumst við NBTF. Við eigum samleið með EBTF. Þau hafa unnið mjög mikið og staðið sig virkilega vel að því að ná fram sjónarmiðum okkar í sambandi við tilflutningi á vinnuafli milli landa, þar sem við höfum náð þó nokkrum árangri. Ekkert hinna evrópsku samtakanna skipti sér eins mikið að því máli og EBTF.

Stjórn NEF er sammála um að í náinni framtíð muni samtök rafiðnaðarmanna innan evrópska efnahagssvæðisins mynda með sér heildarsamtök. Það eru nú þegar miklar breytingar í gangi hvað varðar samskiptanet og hvernig samtök starfsmanna símafyrirtækja sækja um aðild að rafiðnaðarsamböndunum. Þessi þróun á eftir að verða mun meiri. Starfsmannafjöldi í þessum geira á eftir að vaxa verulega á komandi árum. Það er okkur nauðsynlegt að hafa aðgang að mótun og skipulagningu verkálýðshreyfingarinnar í Evrópu og það gerum við best í dag með því að vera áfram í NBTF.

Nordisk El-Utbildnings Komité - NEUK

NEUK hefur starfað frá 1974. Þar hittast formenn allra rafiðnaðarsambanda norðurland og formenn allra norrænna sambanda rafverktaka ásamt starfsmönnum sem sinna mennta- og eftirmenntunarmálum. Þetta er einstakt á norðurlöndum, að báðir aðilar eigi með sér svona samstarf. Fyrsta áratuginn einbeitti NEUK sér að því að byggja upp eftirmenntunarstarf og voru það Danmörk og Ísland sem leiddu það starf. Rétt er að benda á að í sumum norðurlandanna eins og t.d. í Danmörku þá eru rafeindavirkjarnir ekki í rafiðnaðarsambandinu, þeir eru í sambandi málmiðnaðarmanna, sama gildir um danska rafvélavirkja.

Starf NEUK hefur mest beinst að grunnnámi norrænna rafvirkja og átti að gera tilraun til þess að samræma það og reyna þá að bæta. Markmiðið var að miða NEUK rafvirkjann við það besta sem þekktist á norðurlöndum, frekar en það sem allir gætu uppfyllt. Það væri hægt að lyfta þeim sem ekki uppfylltu öll skilyrði með því að gera þeim skylt, ef þeir ætluðu að fá NEUKsveinsbréf, að þeir þyrftu til viðbótar við sitt sveinspróf að bæta við sig ákveðnum eftirmenntunarnámskeiðum.

NEUK síðasta áratuginn.

Í vegum norræna rafiðnaðarsambandsins (NEF) hefur starfað menntanefnd, einnig hafa framkv.stj. eftirmenntunarmiðstöðvanna með sér samstarfsnefnd. Þessar nefndir hafa undafarið ár unnið að því að gera aðra tilraun með NEUK rafvirkjann. Lögð hefur verið fram skilgreining á öllum námskrám norrænna rafvirkja og síðan dregið út hvað gæti staðið bak við NEUK rafvirkjann. Það á að halda starfsheitinu eins hátt á lofti og frekast væri hægt.

Það verður að viðurkennast þegar litið er yfir þá þróun sem átt hefur hefur sér stað frá 1980 til dagsins í dag í grunnnámi rafiðnaðarmanna hér á landi þá höfum farið aftur á bak ef eitthvað er, því miður. Næsta NEUK ráðstefna verður á Íslandi í september í haust þar verður vonandi endanlega NEUK rafvirkinn samþykktur.

Mikil umræða er um það vandamál hversu erfiðlega gengur að fá nægilega marga og nægilega góða nema í rafiðnaðarnám. Margt veldur því að fáir hefja nám og einnig fáum við ekki nægilega gott fólk. Verulegur hluti nema hverfur frá námi vegna þess að laun lærlinga eru mjög lág og þeim stendur til boða mun betur launuð vinna í stórmörkuðum eða í hamborgarasjoppum. Ein ástæða sem oft heyrst hjá lærlingum er að ekki sé nægilegt félagslíf í verkmenntaskólunum, það sé mikið meira fjör í menntaskólunum. Danir hafa reynt margskonar aðferðir til þess að draga til sín nýja nema og þá sérstaklega stúlkur.

Evrópskur kjarasamningur

Í Evrópska byggingar- og trúnaðarsambandinu (EBTF) eru 42 sambönd frá 16 löndum. 3 eru í EFTA og 13 eru í Evrópska efnahagssvæðinu. Á meðal þessara sambanda eru norrænu rafiðnaðarsamböndin og er formaður RSÍ í stjórn EBTF þetta kjörtímabil. Í Evrópu starfa 9 milljónir launamanna við byggingariðnaðinn og talið er að 26 milljónir séu í störfum sem eru tengd byggingariðnaðinum. Fjölpjóðlegum stórfyrirtækjum fjölga ört, þessi þróun er að verða mjög áberandi í byggingar- og verktakaíðnaðinum. Aukin samkeppni leiðir til niðurboða, sem undantekningalítið bitnar hart á launamönnum, eða minni fyrirtækjum sem eru undirverktakar stóru fyrirtækjanna. Þessi harða samkeppni hefur leitt Evrópska byggingariðnaðinn inn á braut niðurvirkandi spirálþróunar. Þá þróun verður að stöðva er álit EBTF og það verður ekki gert öðru vísi en að samræma kjarasamning og fá sett lög eða tilskipanir þar um á Evrópska efnahagssvæðinu.

Stóru fjölpjóðafyrirtækin valda vandræðum

Stóru byggingarfyrirtækin gæta sinna hagsmuna og skammta undirverktökum eða einstaklingum verkefni á verði sem hefur verið ákveðið. Undirverktakarnir verða að ganga að þessum afarkjörum ef þeir ætla að ná verkefnum. Allur hugsanlegur hagnaður sem myndast lendir þess vegna í vösum stóru fyrirtækjanna. Þetta leiðir til þess að litlu fyrirtækin eiga erfitt með að tæknivæða sig og lenda í sjálfheldu. Þau verða enn bjargarlausari gagnvart fjölpjóða stórfyrirtækjunum. Stóru alþjóðlegu fyrirtækin haga málum sínum á þann veg að erfitt er að staðsetja þau í einhverju ákveðnu landi. Til þess að þurfa ekki að fylgja ákvæðum kjarasamninga, eru gerðir vinnustaða- eða persónulegir samningar. Þar er ekki minnst einu orði á nein félagsleg réttindi eins og t.d. tryggingar, aðbúnað eða orlof. Einungis er samið um laun, það er hægt að greiða lágmarkslaun og gott betur, ef ekki eru greiddar tryggingar, skattar, svo ekki sé nú talað um ef hægt er að losna undan að greiða orlof, veikindadaga eða löghelga frídaga. Þegar verkefnum er lokið þá eru fjölpjóðafyrirtækin á bak og burt og ekki hægt að komast að þeim. Þá uppgötvar launamaðurinn, að ekki hafi verið greidd af honum tilskilinn launatengd gjöld og hann stendur uppi réttindalaus og fær jafnvel ekki atvinnuleysisbætur eða aðrar bætur.

Frumdrög að sameiginlegum kjarasamning

Á stjórnarfundum í EBTF í Luxemborg 1. og 2. desember voru lögð fram frumdrög sameiginlegs kjarasamnings alls sambandsins. Þar er tekið á ákveðnum grundvallaratriðum eins og vinnutíma, orlofi, tryggingum og ýmsum lágmarksákvæðum um félagsleg réttindi. Ætlunin er að koma þessum atriðum síðan í lög eða þeim komið á með tilskipunum í Evrópuráðinu. Með þessu er samkeppnisstaða jöfnuð og böndum komið á fjölpjóðafyrirtækin. Búast má við að atvinnurekendasmötökin snúist gegn þessu, þó þarna sé á ferðinni augljóst hagsmunamál mikils meirihluta fyrirtækjanna. Þar á bæ stjórna stóru fyrirtækin. Á stjórnarfundinum var rætt um að launþegasamböndin þyrftu að vinna markvisst að samræmingu kjarasamninga. Þessi umræða er að hefjast í EBTF, þannig að ætla má að nokkur tími líði þar til að þessari vinnu ljúki.

Í umræðum um gerð sameiginlegs samnings hefur komið fram að gæta verði að sjálfstæði hvers landssambands. Í Evrópulöndunum er vinnutími mismunandi, allt frá 36 klst. á viku í Hollandi upp í 45 klst. í Grikklandi. Þetta jafngildir 350 klst á ári eða 10 vinnuvikum. Byggingarmenn frá löndum í mið- og austur Evrópu hafa sótt til nágrannalandanna eftir verkefnum. Þeir vinna í 14 tíma á dag 7 daga í viku og eru svo sendir heim þegar verkinu er lokið.

Tryggja þarf að greiðslur berist í sjóði sem eiga að standa undir lágmarkskjörum eins og t.d. í sumum löndum fara allar greiðslu vegna orlofs fram úr þessum sjóðum. Mikill munur er á reksturskostnaði heimila og þó svo að komast megi af með lág laun í einu landi, getur launamaður t.d. í Norður-Evrópu getur ekki framfleytt fjölskyldu sinni á sömu launum og hægt er annarsstaðar. Grundvallaratriði er að sömu launakjör gildi um sömu vinnu á sama svæði.

Sameiginlegur samningur á að taka til vinnustundafjölda, lágmarksorlofs og námsorlofa.

Heildarvinnutíma starfsævinna á að vera getið og fjalla um flýtt starfslok og hlutastörf fyrir fullorðna. Heildarvinnustundafjöldi á ári á að vera 1750 klst. Þar eru tapaðar vinnustundir vegna yfirvinnu, veikinda og vondra veðra innifaldar, en ekki orlof eða námsorlof og löghelgir frídagar. Yfirvinnu skal greiða með frítökurétti. Unnir yfirvinnutímar mega ekki fara yfir 100 klst. ári. Setja á fram kröfur um að í Evrópuráðinu verði ákvörðun frá árinu 1993 um 48 klst. hámarksvinnustundafjölda á viku lækki í 44 klst. Byggingarmenn sem hafa náð 60 ára aldri eiga að hafa lögvarðan rétt til hlutastarfs eða flýttara

starfsloka. Þeir eiga að hafa eftirlaun sem tryggja þeim svipaða afkomu áfram.

Viðhorf stjórnarmanna EBTF

EBTF á að skapa greiðar upplýsingaleiðir milli sambandanna þar sem aðgangur er að öllum upplýsingum hjá landssamböndunum um laun og starfskjör. Skrifstofa EBTF sambandsins á setja saman lista um öll bestu ákvæði sem er að finna í kjarasamningum aðildarsambandanna. Þennan lista á að endurskoða árlega.

Í umræðum á stjórnarfundinum taldi fulltrúi franska sambandsins markmiðin ekki nægilega háleit.

Ítalski fulltrúinn taldi að markmið landssambandanna væru svo misjöfn og breyttust svo ört, að óraunsætt væri að ætla sér að setja fram sameiginlega stefnu. Fráleitt væri að að ímynda sér að hægt sé að ná inn í samning eða lög, að byggingarmenn fari á eftirlaun eða eigi rétt á hlutastarfi við sextugt. Nær væri að leggja áherslu á öryggismál.

Hollenski fulltrúinn vildi að í samningnum væru ákvæði um verkfallsrétt byggingarmanna, þó svo þeir kæmu frá mörgum landssamböndum, annars væri líklegt að ekki væri tekið mark á honum. Hann sagðist vilja nota orð Martins Luther Kings "I have a dream" um þennan samning og sagði að hér frammi á gangi við ljósrítunarástæðna væri stórt skilti sem segði að Evrópusambandið notaði 7.080.000 kg. af pappír á ári, sem samsvari 212.612 trjám. Hvatt er til þess að fólk nýti pappír vel og sparaði hann. Það skapar atvinnu fyrir skógarhöggsmennina í okkar samböndum, en ég vil ekki sjá þetta plagg verða af einhverjum óþarfa sem ekki næst samstaða um.

Í ræðu Jans Kramers, framkvæmdastjóri sambandsins, kom fram að við ættum að nýta okkur meir þann möguleika í Evrópuráðinu að koma þar fram tilskipunum eða lögum um bætt kjör okkar félagmanna það kæmi í veg fyrir að niðurboð væru auðveld. Það vantar frekari markmið í þessi drög um aukna menntun og námsleyfi, sagði hann. Víða er verið að krefjast betri byggingarmanna vegna aukinnar tæknivæðingar. Við eigum að fylgja því eftir með áætlunum um hvernig bæta megi menntun okkar fólks.

LÍFEYRISSJÓÐURINN LÍFIÐN

Árið 1997 var fyrsta starfsár sjóðsins eftir samruna lífeyrissjóðs rafiðnaðarmanna, lífeyrissjóðs matreiðslumann og lífeyrissjóðs framreiðslumanna.

	1996	1997	1998
Ellilífeyrir	21.457.452	36.428.903	50.351.044
Örorkulífeyrir	20.122.659	37.252.593	37.514.519
Makalífeyrir	14.726.124	19.553.549	21.453.789
Barnalífeyrir	2.527.403	3.462.087	4.305.690
Samtals	58.833.638	96.697.132	113.625.042
Lán til sjóðfélaga	114.692.448	114.355.000	135.287.003
Innkominn iðgjöld	45.	634.398.870	807049.479

Grundvallarlaun Lífeyrissjóðsins Lífiðnar er nú kr. 71.736- á mánuði. Samkvæmt reglugerð sjóðsins skal gera tryggingafræðilega úttekt á hverju ári.

STYRKARSJÓÐUR RAFIÐNAÐARMANNA.

Styrktarsjóðurinn greiðir félagsmönnum bætur og styrki vegna veikinda og slysa, eftir að greiðslum frá atvinnurekenda lýkur. Þá greiðir sjóðurinn einnig útfararkostnað, dánarbætur og styrkir sjóðfélaga sem þurfa að fara sjálfir eða með einhvern úr fjölskyldu sinni til lækninga fjarri heimilum til Reykjavíkur eða erlendis. Einnig tekur sjóðurinn þátt í greiðslum vegna sjúkranudds og sjúkraþjálfunar. Greiðslur úr styrktarsjóð hafa vaxið verulega undanfarin ár. Til þess eru nokkrar ástæður, réttindi félagsmanna hafa verið kynnt þeim ítarlega á fundum og í RSÍ-blaðinu, einnig hefur meðalaldur félagsmanna vaxið umtalsvert undanfarin ár. Fyrir nokkrum árum voru ekki margir félagsmenn í aðildarfélögum RSÍ yfir 40 ára, þeir voru undantekningalítið orðnir atvinnurekendur.

Greiðslur úr sjóðnum skiptast þannig:

Styrkir	1995	1996	1997	1998
Sjúkrabætur	6.044.691	7.022.497	7.164.797	21.611.314
Dánarbætur og jarðarfarir	2.711.902	4.519.485	892.710	3.587.200
Sjúkranudd og sjúkraþjálfun	883.989	726.243	912.103	1.299.684
Frjósemisaðgerðir		760.000	525.000	382.670
Bætur til atv.lausra	1.844.444	136.679	0	0
Líkamsr. og forvarnarstarf	1.139.601	527.006	711.519	1.459.022
Aðrir styrkir	2.911.194	1.831.071	2.252.454	3.213.617
Samtals	15.535.821	15.522.981	12.458.583	31.553.507

Í dag greiðir sjóðurinn bætur sem eru 80% af meðallaunum. Þessi ákvörðun var tekin á síðasta ári og hefur haft umtalsverða aukningu á útgjöldum sjóðsins í för með sér.

Styrktarsjóður rafiðnaðarmanna hefur greitt styrki vegna fæðingarorlofs árabil.

Þegar fyrrum rafiðnaðarmenn sem voru innan BSRB fóru að færa sig yfir til Rafiðnaðarsambandsins kom fljótlega í ljós, að það ríkti misræmi milli þeirra sem eru innan ASÍ stéttarfélaganna og þeirra sem eru í BSRB stéttarfélagunum vegna greiðslna í fæðingarorlofi. Þá var ákveðið af miðstjórn RSÍ að jafna þetta misvægi með greiðslum frá Styrktarsjóð rafiðnaðarmanna, en jafnframt hefur í undanförunum kjarasamningum ítrekað verið reynt að koma samningamönnum Fjármálaráðuneytis í skilning um þá mismunum sem gildi milli launamanna velji þeir sér það hlutskipti að vilja frekar vera í

stéttarfélagi innan ASÍ en BSRB. Þetta hefur verið gert ítrekað fyrir fullkomlega skilningslausum samningamönnum Fjármálaráðuneytis.

Konur sem eru í stéttarfélagum innan ASÍ eiga rétt á um 73 þús. kr. greiðslu á mán. frá almenna tryggingarkerfinu, sem skiptist í fæðingarstyrk um 34 þús. kr. á mán og fæðingardagpeninga um 39 þús. kr. Kona á almennum vinnumarkaði á rétt á þessum greiðslum í 6 mánuði. Við nýlegar breytingar á þessum lögum þá á karlmaðurinn á almennum vinnumarkaði rétt til þess að fá þessar greiðslur, þó þannig að hann getur fengið fullar bætur í tvær vikur. Vilji hann vera lengur fær hann einungis fæðingardagpeninga og konan glatar þá í jafnlangan tíma hvort tveggja fæðingarstyrk og fæðingardagpeningum. Þannig að í því tilfalli glata foreldrar fæðingarstyrknum.

Félagskonum innan Rafiðnaðarsambandsins sem eru í fæðingarorlofi, hefur verið greiddur styrkur sem nemur mismun á þeim greiðslum sem þær eiga rétt á frá almenna tryggingarkerfinu og 80% af meðallaunum þeirra næstliðnum 3 mánuðum fyrir orlofið. Við breytingu á lögum vegna fæðingarorlofs þá fengu karlmenn rétt til tveggja vikna sambærilegs orlofsréttar og konur. En þeir hafa að auki þann rétt að geta tekið hluta af fæðingarorlofi konunnar, en þá glatast réttur til fæðingarstyrks og hann fær einungis fæðingardagpeninga. Í framhaldi af þessu var ákveðið af miðstjórn RSÍ að þeir nýorðnir feður sem eru félagsmenn í RSÍ njóti sömu réttinda vilji þeir fara í tveggja vikna fæðingarorlof. Styrkurinn er reiknaður út á sama grunni og til kvenna, þ.e. hann er mismunur á greiðslum frá almenna tryggingarkerfinu og 80% af meðallaunum næstliðinni 3ja mánaða.

NIÐURLAG.

Í skýrslu um starfsemina er að sjálfsögðu ekki hægt að gera grein fyrir öllum þeim málefnum sem unnið hefur verið að, heldur eru aðeins nefnd helstu verkefni. Í landsfélagi er nauðsynlegt að birta ítarlegar skýrslur svo þeir félagsmenn sem ekki komast til aðalfundar, eigi þó kost á því að kynna sér til nokkurrar hlítar starfsemina. Við skráningu sögu FÍR kom í ljós að góðar árskýrslur eru langbestu og aðgengilegustu heimildir söguritara því er lögð á það áhersla að vanda til árskýrslna innan RSÍ.

Eins og fram kemur í skýrslunni snýst starfsemi nútíma verkalýðsfélags ekki einungis um gerð kjarasamninga og innheimtu á gjöldum. Lifandi þróttmikil starfsemi á að skapa félagsmönnum og fjölskyldum þeirra leið til öruggara og fyllra lífs. Eitt af þeim markmiðum sem núverandi stjórn setti sér, var að efla félagslíf og gera eignir sambandsins aðgengilegri félagsmönnum og fjölskyldum þeirra.

Rafiðnaðarsamband Íslands hefur á undanförunum árum vakið athygli margra ekki bara hér á hér á landi, heldur einnig á hinum norðurlandanna vegna skipulags síns og hvernig tekist hefur að halda lifandi starfi með þátttöku félagsmanna langt umfram það sem þekkist hjá öðrum stéttarfélagum. Sérstaka athygli hefur vakið árangur sambandsins á sviði mennta- og starfsréttindamála, sem hefur leitt til betri launakjara og betra atvinnuástands en þekkist annarsstaðar. En einnig er rétt að benda á orlofs-, sjúkrasjóðs- og lífeyrismál í öllum þessum er RSÍ leiðandi.

Þetta kallar á mikið starf, starf sem ekki er einungis unnið af örfáum starfsmönnum sambandsins, heldur einnig fjölmörgum stjórnar-, nefndar-, og trúnaðarmönnum sambandsins. Ég vill fyrir hönd miðstjórnar þakka mikið og óeigingjarnt starfs þessara manna og sjálfur vill ég þakka fyrir að fá að starfa fyrir þetta fólk. Einnig er rétt að senda mökum og fjölskyldum þessara manna þakkir og kveðjur.

Guðmundur Gunnarsson 20. apríl 1999.